**ALEXANDER BRIDDER**

*Smíðar listaverk úr smíðajárnsafgöngum*

heilsa heimili

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**LÚÐVÍK OG ÞÓRDÍS GEIRSBÖRN**

*Mætast á golfvellinum*

Hola í höggi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júní 2007 — 164. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Ströngust listgreina**

Rafael Grigorian kennir í Klassíska listdansskólanum.

MENNING 26

**Kolviður í útrás**

„Mörg önnur lönd eru heppilegri til að rækta skóg ef markmiðið er að vinna gegn gróðurhúsaáhrifum,“ skrifar Stefán Jón Hafstein, sem telur að Íslendingar eigi að kaupa regnskóg.

Í DAG 16

**Hreiðurgerð í þvottahúsi**



Maríuerlur hafa hreiðrað um sig í þvottahúsi einu í Norðlingaholti og búa sig nú undir að koma fjórum ungum upp.

FÓLK 38

**Fékk nýrnasteinakast**

Guðmundur Guðmundsson aðstoðarlandsliðsþjálfari horfði á leik Íslands og Serbíu á spítala þar sem hann var lagður inn kvöldið fyrir leik.



ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI EÐA HAFGOLA** Í dag verður hægviðri eða hafgola. Skýjað með köflum, sýnu bjartast austan til á landinu. Hætt við þokulofti með norðurströndinni. Hiti 10-18 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4








GLUGGAGÆGIR Í SUMARSTARFI Á ALÞINGI Þakgluggar Alþingishússins voru aftur settir á sinn stað í gær. Þá þurfti að fjarlægja um tíma vegna viðgerða á þakinu. Iðnaðarmenn sáu til þess að þeir kæmust óbrotnir upp á þak og fengu um leið að njóta nýstárlegs útsýnis gegnum glugga Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sigaði hundi á lögregluna

**Doberman-hundar voru notaðir til þess að hindra aðgang lögreglu að kannabisræktun á bæ í Þykkvabænum. Einn hundanna beit lögreglumann.**

**LÖGREGLUMÁL** Kalla þurfti út aukalið lögreglumanna frá Reykjavík og Selfossi, þegar kannabisræktun var gerð upptæk í Þykkvabænum á föstudagskvöld. Þremur doberman-hundum var sigað á lögregluna sem var á staðnum og beit einn þeirra lögreglumann.

Á föstudagskvöld var haldinn dansleikur í héraðinu og fékk lögreglan á Hvolsvelli lögreglumenn frá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að aðstoða við hefðbundið eftirlit. Jafnframt var ákveðið að skyggnast um eftir marijúanaræktun á bæ í Þykkvabænum, en lögreglunni á Hvolsvelli höfðu borist ábendingar um að slíkt kynni að vera í gangi.

Þegar lögreglumenn frá Hvolsvelli og fíkniefnadeildinni komu á vettvang var þar fyrir einn maður með þrjá hunda. Hann sigaði þeim umsvifalaust á lögreglumennina með þeim afleiðingum, að einn hundanna beit lögreglumann í lærið. Lögreglumaðurinn slapp þó við meiri háttar meiðsl.

Þegar þessi staða var komin upp var kallað á liðsauka frá lögreglunni á Selfossi. Þá voru lögreglumenn úr sérsveit Ríkislögreglustjóra kallaðir á staðinn. Jafnframt var fengin heimild til húsleitar. Samtals 52 kannabisgræðlingar fundust sem voru ræktaðir í þar til gerðum geymsluhólfum við bæinn.

Maðurinn, sem sigaði hundunum á lögregluna, var gestkomandi á bænum og var hann einn heima þegar lögregluna bar upphaflega að garði. Eftir að liðsauki hafði borist kom annar maður akandi að bænum, en hann mun vera húsráðandi þar og góðkunningi lögreglu. Mennirnir voru báðir handteknir, en þeir látnir lausir að loknum yfirheyrslum. Húsráðandi var grunaður um akstur undir áhrifum lyfja, auk þess sem hann hefur játað að eiga kannabisplönturnar. Samtals voru að störfum þarna níu lögreglumenn frá fjórum embættum þegar mest var.

Þetta er í þriðja skiptið sem lögreglan tekur marijúanaplöntur á þessum bæ á átta mánaða tímabili. Í fyrsta skiptið tók lögreglan svipað magn og um tíu plöntur í annað skiptið.

„Við höfum hert eftirlit og aðgerðir gegn málum af þessu tagi hér í héraðinu,“ segir Sveinn Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli. „Við fáum aðstoð frá fíkniefnadeildinni í Reykjavík, svo og leitarhunda frá Ríkislögreglustjóra. Við erum með úrvalslið, sem skiptir öllu máli.“ - jse

HSÍ vill að Alfreð Gíslason haldi áfram með landsliðið:

# Leggst undir feld

**HANDBOLTI** Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, segir það skýran vilja sambandsins að hafa Alfreð Gíslason áfram sem þjálfara handknattleikslandsliðsins.

Alfreð segist hafa áhuga á að þjálfa áfram en efast um að hann hafi tíma fyrir starfið. Hann bað um frest til að íhuga málið og hefur HSÍ samþykkt beiðni Alfreðs. Hann mun því leggjast undir feld í fríinu og í kjölfarið greina frá ákvörðun sinni. - hbg / sjá síðu 34

Æðstu yfirmenn Alcan hafa boðað komu sína til Þorlákshafnar í Íslandsheimsókn:

# Íslenskt félag hefur forgang

**VIÐSKIPTI** Sveitarfélagið Ölfus á í einkaviðræðum við íslenska ráðgjafarfyrirtækið Arctus ehf., félags meðal annars í eigu Jóns Hjaltalíns Magnússonar, um lóð vegna byggingar áltæknigarðs í Þorlákshöfn.

„Við höfum veitt þeim [Arctus] vilyrði fyrir lóð, sem gildir í allt að átján mánuði,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss. Á þeim tíma mun sveitarfélagið samkvæmt samkomulaginu hvorki hefja viðræður við aðra aðila né úthluta öðrum lóðum til annarra er lúta að uppbyggingu álvers innan marka sveitarfélagsins. Rennur það út um mitt ár 2008.

Ólafur Áki segir að yfirmenn Alcan hafi haft frumkvæði að viðræðum við sveitarfélagið eftir að tillaga um stækkun álversins í Straumsvík var felld. „Við höfum kynnt þeim það sem við höfum upp á að bjóða og gert þeim fulla grein þessu vilyrði sem við höfum veitt Arctus.“

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, segir að ekki sé ólíklegt að ferð yfirmanna Alcan til Íslands vegna stjórnarfundar á morgun verði notuð í fleira. Ekki sé enn búið að ákveða dagskrá heimsóknarinnar endanlega. - eþa /- bj








Nýr og spennandi bókaflokkur um ævintýri Kótós. Lærðu að teikna í leiðinni.

Edda edda.is

## SPURNING DAGSINS



*Raggi, tókstu við viðurkenningunni með hangandi hendi?*

„Nei, ekki í þetta sinn.“

Raggi Bjarna var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 við hátíðlega athöfn í Höfða á sunnudag.

Arnar Valur Valsson dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir manndrápstilraun:

# Stakk veiðihníf á kaf í bak 17 ára pilts

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt nítján ára pilt, Arnar Val Valsson, í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir tilraun til manndráps og fleiri smærri brot. Hæstiréttur þyngdi þar með fimm ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í nóvember.

Arnar Valur stakk sautján ára pilt í bakið með rúmlega fjórtán sentimetra löngum veiðihnífi í afmælisveislu fórnarlambsins í maí í fyrra. Arnar hafði þá haft í hótunum við hann allan daginn með símskilaboðum og símtölum.

Arnar mætti í afmælisboð fórnarlambsins í félagi við aðra, einn þeirra var vopnaður hafnaboltakylfu. Við komuna reyndi faðir fórnarlambsins að hrekja mennina á brott en þeir létu ekki segjast. Eftir nokkur átök fyrir utan reyndi maður sem ók Arnari á staðinn að aka einn afmælisgestanna niður. Í kjölfarið stakk Arnar afmælisbarnið í bakið og flúði af vettvangi.



**VEIÐIHNÍFUR** „Ég vildi að hann hefði drepist,“ sagði Arnar Valur við yfirheyrslur þegar hann frétti af líðan fórnarlambsins. Myndin er úr safni.

Hnífsblaðið gekk inn í bakið, á milli hryggtinda, inn í mænugöng og skaðaði taugar. Fórnarlambið hefur ekkert getað unnið eftir árásina auk þess að vera með skerta líkamskrafta.

Arnar játaði verknaðinn við yfirheyrslur, en sagði jafnframt að hann „vildi að [fórnarlambið] hefði drepist“. Hann var dæmdur til að greiða 1,7 milljónir í miskabætur. Auk þess var hann dæmdur fyrir innbrot í bíl og bílstuld. - sh

Fyrstu Schengen-áritanirnar:

# Sendiráð í Kína gefur út áritanir

**UTANRÍKISMÁL** Fyrsta íslenska sendiráðið sem gefur út vegabréfsáritanir til ferðalaga á Schengen-svæðinu er sendiráð Íslands í Peking í Kína.

Sérstök deild sér um útgáfu áritananna, og tók hún til starfa 15. júní síðastliðinn. Fyrstu áritanirnar fékk átján manna kínversk sendinefnd sem á að ræða fríverslun milli landanna, samkvæmt tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

Frá því Íslendingar hófu þátttöku í Schengen-samstarfinu hafa allar vegabréfsáritanir Íslands verið gefnar út af sendiráðum annarra ríkja. - bj

Hálfþrítugur maður ákærður:

# Reif fólk úr bílum og ók burt

**DÓMSMÁL Hálfþrítugur maður hefur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur verið ákærður fyrir að hafa í maí 2005 þvingað tvær manneskjur út úr bílum sínum með ofbeldi og hótunum og ekið bílunum á brott.**

**Ók hann á miklum hraða allt til Mosfellsbæjar. Þar missti hann stjórn á bílnum á hringtorgi og ók á tré. Við það stöðvaði kona sem sá óhappið bíl sinn, en maðurinn beið ekki boðanna heldur dró hana út úr bílnum, settist upp í hann og ók á brott. Konan meiddist nokkuð. Krafist er refsingar yfir manninum, en til vara að hann verði vistaður á viðeigandi stofnun.** - sh

Níu teknir fyrir lyfjaakstur:

# Átta tilvik tengd Bíladögum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði níu ökumenn grunaða um akstur undir áhrifum lyfja frá fimmtudegi þar til í gærkvöldi. Átta af níu voru að koma af Bíladögum á Akureyri, að sögn lögreglu.

Lögreglan stöðvaði um kvöldmatarleytið í gær karlmann á þrítugsaldri sem grunaður er um að hafa ekið undir áhrifum kókaíns og kannabisefna. Hann var stöðvaður vegna hraðaksturs.

Tólf aðrir ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í gær, sá sem hraðast ók var mældur á 146 kílómetra hraða. - bj

## SJÁVARÚTVEGUR

### Karfastofninn í slæmu ástandi

Leyfðar verða veiðar á fimmtán þúsund tonnum af úthafskarfa í síldarsmugunni á tímabilinu 1. september til 15. nóvember. Þetta er niðurstaða fundar Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar sem er nýlokið. Stofninn er sagður í slæmu ástandi.

# Hálendisvegir taldir hafa neikvæð áhrif á náttúruna

**Landvernd vill stöðva frekari gerð uppbyggðra vega á hálendinu og takmarka aðra vegagerð eins og kostur er. Kallað er eftir heildstæðri áætlanagerð stjórnvalda. Vilja að miðhálendið verði víðfeðmt vegalaust svæði.**

**UMHVERFISMÁL** Stöðva ber frekari gerð uppbyggðra vega á hálendinu vegna neikvæðra áhrifa á náttúru, landslag og víðerni. Takmarka skal lagningu annarra vega eins og kostur er. Þetta er mat þverfaglegs vinnuhóps Landverndar sem hefur unnið grunn að stefnu félagsins um hálendisvegi. Gagnrýnt er í skýrslu vinnuhópsins að heildstæða sýn „í vegagerð á hálendinu er ekki að finna í áætlunum stjórnvalda“.

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir afar brýnt að stjórnvöld móti heildstæða stefnu vegna vegagerðar á hálendinu. „Það er mikilvægt að ríkisstjórnin noti kjörtímabilið til að móta stefnu um hálendið og vinna landskipulag sem hefur náttúruvernd að leiðarljósi.“

Bergur segir það sérstakt ánægjuefni að Kristján L. Möller samgönguráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hafi að undanförnu lýst þeirri skoðun sinni að ekki verði ráðist í uppbyggingu á Kjalvegi, sem er sú vegagerð á hálendinu sem hefur verið mest í umræðunni eftir að einkahlutafélagið Norðurvegur var stofnað 2005. Félagið hefur það markmið að sem fyrst verði ráðist í nauðsynlegar undirbúningsathuganir vegna vegagerðarinnar sem stytta á leiðina á milli Norður- og Suðurlands.

Kristján sagði í pistli í Morgunblaðinu nýlega að ekki stæði til að ráðast í gerð upphækkaðs heilsársvegs yfir Kjöl. Kristján bendir á að í umhverfisskýrslu með tillögu að tólf ára samgönguáætlun sem samþykkt var 2007 er engin samræmd stefna um landnotkun á hálendinu og þar með ekki vitað hvernig vegagerð þar verður háttað.

Í skýrslu Landverndar er lögð áhersla á nauðsyn þess að greint sé á milli ferðamannavega og almennra vega bæði hvað varðar gerð vega og val á staðsetningu. Almennir vegir skulu þá almennt byggðir með það að leiðarljósi að gera vegfarendum og flutningabílum mögulegt að komast fljótt og örugglega á milli áfangastaða.



**Á BÚÐARHÁLSI** Vinnuhópur Landverndar vill stöðva gerð uppbyggðra vega á hálendinu en Háskólinn á Akureyri hefur sýnt fram á ávinning með lagningu slíks vegar yfir Kjöl. MYND/SKÚLI H. SKÚLASON

## ARÐSEMI HÁLENDISVEGAR YFIR KJÖL

- Samfélagslegur ábati er metinn 5,6 milljarðar króna.
- Framkvæmdakostnaður áætlaður 4 milljarðar.
- Arðsemi framkvæmdarinnar 15,3 prósent.
- Sparnaður vegna minni akstsurs: 5 milljarðar.
- Tímasparnaður: 3 milljarðar.
- Nýir ferðmenn: 700 milljónir.
- Sparnaður vegna færri umferðaóhappa: 1,3 milljarðar.
- Jafnframt kom fram að útstreymi C02 mun minnka um allt að 2000 tonn á ári.

*Háskólinn á Akureyri. Útreikningar miðast við 20 ára rekstrartíma.*

## MAT Á VERÐMÆTUM HÁLENDISINS

Hálendið er ríkt af náttúruminjum sem hafa mikið vísindalegt- og þróunarlegt gildi og eru sérstakar á norrænum slóðum.
Þar finnast jarðminjar sem eru einstakar á heimsvísu.
Vatnafar hálendisins er óvenju fjölbreytt og þar blandast saman lindár, dragár og jökulár á sama svæði sem ekki er algengt.
Landslag á hálendinu hefur mikið upplifunar- og fegurðargildi.
*Á hálendinu eru fjölmörg óbyggð víðerni sem er fágætt í Evrópu og en eina verulega stóra samfellda svæðið í Evrópu sunnan heimsskautsbaugs þar sem menn hafa aldrei haft fasta búsetu.*
*Á hálendinu eru gróðurvinjar með verndargildi á heimsvísu.*
*Á hálendinu eru búsvæði fuglastofna sem eru ábyrgðartegundir.*

Ferðamannavegir skulu hins vegar þjóna þeim tilgangi að gera ferðafólki mögulegt að fara í áföngum um áhugaverð svæði sem henta til skoðunar á landslagi og náttúrufari. Vegir á miðhálendi Íslands eiga fyrst og fremst að vera ferðamannavegir og mikilvægt er að þar verði víðáttumikil vegalaus svæði, segir í skýrslunni.

svavar@frettabladid.is


## BÍLL DAGSINS

## NISSAN NAVARA XE DOUBLE CAB

Nýskr. 11.06 - Beinskiptur - Ekinn 7 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Lögregla handtók yfir 700 meðlimi barnaklámhrings:

# Björguðu 31 barni

**LONDON, AP** Yfir 700 manns voru handteknir og 31 barni bjargað þegar flett var ofan af viðamiklum barnaklámhring á netinu að því er bresk yfirvöld greindu frá í gær.

Barnaklámhringurinn var rakinn til spjallrásar á netinu sem kallaðist „Börn, ljósið í lífi okkar“ þar sem finna mátti myndir og myndskeið af börnum sem sættu grófri kynferðislegri misnotkun. Dæmi voru um að hægt var að horfa á misnotkunina á netinu á sama tíma og hún átti sér stað.

Sum barnanna voru aðeins nokkurra mánaða gömul. Rúmlega fimmtán af börnunum sem var bjargað voru í Bretlandi.

Yfirvöld í 35 löndum tóku þátt í rannsókn málsins sem stóð í rúma tíu mánuði. Ekki var greint frá um hvaða önnur lönd væri að ræða nema Kanada, Ástralíu, Bandaríkin og Bretland.



**TIMOTHY DAVID MARTYN COX** NORDICPHOTOS

Rannsókn málsins hófst eftir að yfirvöld í Kanada sendu breskum yfirvöldum upplýsingar í ágúst síðastliðnum um spjallrásina sem 27 ára gamall Breti, Timothy David Martyn Cox, var skráður fyrir.

Við rannsókn á tölvu Cox fundust 75.960 ósæmilegar myndir auk sannana um að hann hefði sent 11.491 mynd til annarra notenda spjallrásarinnar. - sdg

Bandaríkin styðja Palestínu:

# Einangrun Palestínu aflétt

**VESTURBAKKINN, AP Evrópusambandið og Bandaríkin gáfu í gær fyrirheit um að hefja á ný beinan efnahagsstuðning við Palestínu í kjölfar þess að forseti landsins, Mahmoud Abbas, skipaði nýja stjórn á sunnudaginn sem Hamassamtökin eiga ekki aðild að.**

**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, hafði samband við nýjan forsætisráðherra Palestínu, Salam Fayyad, í gær og greindi honum frá því að Bandaríkin hefðu aflétt efnahagslegri og pólitískri einangrun Palestínu, skref sem ætlað er að styrkja hina nýju stjórn í sessi og stöðu Abbas.**

**Efnahagsaðstoð við Palestínu var hætt eftir að Hamas, sem ESB og Bandaríkin skilgreina sem hryðjuverkasamtök, vann óvæntan kosningasigur á Fatahhreyfingunni fyrir rúmu ári.** - sdg

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37389 06/07

## Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 3.090.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Austurlandi | Toyota Selfossi | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Akureyri | Toyota Kópavogi |
|---|---|---|---|---|
| Miðási 2 | Fossnesi 14 | Njarðarbraut 19 | Baldursnesi 1 | Nýbýlavegi 4 |
| Egilsstaðir | Selfoss | Reykjanesbær | Akureyri | Kópavogur |
| Sími: 470-5070 | Sími: 480-8000 | Sími: 420-6600 | Sími: 460-4300 | Sími: 570-5070 |

## GENGIÐ 18.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,06 | 62,36 |
| Sterlingspund | 122,93 | 123,53 |
| Evra | 83,18 | 83,64 |
| Dönsk króna | 11,169 | 11,235 |
| Norsk króna | 10,302 | 10,362 |
| Sænsk króna | 8,817 | 8,869 |
| Japanskt jen | 0,5027 | 0,5057 |
| SDR | 93,64 | 94,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

113,1192

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árni Þór Sigurðsson alþingismaður ætlar að hætta í borgarstjórn í haust:

# Á mitt sumarleyfi eins og flest fólk

**STJÓRNMÁL** Árni Þór Sigurðsson, alþingismaður og borgarfulltrúi VG, hættir í borgarstjórn Reykjavíkur í haust.

Spurður hvers vegna hann hætti í haust en ekki strax segist hann eiga inni réttindi sem hann finnist ástæðulaust að nýta ekki. „Ég á mitt sumarleyfi eins og flest fólk. Ég ætla að taka það og hætti í kjölfar þess,“ segir hann.

Árni, sem þegar hefur látið af störfum í einstökum nefndum borgarinnar, hefur ekki ákveðið hvort hann segi af sér sem borgarfulltrúi eða taki sér leyfi til loka kjörtímabilsins.

Árni er jafnframt varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og býst heldur við að gegna því embætti áfram. Þó sé ekki að fullu ljóst hvort hann geti setið í stjórn sambandsins án þess að vera borgarfulltrúi. „Ég á eftir að fara yfir þetta með þeim á sambandinu.“

Árni bendir á að flokkur sinni eigi einn fulltrúa í ellefu manna stjórn Sambands sveitarfélaga og vilji samflokksmanna sinna standi til að hann gegni áfram varaformennsku. Að minnsta kosti um sinn. „Svo sjáum við til hvernig við getum tryggt okkar stöðu og áhrif þar innan dyra í framhaldinu.“

Árni Þór var kjörinn í borgarstjórn 1994. Þorleifur Gunnlaugsson tekur sæti hans þar. **- bþs**

### ÞINGMENN Í BÆJARSTJÓRNUM

| | |
|---|---|
| Ármann Kr. Ólafsson (D) | Kópavogi |
| Árni Þór Sigurðsson (V) | Reykjavík |
| Björk Guðjónsdóttir (D) | Reykjanesbæ |
| Gunnar Svavarsson (S) | Hafnarfirði |
| Kristján Þór Júlíusson (D) | Akureyri |
| Ragnheiður Ríkharðsdóttir (D) | Mosfellsbæ |

Fyrstu kennarar nýs náms:

## Nemar í tölvutökum útskrifast

**MENNTUN Fyrsti hópur grunnskólakennara var útskrifaður úr tölvutökum í síðustu viku. Námið þykir eitt viðamesta símenntunarverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi, en það er unnið í samstarfi menntasviðs Reykjavíkurborgar og Kennaraháskóla Íslands.**

**Í útskriftarhópnum voru 182 nemendur en nám þeirra fjallar um að samþætta upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu.**

**Kennt er að nota helstu tölvuforrit með höfuðáherslu á að nýta þau í starfi með nemendum. - kdk**



**SAMTVINNAÐUR FERILL** Francois Hollande og Ségolène Royal á meðan allt lék í lyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogapar franskra sósíalista:

## Royal og Hollande að skilja

**FRAKKLAND, AP Leiðtogapar franskra sósíalista, Ségolène Royal og Francois Hollande, hefur ákveðið að skilja. Þau tilkynntu þetta á sunnudagskvöld, að kvöldi kjördags í síðari umferð þingkosninganna í landinu.**

**Royal var forsetaframbjóðandi Sósíalistaflokksins í forsetakosningunum í vor en Hollande er formaður flokksins. Hann þurfti stundum að verja flokkslínuna opinberlega gagnvart lífsförunautnum, sem fór stundum frjálslega með hana í kosningabaráttunni. Einkalíf þeirra og pólitískur frami hefur um langt árabil verið samtvinnað. Þau eiga fjögur börn. - aa**

# Sarkozy fær ótvírætt umboð til umbóta

**Þótt vinstrimenn hafi náð meiri árangri í síðari umferð þingkosninganna í Frakklandi á sunnudag en búist hafði verið við fékk íhaldsflokkur Sarkozys forseta sannfærandi umboð til að hrinda efnahagsumbótaáætlun hans í framkvæmd.**

**FRAKKLAND, AP** Þegar Frakkar flykkjast á ströndina í sumar munu þingmenn sem náðu kjöri í síðari umferð þingkosninganna í landinu um helgina, flestir úr íhaldsflokki Nicolas Sarkozy forseta, þurfa að sitja sveittir í París við að vinna að lagabreytingum sem miða að því að hrinda í framkvæmd boðaðri efnahagsumbótaáætlun forsetans.

Sarkozy virðist hafa ótvírætt umboð til að hrinda þessum áformum í framkvæmd. En þó gæti komið til mótmæla og verkfalla gangi hann of langt.

Fyrstu aðvörunarbjöllurnar hringdu með því að sósíalistar komu mun betur út úr síðari umferð þingkosninganna en búist hafði verið við, auk þess sem Alain Juppé, sem í raun var aðstoðarforsætisráðherra í ríkisstjórninni sem Sarkozy skipaði fyrir skemmstu, náði ekki inn á þing, sem kallar að öllum líkindum á snemmbúna uppstokkun í stjórninni. Juppé boðaði afsögn sína úr stjórninni.

Sarkozy staðfesti Francois Fillon í embætti forsætisráðherra á fundi í gær, daginn eftir að kosningunum lauk. En jafnvel strax í dag, þriðjudag, er búist við að hann muni tilkynna um allt að tíu nýja aðstoðarráðherra, þar á meðal nokkra úr herbúðum stjórnarandstöðunnar, í því skyni að endurspegla „fjölbreytileika“ Frakklands.



**ENDURNÝJAÐ UMBOÐ** Francois Fillon forsætisráðherra var settur í embætti af Sarkozy forseta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrátt fyrir óvænta velgengni vinstrimanna í mörgum kjördæmum stóð Sarkozy, sem tók við embætti 16. maí, uppi eftir þingkosningarnar sem mjög sterkur leiðtogi, með ríkisstjórn, þing og fleiri helstu stofnanir ríkisins örugglega í höndum flokksmanna sinna. Þetta var í fyrsta sinn síðan árið 1978 sem kjósendur staðfestu í embætti sömu stjórn og sat að völdum síðastliðið kjörtímabil. Mun þessi staða auðvelda Sarkozy að hrinda umbótamálum sínum í framkvæmd.

UMP-flokkur Sarkozys fékk 345 af 577 sætum á þjóðþinginu, neðri deild Frakklandsþings. Á síðasta kjörtímabili hafði flokkurinn 359 þingmenn. Sósíalistar fengu 186 sæti og bandalag þeirra við fleiri vinstriflokka samtals 227 sæti, en það var talsvert meira en vænst hafði verið að þeir gætu náð í síðari umferð kosninganna. **audunn@frettabladid.is**

ESB-sáttmáli í brennidepli:

## Þrýst á Pólverja og Breta

**LÚXEMBORG, AP** Fulltrúar Póllands og Bretlands sættu vaxandi þrýstingi á utanríkisráðherrafundi Evrópusambandsins í gær um að láta af andstöðu við áform um nýja, einfaldaða uppfærslu á stofnsáttmála Evrópusambandsins sem koma myndi í staðinn fyrir strandaðan stjórnarskrársáttmála þess.

Ráðherraviðræðurnar í gær voru undirbúningur fyrir leiðtogafund sambandsins sem fram fer í Brussel í vikulokin en Þjóðverjum, sem eru að ljúka formennskumisseri sínu í sambandinu, er mjög áfram um að á leiðtogafundinum takist samkomulag um þetta. „Náist engin málamiðlun, ekkert samkomulag, þá munu allir tapa,“ tjáði þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier blaðamönnum í Lúxemborg. **- aa**

Samtök ferðaþjónustunnar:

## Ferðaþjónusta á Íslandi skilar góðum tekjum

**ATVINNUVEGIR Ísland er mesta ferðaþjónustulandið á Norðurlöndunum. Þetta var meðal þeirra niðurstaðna sem kynntar voru á norrænu ársþingi hótel- og veitingamanna, sem var að ljúka.**



**ERNA HAUKSDÓTTIR**

**Öflun gjaldeyris fyrir þjóðarbúið er langhæst á Íslandi. Hlutfall gjaldeyristekna af ferðaþjónustu er tæp þrettán prósent en á öðrum Norðurlöndum er hlutfallið alls staðar undir fimm prósentum. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þessar niðurstöður glögglega sýna hversu mikilvæg ferðaþjónustan er í íslenskum þjóðarbúskap. - kdk**

Hraðakstur á Vestfjörðum:

## Fór ölvaður að sækja barnið

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Lögreglan á Vestfjörðum stöðvaði tíu ökumenn fyrir of hraðan akstur í síðustu viku. Sá sem hraðast ók var á 168 kílómetra hraða í Staðardal þar sem hámarkshraði er 90. Sekt vegna brots af þessu tagi nemur um 150 þúsund krónum.

Einn ökumaður var stöðvaður fyrir meinta ölvun við akstur á Ísafirði síðdegis á föstudag. Var hann að koma frá því að sækja barn sitt á leikskólann. **- þo**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENDALAUS RÓLEGHEIT**

**Það eru fáar vindörvar á kortinu hér til hliðar enda hægviðri í kortunum, bæði í dag og næstu daga. Reyndar er hann suðvestlægur á annesjum á Vestfjörðum, þetta 5-8 m/s sem telst nú lítið. Næstu dagar verða hægviðrasamir en á fimmtudag eru horfur á úrkomu á leið austur yfir norðanvert landið. Næstu daga verður milt eða allt að 18 stiga hiti til landsins.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Hæg breytileg átt. Skýjað með köflum og þurrt. Hiti 10-14 stig að deginum.**




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C léttskýjað | London | 23°C skúrir | Friedrichshafen | 32°C skúrir |
| Billund | 20°C skúrir | París | 27°C skúrir | Basel | 30°C skúrir |
| Osló | 21°C léttskýjað | Eindhoven | 26°C léttskýjað | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C léttskýjað | Frankfurt | 28°C skúrir | Algarve | 23°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C hálfskýjað | Berlín | 24°C skúrir | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nýr samstarfsaðili!



# ABC-kort

Himinn og haf / SÍA

Við bjóðum Skeljung velkominn sem nýjan samstarfsaðila ABC-korta Netbankans. Skeljungur býður korthöfum ABC-korta 0,5% afslátt af vörum og eldsneyti á Shell stöðvum og að auki rennur 1% af viðskiptum korthafa til ABC-barnahjálpar.



## ABC-kreditkort

Við stofnun ABC-kreditkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Samstarfsfyrirtækin láta 1% af viðskiptum korthafa renna til ABC-barnahjálpar og veita einnig korthöfum góðan afslátt.

## ABC-debetkort

Við stofnun ABC-debetkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. **Öll færslugjöld af kortinu renna til ABC-barnahjálpar.**

## ABC-gulldebetkort

Yfirdráttarvextir ABC-gulldebet eru allt að fjórðungi lægri en hjá stóru bönkunum. **Færslugjald fyrir hverja færslu er 50 kr. og rennur óskipt til ABC-barnahjálpar.**

abc BARNAHJÁLP

Netbankinn

## ABC-barnahjálp

Starf ABC-barnahjálpar snýst um að bæta hag bágstaddra barna. Markmiðið er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálp í formi menntunar og heimila þar sem þess er þörf, auk læknishjálpar, framfærslu og síðast en ekki síst, umhyggju.

**Þú getur sótt um ABC-kortin hjá Netbankanum í síma 550 1800 eða á nb.is.**

Samstarfsaðilar ABC-kortanna eru sérvalin fyrirtæki sem eru leiðandi á markaði á sínu sviði..

BabySam · LYFJA · 66° NORÐUR · Hans Petersen · spron · Veröldin okkar · Pizza Hut · sissa stúdíó · yoga shala

**KJÖRKASSINN**



*Tókst þú þátt í hátíðahöldum vegna 17. júní?*

| | |
|---|---|
| Já | 38,6% |
| Nei | 61,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Spilar þú póker?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Þrjátíu tonna steypubíll valt á Sæbraut í gær:

# Heppinn að sleppa

**SLYS** „Ég var bara heppinn að sleppa svona vel,“ sagði Alexei Trufan, bílstjóri hjá BM Vallá, sem lenti í fremur óþægilegri lífsreynslu í gærmorgun. Hann missti stjórn á steypubíl sem hann ók með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði á ljósastaur og valt síðan á hliðina. Slysið varð á aðrein frá Miklubraut að Sæbraut.

Bíllinn var fullhlaðinn þegar slysið átti sér stað og vó um 30 tonn. Bíllinn lokaði báðum akreinum Sæbrautar og Reykjanesbrautar til suðurs og var Sæbrautinni lokað fyrir allri umferð til suðurs frá Kleppsmýrarvegi í rúmlega tvær klukkustundir.

Tækjabíll slökkviliðsins var kallaður á vettvang til að aðstoða við að ná Alexei úr bílnum. Hann var síðan fluttur með sjúkrabíl á slysadeild en reyndist lítið sem ekkert slasaður.

Steypubifreiðin sem Alexei ók er mikið skemmd og þurfti að kalla til öflugan sextíu tonna krana til að ná henni af vettvangi. **- þo**



**SLAPP VEL** Mildi þykir að enginn varð fyrir bílnum þegar hann valt en fullhlaðinn steypubíll vegur um 30 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tekinn á 140 km hraða

Lögreglan á Egilsstöðum stöðvaði sex ökumenn fyrir of hraðan akstur á sunnudagskvöld. Ökumennirnir voru stöðvaðir á þjóðveginum um Möðrudalsöræfi og voru þeir allir að koma frá Akureyri. Sá sem hraðast ók var á 140 kílómetra hraða.

## ÞÝSKALAND

### Mannskætt rútuslys

Þrettán manns fórust er rúta full af farþegum lenti út af þjóðvegi í grennd við borgina Halle í Mið-Þýskalandi. Að sögn lögreglu slösuðust um 30 manns til viðbótar. Um borð var 48 manna hópur ellilífeyrisþega frá Hopsten í Norðvestur-Þýskalandi.

# Hæstiréttur þyngdi dóm yfir nauðgara

**Stefán Hjaltested Ófeigsson hefur verið dæmdur til samtals fjögurra og hálfs árs fangelsisvistar fyrir tvær nauðganir. Ekki sannað að lyfjum hafi verið beitt segir í dómi frá því í gær. Dæmdur til að greiða fórnarlambi eina milljón króna.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær Stefán Hjaltested Ófeigsson til tveggja ára hegningarauka fyrir nauðgun, og þyngdi Hæstiréttur þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um sex mánuði. Stefán fékk samanlagt fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm fyrir tvær nauðganir.

Í dómi Hæstaréttar segir að sýnt hafi verið fram á að Stefán hafi á heimili sínu haft kynmök við konu sem lagði fram kæru á hendur honum. Það hafi hann gert gegn vilja hennar með valdbeitingu.

Nauðgunin átti sér stað í lok maí eða byrjun júní 2004, en konan sagðist muna atburði kvöldsins slitrótt, og grunaði að henni hafi verið gefið lyf. Það taldist þó ekki sannað.



**STEFÁN HJALTESTED ÓFEIGSSON**

Konan kærði árásina seint í desember 2005. Hún sagði lögreglu að hún hefði ekki treyst sér til að kæra fyrr þar sem henni hafi ekki fundist hún hafa neitt í höndunum, auk þess sem hún hafi verið full sjálfsásökunar.

Önnur kona kærði Stefán fyrir nauðgun í október 2004, og var hann dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í héraðsdómi í nóvember 2005, sem Hæstiréttur staðfesti í júní 2006.

Fram kemur í dómi héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti í gær, að Stefán hafi sagt samfarir hafa farið fram með samþykki konunnar, og að kæra konunnar væri eingöngu til komin vegna fjölmiðlaumfjöllunar um fyrra málið.

Þar sem Stefán hafði áður verið dæmdur fyrir sams konar brot var hann í gær dæmdur til refsiauka. Auk tveggja ára fangelsisvistar var Stefán dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu eina milljón króna í skaðabætur. Hann var einnig dæmdur til að greiða sakar- og áfrýjunarkostnað í málinu, alls tæplega 1,2 milljónir króna.

Vitni báru fyrir dómi að konan hefði hlotið áverka vegna árásar Stefáns. Sjálf lýsti konan því að hann hafi ítrekað slegið hana í mjaðmir og brjóst. Stefán viðurkenndi að hafa slegið konuna, en sagði það hafa verið hluta af leiknum.

Dómurinn taldi frásögn konunnar trúverðuga, og hún styddist við líkamlega áverka, lóstástand og andlega erfiðleika í kjölfar árásarinnar. Í hinum staðfesta dómi héraðsdóms segir að árásin hafi verið alvarleg, og að Stefán eigi sér engar málsbætur.

**brjann@frettabladid.is**

## ATBURÐARÁS NAUÐGUNARMÁLANNA

**Maí eða júní 2004:** Stefán nauðgar fyrra fórnarlambinu.

**27. nóvember 2004:** Stefán nauðgar öðru fórnarlambinu.

**23. mars 2005:** Seinna fórnarlambið leggur fram kæru.

**17. nóv. 2005:** Stefán dæmdur í héraðsdómi fyrir síðari nauðgunina.

**28. desember 2005:** Fyrra fórnarlambið leggur fram kæru.

**15. júní 2006:** Hæstiréttur staðfestir sektardóm vegna síðari nauðgunarinnar.

**20. desember 2006:** Stefán dæmdur í héraðsdómi fyrir fyrri nauðgunina.

**18. júní 2007:** Hæstiréttur staðfestir sektardóm vegna fyrri nauðgunarinnar.



**HÆSTIRÉTTUR** Þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Stefáni Hjaltested um hálft ár.

Lögregla með íslenskt pókermót til rannsóknar en hefur ekki gefið út ákæru:

# Hefðu ekki stöðvað Olsen-Olsen

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur ekki gefið út ákæru á hendur forsvarsmanni pókermóts sem fram fór á föstudag, en lögreglan stöðvaði mótið þegar það var langt komið og taldi að lög um fjárhættuspil hefðu verið brotin.

Sindri Lúðvíksson, forsvarsmaður mótsins, segist hafa heyrt í lögreglu í gær, og fengið þau skilaboð að verið væri að fara yfir málið. Sér hafi í öllu falli ekki verið birt ákæra enn.

„Ég er að skoða hvað er best og skynsamlegast að gera í þessu máli. Þetta er voðalega þunnt hjá lögreglunni og ég held þeir séu í hálfgerðum vandræðum með þetta,“ segir Sindri.

Fyrirkomulag mótsins var þannig að rúmlega 150 þátttakendur greiddu 4.000 króna þátttökugjald. Þær rúmu 600 þúsund krónur sem þannig öfluðust átti að nota til að greiða verðlaun. Sindri segist ekki hafa haft hagnað af mótinu, í raun hafi hann haft af því ýmsan kostnað. Það eina sem telja mætti sem tekjur væri sú auglýsing sem vefverslun hans hafi fengið vegna mótsins, en erfitt sé að meta hvers virði sú auglýsing sé.

„Ef þeir ætla að kæra mig út frá lögum um fjárhættuspil verða þeir líka að kæra bingó í Vinabæ og annað í þeim dúr,“ segir Sindri. „Málið er bara það af því að þetta heitir póker þá eru menn að velta þessu fyrir sér. Ef þetta hefði verið mót í Olsen-Olsen eða öðru spili hefði enginn sagt neitt.“ **- bj**



**PÓKERMÓT** Um 150 tóku þátt í pókermóti á föstudaginn, en lögregla stöðvaði mótið þegar milli 20 og 30 sátu enn að spilum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# BESTA VIKA SUMARSINS






Yamaha HTiB-359 heimabíó eða Yamaha Piano Craft fylgir frítt með sjónvarpinu!

Yfir 100.000 kr. afsláttur!



**PALLADINE**

**42" LCD sjónvarp- EPT4210M**

Verð áður 199.995 kr. **Tilboðsverð 169.995 kr.**

## Flatskjáir á frábæru verði




**HITACHI**

Hitachi 37" LCD sjónvarp - 37LD9700
Verð áður 299.995 kr.
**Tilboðsverð 199.995 kr.**




**HITACHI**

Hitachi 32" LCD sjónvarp - 32LD9700
Verð áður 259.995 kr.
**Tilboðsverð 189.995 kr.**




**HITACHI**

Hitachi 32" LCD sjónvarp - 32LD8600
Verð áður 139.995 kr.
**Tilboðsverð 94.995 kr.**




**PALLADINE**

26" LCD sjónvarp - EPT2630
**Verð 69.995 kr.**



## 20% afsláttur af KEF iQ




## Yamaha heimabíó-magnarar á tilboði



**YAMAHA**

Yamaha RX-V1700 heimabíómagnari
Verð áður 119.995 kr.
**Tilboðsverð 99.995 kr.**



**YAMAHA**

Yamaha RX-N600 heimabíómagnari
Verð áður 79.995 kr.
**Tilboðsverð 49.995 kr.**



**YAMAHA**

Yamaha RX-V661 heimabíómagnari
Verð áður 74.995 kr.
**Tilboðsverð 64.995 kr.**



**YAMAHA**

Yamaha RX-V559 heimabíómagnari
Verð áður 59.995 kr.
**Tilboðsverð 39.995 kr**



**YAMAHA**

Yamaha RX-V459 heimabíómagnari
Verð áður 49.995 kr.
**Tilboðsverð 34.995 kr.**

## 15% afsláttur af öllum Logitech fjarstýringum



Úrval af sýningartækjum til sölu á góðu verði.

*Sjónvarpið, DVD-tækið, heimabíóið, hljómflutningstækin – öllum græjum heimilisins stjórnað með einni fjarstýringu.*

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardaga 11-15 **Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is**

**Hátækni**

PIPAR • SÍA • 71192

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver er framkvæmdastjóri Samtakanna ´78?
2. Hvað hét skáldsaga Salmans Rushdie sem kom út árið 1988?
3. Hvaða lið varð spænskur meistari í knattspyrnu á sunnudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Legvatnsástungur valda dauða fósturs í einu prósenti tilvika:

# Færri fósturlát við rannsóknir

**HEILBRIGÐISMÁL** Færri fóstur deyja nú en áður vegna rannsókna á meðgöngu. Fækkun legvatnsástungna þýðir að um 4-5 færri fóstur deyja í móðurkviði.

Fyrir aldamót fóru nær allar konur 35 ára og eldri í legvatnsástungu á meðgöngu. Upp úr aldamótum varð snemmskimun algengari og fara 70 prósent barnshafandi kvenna á öllum aldri í slíka rannsókn.

Við hverjar hundrað legvatnsástungur lést eitt fóstur, að sögn Reynis Tómasar Geirssonar, prófessors og yfirlæknis kvennadeildar LSH.

Einungis um hundrað ástungur eru nú framkvæmdar á ári, oftast í kjölfar þess að snemmskimun hafi leitt í ljós grunsemdir um fæðingargalla.

„Við vorum að gera 500 ástungur á ári og misstum fimm heilbrigð börn,“ segir Reynir. „Ef við værum að gera legvatnsástungur í sama mæli í dag værum við að missa um sex heilbrigð fóstur.“

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að undanfarin sjö ár hafi um fjörutíu konum verið boðið að ljúka meðgöngu þegar skimun á fóstri sýndi Downsheilkenni. Einungis tvær völdu að halda meðgöngunni áfram.




**KVENNADEILD LSH** Færri fóstur deyja vegna legvatnsástungna nú en fyrir sjö árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skimun kostar 6.600 kr. „Það er meðal annars gert til að fólk hugsi sig um,“ segir Reynir. - sgj

Flugstöðin fær rafmagn:

# Bætt rekstraröryggi í Leifsstöð

**SAMNINGAR Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) og Hitaveita Suðurnesja hafa gert samning um kaup flugstöðvarinnar á raforku og heitu vatni af hitaveitunni.**

**Einnig mun hitaveitan sjá um rekstur og viðhald á nýrri varaaflsstöð sem verður sett upp í byrjun árs 2008.**

**Flugstöðin hefur alltaf keypt rafmagn af hitaveitunni. Nú var gerður heildarsamningur. Þeir sjá því einnig um viðhald og rekstur á nýrri varaaflsstöð. Þetta eykur rekstraröryggið segir Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs FLE.** -aví

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Vélarvana á Húnaflóa

Tveir smábátar lentu í vandræðum á Húnaflóa í fyrrinótt og var Björgunarsveitin Húnabjörg frá Skagaströnd kölluð út. Vélin bilaði í öðrum bátnum en stýrið í hinum og voru báðir bátarnir dregnir í land. Tveir voru um borð í hvorum bát og sakaði ekki.

**DÓMSMÁL**

## Síbrotamaður í varðhald

Hæstiréttur dæmdi í gær mann í gæsluvarðhald þar til búið verður að dæma í máli hans. Maðurinn áfrýjaði dómi fyrir fjölda umferðarlaga-, auðgunar- og fíkniefnabrota. Lögregla mat það svo að hann héldi afbrotum áfram, gengi hann laus.

**DÓMSMÁL**

## Tók menn taki og hótaði

24 ára maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa ítrekað hótað tveimur mönnum í Ölfusi í fyrra. Hann hótaði líkamsmeiðingum og lífláti, tók mennina taki og ógnaði með hnífi til að leggja áherslu á hótanir sínar.

**ÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA 1998 OG 2007**

| | 1998 | 2007 | Hækkun | |
|---|---|---|---|---|
| **Á verðlagi ársins 2007** | **M.kr.** | **M.kr.** | **Mkr.** | **%** |
| Almenn sjúkrahúsaþjónusta | 32.475 | 41.933 | 9.458 | 29 |
| Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta | 524 | 942 | 417 | 80 |
| Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir | 8.931 | 22.085 | 13.154 | 147 |
| Almenn heilsugæsla | 7.021 | 13.701 | 6.680 | 95 |
| Sérstæð heilsugæsla | 292 | 336 | 44 | 15 |
| Tannlæknaþjónusta | 1.144 | 1.336 | 192 | 17 |
| Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla | 774 | 1.538 | 764 | 99 |
| Lyf og hjálpartæki | 6.902 | 8.805 | 1.902 | 28 |
| Önnur heilbrigðismál | 1.515 | 2.962 | 1.446 | 95 |
| **Samtals** | **59.580** | **93.636** | **34.057** | **57** |

HEIMILD: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist um 57 prósent:

# 34 milljörðum meira fer til heilbrigðismála

**HEILBRIGÐISMÁL** Útgjöld til heilbrigðismála eru 34 milljörðum króna hærri í ár en þau voru 1998, sé reiknað á núvirði.

Árið 1998 var tæpum sextíu milljörðum varið til heilbrigðismála en í fjárlögum þessa árs er rúmum 93 milljörðum varið til málaflokksins. Aukningin nemur 57 prósentum.

Í nýju vefriti fjármálaráðuneytisins er fjallað um útgjöld til heilbrigðismála og bent á að langmest aukning hefur orðið í útgjöldum til öldrunar- og endurhæfingarstofnana. Nemur hún 13 milljörðum króna á tímabilinu.

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis, segir mikla fjölgun hjúkrunarrýma fyrir aldraða helstu skýringu hækkunarinnar. Kostnaður við uppbyggingu hjúkrunarrýmis sé um átján milljónir og árlegur rekstrarkostnaður sex milljónir. Þær aðgerðir séu í takt við fjölgun aldraða og breyttar hugmyndir um öldrunarþjónustu.

Að sögn Ástu liggur almenn hækkun framlaga til heilbrigðismála að mestu leyti í auknum launakostnaði. - bþs




**FRÁ LANDSPÍTALANUM** Aukning útgjalda hefur mest verið í öldrunarþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.








www.volkswagen.is
Polo lækkar um
100.000 kr.
Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og samlitur
Fáanlegur sjálfskiptur
Kostar nú frá 1.490.000 kr.
Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.
Volkswagen Polo er grænn bíll
HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.
Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Orkuveita Reykjavíkur

# Gróðurrækt í Elliðaárdal

**Í kvöld, 19. júní,** verður farin göngu- og fræðsluferð um Elliðaárdal undir leiðsögn Kristins H. Þorsteinssonar, garðyrkjufræðings.

Gróðurfar í Elliðaárdal er að hluta tilkomið vegna ræktunar mannsins. Skoðaðar verða blóm- og trjáplöntur og hugað að breytingum sem hafa orðið síðustu áratugi.

Gangan hefst kl. 19:30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 38005 06.2007



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




Sumarhappdrætti

## Krabbameinsfélagsins

Útdráttur 17. júní 2007

## Vinningar

Birt án ábyrgðar

**Ford Escape Limited 3,0i V6, 3.850.000 kr.**

127461

**Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.**

44986

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 127 | 14460 | 33553 | 51419 | 77039 | 96201 | 118105 |
| 137 | 15628 | 34034 | 52365 | 77168 | 97209 | 118466 |
| 1503 | 16462 | 34283 | 52950 | 78464 | 100710 | 120419 |
| 2182 | 16801 | 36048 | 54915 | 79823 | 101163 | 120453 |
| 2201 | 17205 | 36275 | 55576 | 79975 | 101584 | 120908 |
| 3905 | 17397 | 37466 | 56392 | 79979 | 101871 | 122887 |
| 4052 | 17597 | 37602 | 56914 | 80289 | 102600 | 123276 |
| 4494 | 17752 | 38449 | 57981 | 81587 | 103051 | 123914 |
| 6462 | 18017 | 38697 | 59964 | 82841 | 104240 | 124148 |
| 7007 | 21575 | 39941 | 61877 | 83339 | 104563 | 125207 |
| 7521 | 22385 | 40556 | 62609 | 83592 | 105029 | 125289 |
| 8439 | 22687 | 41904 | 62701 | 83779 | 106003 | 125290 |
| 8702 | 23253 | 43200 | 62861 | 83897 | 106611 | 125490 |
| 10000 | 23605 | 43620 | 64046 | 84238 | 108984 | 125679 |
| 10305 | 24060 | 43797 | 66735 | 85542 | 109179 | 125993 |
| 10482 | 24706 | 43850 | 67471 | 85631 | 109389 | 126271 |
| 10630 | 25333 | 44255 | 68676 | 85686 | 111723 | 126521 |
| 11755 | 26438 | 46524 | 69493 | 86159 | 111730 | 127529 |
| 12116 | 26606 | 46588 | 69669 | 86297 | 111737 | 127847 |
| 12572 | 27869 | 48150 | 70485 | 87398 | 111827 | |
| 12673 | 28908 | 48931 | 72338 | 88392 | 112023 | |
| 12845 | 29258 | 49003 | 73568 | 88885 | 115785 | |
| 13060 | 29880 | 50031 | 74166 | 89476 | 116381 | |
| 14011 | 29985 | 50093 | 74368 | 91218 | 116418 | |
| 14106 | 31848 | 50597 | 75263 | 95313 | 116494 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning

Krabbameinsfélagið

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

www.krabb.is

Byrjað verður að greiða út vinninga 2. júlí nk.

Unglingspiltur dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær:

# Braut gegn systursyni sínum

**DÓMSMÁL** Unglingspiltur hefur verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn þriggja ára systursyni sínum. Hann var sýknaður af ákæru gegn tveim öðrum systursonum sínum, öðrum þriggja ára og hinum á öðru ári, þar sem ekki var talið sannað að pilturinn hefði náð sakhæfisaldri þegar þeir atburðir áttu sér stað.

Pilturinn var ákærður fyrir að hafa látið tvo systursyni sína hafa munnmök við sig. Þeir voru báðir þriggja ára. Þá var hann ákærður fyrir að hafa verið með kynferðislega tilburði við þriðja systursoninn, sem þá var aðeins rúmlega ársgamall. Þetta átti sér stað þegar pilturinn var að passa börnin.



**HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRA** Dæmdi piltinn til skilorðsbundinnar refsingar en ákvörðun hennar var frestað.

Pilturinn játaði þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Hins vegar voru tímasetningar atburðanna á reiki og dómurinn taldi ekki fullsannað að hann hefði verið orðinn 15 ára og þar með sakhæfur þegar hann braut gegn tveimur drengjanna. Hins vegar hlaut hann skilorðsbundinn dóm til fimm ára fyrir gjörðir sínar gagnvart þriðja barninu. Ákvörðun refsingar var frestað, en pilturinn skal sæta umsjón í eitt ár. Þá var hann dæmdur til að greiða tveimur drengjanna 600 þúsund krónur hvorum vegna miska sem þeir höfðu orðið fyrir af hans völdum. Pilturinn hefur sætt meðferð hjá sálfræðingi. **-jss**

# Kjör framhaldsskólakennara áhyggjuefni

**Laun framhaldsskólakennara dragast aftur úr launum annarra háskólamenntaðra starfsmanna. Kjarasamningar losna næsta vor. „Viljum treysta fjármálaráðherra," segir formaður FF. „Skelfilegt að hugsa til verkfalls," segir skólameistari Flensborgar.**

**MENNTUN** Laun framhaldsskólakennara hafa ekki hækkað til jafns við meðaldagvinnulaun innan Bandalags háskólamanna. Launamunurinn er nú sex prósent. Þetta kemur fram í ályktun Félags framhaldsskólakennara.

„Kjarasamningur okkar rennur út í lok apríl á næsta ári og það er alveg gríðarlega þýðingarmikið að samningsaðilar nýti tímann vel þangað til," segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður FF.

Í ályktun FF segir að laun kennara verði ekki leiðrétt án sterks pólitísks vilja yfirvalda.

„Við viljum trúa því og treysta að fjármálaráðherra vilji að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti svipaðra kjara þegar litið er til menntunar og ábyrgðar í störfum," segir Aðalheiður.

Einar Birgir Steinþórsson, skólastjóri Flensborgarskólans, tekur í sama streng.

„Menn hafa áhyggjur af stöðunni. Það virðist vera meira launaskrið annars staðar svo að það er aftur að myndast gap milli framhaldsskóla og annarra háskólamenntaðra starfsmanna."

Framhaldsskólakennarar fóru í tveggja mánaða verkfall árið 2000 vegna kjaradeilu.

„Ég óttast stöðuna eins og hún er núna," segir Einar. „Það væri skelfilegt til þess að hugsa ef það yrði verkfall."

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segir framhaldsskólann mjög brenndan verkföllum. „Seinasta verkfall var




**KJARABARÁTTA KENNARA** Síðasta kennaraverkfall var langt verkfall grunnskólakennara haustið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

auðvitað skelfilegt og auðvitað hefur maður áhyggjur af slíkum hótunum," segir hún.

Í ályktun FF er einnig lýst yfir óánægju með fjárskort framhaldsskólanna.

„Framhaldsskólar landsins fá of lítið fé til þess að standa undir lögbundinni þjónustu. Af því leiðir að of oft er gripið til óyndisúrræða sem bitna á námi og kennslu," segir í ályktuninni.

„Við finnum fyrir því að það hefur verið gríðarlega mikil hagræðing í framhaldsskólakerfinu undanfarin ár. Ég held að það sé samdóma álit okkar skólastjórnenda að nú sé full langt búið að ganga," segir Einar.

**steindor@frettabladid.is**




Verð frá 2.290.000 kr.

## A-Class – Ánægjunnar vegna

Nýr A-Class sameinar skynsemi og þægindi með fullkomnum hætti. Hann er nettur en einnig ótrúlega rúmgóður og glæsileikinn helst í hendur við stórkostleg þægindin. A-Class er bíll sem þú velur ánægjunnar vegna – af því að það er skynsamlegt.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.


Til hamingju
með sigurinn!
Við óskum landsliðinu í handknattleik innilega til hamingju með glæsilegan sigur á Serbum um helgina og sætið á Evrópumeistaramótinu á næsta ári.
Áfram Ísland!
HSÍ
50 ára
KAUPÞING
Hugsum lengra
Sigfús Sigurðsson,
landsliðsmaður

EURES

# Globalisation in one Continent - Mobility for the benefit of all?

- How can we share the benefits and minimise the risks across Europe?

**EURES Mobility Conference in Reykjavik June 22, 2007**

Venue:
Hotel Saga, Hagatorg
Sunnusalur

Introduction
EURES in Iceland hosts a conference where trade unions, employer's organizations, labour market authorities and other concerned parties are brought together to address the increased East - West mobility after the EU enlargement. What are the consequences for the Icelandic labour market and how have we managed to adjust our control and enforcement authorities to this new situation? The issue of EU membership, the adoption of Euro and possible effects on the Icelandic economy and labour market will also be addressed.

For comparison and insights into the labour market situation after the enlargement elsewhere in Europe, we have invited experts from our neighbouring countries. Research Director from the Norwegian Research Institute FAFO will report on the main trends on mobility in the Baltic Sea area, and the effects on the Nordic labour markets. Experts in mobility issues from Ireland, Latvia, Norway and the UK, that are all experiencing large scale labour migration, will attend and share with us their experiences.

The object of the conference is to raise the awareness on this issue on all sides and reinforce cooperation between all concerned parties.

Chairman: Valdimar Ólafsson, EURES Adviser and Info Expert.

**PROGRAMME:**

| | |
|---|---|
| 09:00 | **Welcoming Words** *Gissur Pétursson, Director, Directorate of Labour* |
| 09:10 | **The Icelandic Labour Market - in Numbers** *Karl Sigurðsson, Divisional Manager, Directorate of Labour* |
| 09:30 | **The Icelandic Labour Market and EURES IS** - Current Situation and Future Trends *Dröfn Haraldsdóttir, EURES Manager* |
| 09:50 | **The EURO - A Push for EU Membership?** *Þóra Ágústsdóttir, EURES Adviser* |
| 10:10 | **Coffee break** |
| 10:20 | **After Enlargement, the Union's Perspective** *Halldór Grönvold, Ass. Managing Director, Icelandic Confederation of Trade Unions* |
| 10:40 | **Free Movement and Equal Treatment: the Case of Construction** *Þorbjörn Guðmundsson, Managing Director, Federation of Skilled Construction and Industrial Workers* |
| 11:00 | **The Economic Effect of Free Movement of Labour - the Industry's Perspective** *Bjarni Már Gylfason, Chief Economist, Federation of Icelandic Industries* |
| 11:20 | **Recruiting through EURES IS** *Þórður B. Sigurðsson, Assistant managing director, Fosshotel* |
| 11:40 | **Registration and Follow-Up of TWA, Service Import and EU-8 Workers** *Jón Sigurður Karlsson, Project Manager,* Directorate of Labour |
| 12:00 | **Lunch** |
| 13:00 | **The Nordic Labour Market Models and European Mobility: Challenges and Opportunities.** *Line Eldring, Research Director, FAFO* Norway |
| 13:20 | **The Irish Experience after EU Enlargement** *Kevin Quinn, EURES Manager Ireland* |
| 13:40 | **The UK Labour Market after Enlargement** *Peter Sydserff, EURES Manager Britain* |
| 14:00 | **The Latvian Labour Market after EU Accession** *Guntra Zarina, EURES Manager Latvia* |
| 14:20 | **Coffee Break** |
| 14:40 | **Immigrants in Iceland - Reality and Political Discourse** *Guðmundur Hálfdanarson, Professor in History, University of Iceland* |
| 15:00 | **Being an Immigrant in Iceland - Segregation or Assimilation?** *Tatjana Latinovic, chairman of Women of Multicultural Ethnicity Network in Iceland* |
| 15:20 | **Questions and Discussions** |
| 16:00 | **End of Conference** |


Fjörutíu konur söfnuðu peningum fyrir Barnaheill:

# Ráðherrann vann

**SAMTÖK** Barnaheill efndi til fjáröflunarhádegisverðar í Iðnó á dögunum þar sem um 40 konur úr íslensku athafnalífi komu saman til að styðja við starfsemi samtakanna.

„Þetta er í fyrsta sinn sem Barnaheill stendur að fjáröflunarhádegisverði með þessu sniði og var sérstaklega ánægjulegt að fá stuðning kvenna sem eru í forystuhlutverki víða í þjóðfélaginu," segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.

Meðal dagskrárliða var happdrætti og það vakti kátínu viðstaddra þegar í ljós kom að nýbakaður umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, var meðal vinningshafa.



**TEKIÐ VIÐ VINNINGNUM** Þórunni var afhentur vinningurinn, glæsilegt silfurhálsmen, í umhverfisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem vinna að réttindum og velferð barna. - þo

Víkingasveit og Landhelgisgæslan æfa:

# Norsk delta-sérsveit æfði í Hvalfirði

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit Ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslan (LHG) æfðu nýverið með sérsveit norsku lögreglunnar í Hvalfirði, og er stefnt að því að önnur æfing fari fram á næstunni.

Fram kemur í tilkynningu frá LHG að verkefni gæslunnar og ríkislögreglustjóra skarist á margvíslegan hátt og því sé gott samstarf nauðsynlegt.

Norska lögreglan hefur átt gott samstarf við Ríkislögreglustjóra frá 1982, sem felur meðal annars í sér skiptiþjálfun, segir í tilkynningunni. Af þeim sökum hafi meðlimir delta-sveitar norsku lögreglunnar æft með LHG og sérsveitinni. - bj



**Í HVALFIRÐI** Sérsveitarmenn æfðu í Hvalfirði á dögunum ásamt Landhelgisgæslunni. LJÓSMYND/MAGNÚS ÖRN EINARSSON


# MÆÐGUR Í GOLF 19. JÚNÍ



**Í tilefni Kvenréttindadags Íslands verður haldinn sérstakur golfdagur fyrir ömmur, mæður og dætur í Básum í Grafarholti 19. júní kl. 16-20.**

Boðið verður upp á golfkennslu fyrir alla aldurshópa og verða kylfur lánaðar á staðnum.

Í Básum verða allar fræknustu golfkonur landsins auk kennara frá ProGolf og IPGA.

Konur eru hvattar til að koma með dætrum sínum og læra skemmtilega íþrótt.

Hressandi útivist og holl og góð hreyfing fyrir konur á öllum aldri.

| Kaupþing | GSÍ | Pro Golf | Golfklúbbur Reykjavíkur |

ENNEMM / SÍA / NM28335

KAUPÞING

Sprengjuárás í Afganistan:

## Sjö börn létust í árás alþjóðaliðs

**AFGANISTAN, AP Sjö börn, drengir á aldrinum tíu til sextán ára, létust þegar herþotur alþjóðaherliðsins í Afganistan gerðu árás á hús þar sem talið var að uppreisnarmenn væru í felum. Nokkrir uppreisnarmenn dóu í árásinni.**

**Héraðsstjórinn þar sem árásin varð sagði að þó að venjulega væri góð samvinna milli yfirvalda og alþjóðaliðsins hafi hann ekki vitað fyrirfram af árásinni sem hafi leitt til dauða barnanna.**

**Talsmaður alþjóðaliðsins sakaði al-Kaída-liða um að nýta sér saklausa borgara til að skýla sér.** - sdg

Flytja þurfti verkamann með sjúkraflugi til Reykjavíkur eftir slys á Kárahnjúkum:

# Tvö vinnuslys á innan við viku

**SLYS** Kínverskur verkstjóri mjaðmagrindarbrotnaði í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar aðfaranótt sunnudags. Þetta er í annað skipti á einni viku sem vinnuslys verður í göngunum því verkamaður lærbrotnaði þar í síðustu viku. Starfsmenn vinnueftirlitsins skoðuðu aðstæður á svæðinu í gær.

Maðurinn sem slasaðist aðfaranótt sunnudags klemmdist milli lestar og færibands í aðgöngum 2 og var sendur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Sá sem lærbrotnaði í síðustu viku hljóp í veg fyrir steypudæluvagn.

„Ég lít þetta mjög alvarlegum augum. Of mörg slys verða við steypusprautun og það bendir til þess að ekki sé farið nógu varlega. Stundum virðist vera um hreina áhættuhegðun að ræða,“ segir Oddur Friðriksson, trúnaðarmaður starfsmanna á Kárahnjúkum.

Þorvaldur P. Hjarðar, aðstoðarumdæmisstjóri vinnueftirlitsins á Austurlandi, skoðaði aðstæður á slysstað í gær. Hann tekur undir með Oddi og segir að áhættuhegðun sé of mikil. „Þetta eru vanir menn og það er erfitt að átta sig á því hvers vegna verkstjórinn færir sig ekki þegar lestin kemur. Við fyrstu sýn dettur manni kæruleysi í hug og sá sem ók lestinni hlýtur að bera einhverja ábyrgð,“ segir Þorvaldur.

Tildrög slyssins eru ekki að fullu ljós enda hefur ekki gefist tóm til að ræða við manninn sem slasaðist. Lögreglan á Egilsstöðum fer með rannsókn málsins. - þo



**SLYSIN OF TÍÐ** Trúnaðarmaður starfsmanna á Kárahnjúkum segir að of mörg vinnuslys megi rekja til áhættuhegðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óhapp á Reykjanesbraut:

## Dottaði og keyrði á

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Ökumaður var fluttur með sjúkrabifreið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eftir að hafa ekið á ljósastaur á Reykjanesbraut í gærmorgunn. Slysið varð skammt austan við Grindavíkurveg.

Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, kenndi sér meins í höndum en reyndist ekki mikið slasaður. Hann taldi líklegast að hann hefði dottað við aksturinn.

Bifreiðin skemmdist mikið og var fjarlægð með kranabíl. - þo

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

## Situr síðasta borgarstjórnarfund sinn í dag

**STJÓRNMÁL Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingismaður situr sinn síðasta fund í borgarstjórn Reykjavíkur í dag.**



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

**„Starf borgarfulltrúa er fullt starf og launað sem slíkt og þingmannsstarfið er það líka. Það er ekki hægt að sinna tveimur hundrað prósent störfum,“ segir Steinunn Valdís sem var fyrst kjörin í borgarstjórn 1994. Hún var borgarstjóri frá desember 2004 til júní 2006.**

**Sigrún Elsa Smáradóttir tekur sæti Steinunnar Valdísar í borgarstjórn.** - bþs

Tungumálanám í Þýskalandi:

## Lektorstaða í íslensku í Berlín

**MENNTAMÁL** Gengið var frá undirritun samnings um lektorsstöðu í íslensku við Humboldt-háskólann í Berlín 24. maí síðastliðinn. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og afhenti Ólafur Davíðsson, sendiherra Íslands í Berlín, háskólarektor Humboldt-háskólans, prófessor Christoph Markschies, samninginn til undirritunar við athöfn í háskólanum.

Forstöðumaður norrænudeildar háskólans, prófessor Bernd Henningsen, var viðstaddur athöfnina auk núverandi lektors í íslensku, Jóns Gíslasonar, og þriggja af nemendum hans. - shá

**NORÐURLANDASAMSTARF**

**Forsætisráðherrar í Finnlandi**

Sumarfundur forsætisráðherra Norðurlanda verður í Finnlandi í dag. Hnattvæðing, málefni Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og grannsvæðanna og tengslin við Rússland eru meðal fundarefna.




Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


Konur
til hamingju
með daginn
Landsbankinn

**Svona erum við**

> Atvinnuþátttaka karla og kvenna á 1. ársfjórðungi 2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Ný atlaga gerð að því að leysa kreppuna*

Þrjú ár eru síðan ríkisstjórnir aðildarlanda Evrópusambandsins komu sér saman um texta nýrrar uppfærslu á stofnsáttmála sambandsins, sem kallaður var stjórnarskrársáttmáli. Tvö ár eru síðan fullgildingu hans var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi. Leiðtogar sambandsins munu í lok þessarar viku funda í Brussel um leiðir til að bjarga því sem bjargað verður af hinum strandaða stjórnarskrársáttmála. Þjóðverjar, sem ljúka hálfs árs formennskumisseri sínu um mánaðamótin, fara fyrir tilraunum til að finna lausn á málinu sem tekið gæti gildi fyrir mitt ár 2009.

**Hver er staða sáttmálans nú?**
Hann er í bið. Sextán af aðildarríkjunum 27 hafa fullgilt hann að fullu, og tvö til viðbótar nærri því að fullu. En hann getur ekki tekið gildi nema öll ríkin 27 fullgildi hann. Og tvö hafa hafnað honum.

**Hvaða leiðir eru í boði?**
Sum þeirra landa sem hafa fullgilt sáttmálann vilja að nýr sáttmáli verði með að sem mestu leyti sama innihaldi, aðeins með smávægilegum breytingum. En tillaga um miklu styttri texta, kjarnasáttmála sem innihéldi aðeins það allra nauðsynlegasta, nýtur vaxandi stuðnings. Sumum stjórnmálamönnum líkar þessi tillaga, þar sem hún felur í sér að nægilegt ætti að vera að fullgilda hann af þjóðþingum aðildarríkjanna, það er að segja að óþarft sé að bera hann undir þjóðaratkvæði.



Reynslan frá árinu 2005 sýnir að þjóðaratkvæðagreiðslur geta sett stórt strik í reikninginn, jafnvel í stofnaðildarríkjum sambandsins. Þjóðaratkvæði í löndum eins og Póllandi eða Bretlandi væri enn líklegra til að leiða til höfnunar og steypa sambandinu í nýja kreppu.

**SPURT & SVARAÐ**
FÁNALÖGIN

## *Þjóðfánann á að virða*



**HALLDÓR ÁRNASON**
Skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

Fánalögin voru sett þegar Ísland varð sjálfstætt 17. júní 1944. Í þeim er tilgreint nákvæmlega hvernig fáninn á að vera, stærð hans, hlutföll og litur sem á að vera heiðblár, mjallhvítur og eldrauður. Halldór Árnason er skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

**Hefur fánalögum verið breytt síðan árið 1944?** Það voru gerðar breytingar fyrir rúmlega tíu árum. Þær vörðuðu það að nú má nota fánann í viðskiptaskyni en það var ekki hægt áður. Forsætisráðuneytið ákveður í hverju tilfelli fyrir sig hvenær það má. Sýna þarf fánanum virðingu í hvert sinn.

**Getur hver sem er flaggað hvenær sem er?** Já, ef það er gert á tilhlýðilegan hátt og fáninn er í góðu ásigkomulagi. Taka verður fánann niður fyrir miðnætti og ekki má flagga fyrr en klukkan sjö að morgni. Brot við þessum lögum varða sektum.

# Gagnsæi og ódýrara heitt vatn

**Upplýsingar sem gefa vísbendingar um arðsemi virkjanaframkvæmda hér á landi hafi komið fram að undanförnu. Vistvæn orka er sífellt að verða verðmætari og viðskipti með hana verið að glæðast eins og nýlegur samningur OR við Norðurál gefur til kynna.**



**VIRKJANAFRAMKVÆMDIR Á HELLISHEIÐI** Stefnt er að því að hefja orkusölu vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík um áramótin 2010 til 2011. Virkjanaframkvæmdir hafa staðið yfir um nokkurt skeið og eru vel á veg komnar. Orkuveitan útvegar um 40 prósent orkunnar sem þarf en Hitaveita Suðurnesja um 60 prósent.

Nýlegur samningur Orkuveitu Reykjavíkur við Norðurál er tímamótasamningur í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi vegna þess að vegamikil atriði úr samningnum hafa verið gerð opinber og í öðru lagi fyrir það að hann tryggir íbúum á höfuðborgarsvæðinu ódýrara heitt vatn, samkvæmt Orkuveitu Reykjavíkur.

**Verðupplýsingar glæða umræðu**
Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu borgar Norðurál OR um 2,1 krónu á hverja kílóvattstund af rafmagni samkvæmt orkusölusamningi vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Þetta staðfesti Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR, en hann lét einnig hafa eftir sér að heildartekjur á samningstímanum, miðað við sölu á 100 megavöttum af rafmagni í 25 ár, næmu um 41,5 milljörðum. Þá er stefnt að því að nýtingarhlutfall orkunnar verði um 95 prósent á samningstímanum en algengt er í stóriðjusamningum að það sé um 90 prósent, samkvæmt upplýsingum frá CRU-group í London sem sérhæfir sig í rannsóknum og ráðgjöf í áliðnaði.

Í kjölfarið á því að þessar upplýsingar komu fram, og þar sem fram kom að aðalatriði samnings OR við Norðurál, sendi meirihluti stjórnar OR frá sér tilkynningu þar sem fram kom að það væri „betra til framtíðar litið“ að „aflétta trúnaði af raforkuverði til stóriðju til þess að koma í veg fyrir ranghugmyndir og misskilning.“

**Kjörnir fulltrúar taki á álitamáli**
Fréttablaðið hefur sent öllum borgarfulltrúum og þingflokkum, beiðni um upplýsingar um söluverð Landsvirkjunar á raforku til stóriðju. Er beiðnin byggð á því að gögnin hafi verið grundvallarþáttur í verðmætamati á Landsvirkjun sem fram fór áður en helmingshlutur Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar var seldur til íslenska ríkisins um áramót. Enginn hefur svarað beiðninni formlega en allir flokkar, nema Samfylkingin og Framsóknarflokkur, hafi komið skilaboðum til blaðamanns varðandi málið. Þingflokkar Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins ætla sér að svara beiðninni formlega en aðrir hafa ekki svarað því til nákvæmlega hvernig beiðninni verður svarað. Sérstaklega er óskað eftir lögfræðilegum rökstuðningi fyrir því hvort það standist lög um gagnsæja stjórnsýslu að halda gögnunum leyndum í fyrrnefndu kaupferli.

**Ódýrara heitt vatn**
Sala á rafmagni úr jarðvarmavirkjunum OR greiðir rekstrar- og stofnkostnað af virkjununum sem annars þyrfti að greiðast eingöngu af heitavatnsframleiðslunni. Sem dæmi má nefna þá nam fyrrnefndur kostnaður vegna virkjana á Nesjavöllum um 400 milljónum á ári sem þýddi um átta prósenta hækkun á heitavatnsreikningunum, samkvæmt upplýsingum frá OR, en svipað er uppi á teningnum með Hellisheiðarvirkjun en heitavatnsframleiðsla þar hefst árið 2009. Ef ekki væri fyrir rafmagnsframleiðslu í virkjunum þyrfti heitavatnsreikningurinn hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu því að vera um sextán prósentum hærri samkvæmt þessum upplýsingum.

## SAMNINGSATRIÐI OR OG NORÐURÁLS

- Heildartekjur OR miðað við sölu á 100 megavöttum af rafmagni til 25 ára eru áætlaðar um 41,5 milljarðar.
- Kílóvattstundin af rafmagni kostar um 2,1 krónu samkvæmt um 95 prósenta nýtingarhlutfalli, sem OR hefur gefið upp. Verðið sveiflast með heimsmarkaðsverði á áli og gengi Bandaríkjadals.
- Samningstíminn er 25 ár
- Forkaupsréttarákvæði er í samningnum, upp á 75 megavött af rafmagni til viðbótar, sem hægt er að nýta fyrir árið 2015. Auk þess er í samningnum viljayfirlýsing um kaup á öðrum 75 megavöttum náist um það samkomulag á seinni stigum.
- Veginn fjármagnskostnaður, WAAC, í þessu tilfelli er um 6,25 prósent.
- Lágmarksarðsemiskrafa tíu prósent miðað við 25 prósent eiginfjárhlutfall. Gert er ráð fyrir um þrettán prósent ávöxtun eiginfjár.

**VERÐÞRÓUN Í SAMANBURÐI VIÐ BYGGINGAVÍSITÖLU**




**Forsendur til útreiknings**
Uppgefnar forsendur úr samningi OR við Norðurál gefa skýra mynd af því hversu mikil eðal lítil verðmæti er hægt að fá út úr stóriðjusamningum. OR gerir sér vonir um að virkjanirnar sem framleiða raforku sem seld verður til álvers í Helguvík verði skuldlausar eignir OR fimmtán til sextán árum eftir að orkusölusamningur fyrirtækisins tekur gildi. Er það fengið út frá því að ávöxtun eiginfjárs sé um þrettán prósent á samningstímanum en OR setur tíu prósent arðsemi, miðað við 25 prósent eiginfjárhlutfall, sem lágmark ef virkjað er fyrir stórnotendur.

Orkuveitan gerir ráð fyrir því að endingartími virkjananna verði ekki minni en 50 til 60 ár en ekki er talið ólíklegt að þær verði nothæfar í meira í 100 ár ef þeim er sinnt vel við haldið.

**Framboð og eftirspurn**
Eftirspurn eftir vistvænni orku í heiminum er gríðarleg og hefur farið vaxandi að undanförnu. Fyrirtæki eru tilbúin til þess að borga umtalsvert hærra fyrir orkuna ef hún er vistvæn. Íslensk fyrirtæki eru þegar byrjuð að nýta sér sérþekkingu í orkuiðnaði með samningum um virkjanir erlendis, en samhliðamiklumstóriðjuframkvæmdum hefur byggst upp mikil þekking á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Stjórnvöld víðs vegar um heim hafa aukið áherslu á að afla orku með umhverfisvænum hætti, ekki síst vegna vaxandi umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á lífið á jörðinni. Dæmi um þess konar verkefni er nýlegur samningur Bláfall Energi, sem að hluta til er í eigu RARIK og Landsbankans, um að reisa og reka 40 litlar vatnsaflsvirkjanir í Noregi en norsk stjórnvöld hafa ákveðið að borga sérstaklega fyrir orku sem aflað er með vistvænum hætti, og í því felast viðskiptatækifæri.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

**Sumartilboð** Vildarþjónustunnar

**Osló, Stokkhólmur og Gautaborg með Iceland Express aðeins**

**19.900,-**

**með sköttum**

Tilboðið er bókanlegt frá 15. - 30. júní
og er ferðatímabilið 15. - 15. júlí

www.spar.is

Iceland Express

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta


SUMAR TILBOÐ!
30-50% AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
HÁGLANS
Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm
Ölur á MDF 125 x 48 sm
50% AFSLÁTTUR!
A 7121 110 breidd x 42 dýpt
Hvít eik á MDF 120 x 48 sm
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
50% AFSLÁTTUR!
HÁGLANS
Eplaviður á MDF 152x48 sm
Ölur á MDF 182x48 sm
A-827 85 x 50 sm
Hvítt háglans 120x48
50% AFSLÁTTUR!
HÁGLANS
Hlynur á MDF 102 x 48 sm
A-826 60 x 50 sm
Hnota á MDF 120 x 48 sm
Hvítt háglans 60x48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm
50% AFSLÁTTUR!
Hvít fulningur 61 x 34 sm
Horninnrétting 60 x 60 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugarfarsbreyting karla og margra kvenna er það sem þarf.

## Kvenna megin er allra gæfa

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Íslenskar konur veltu grettistaki á þeim árum þegar þær voru að ávinna sér þau sjálfsögðu mannréttindi að fá kosningarétt: þær einhentu sér gegn því samfélagslega böli sem áfengisdrykkjan var, hrundu af stað hreyfingu sem olli byltingu í uppbyggingu sjúkrahúsa í landinu, gerbreyttu menntunaraðstöðu kvenna með kvennaskólahreyfingunni sem vann að víðtækum umbótum á hreinlæti og heimilisrekstri í landinu. Heilsugæsla, umönnun barna og aldraðra var þeim hugsjónamál löngu áður en karlmenn tóku við sér og virtu og sinntu þeim þjóðþrifamálum. Árangur borgaralegra hreyfinga kvenna skilaði samfélagi á Íslandi fram á við. Samtakamáttur kvenna gerbreytti þjóðlífinu.

Nú á tímum eru konur virkir þátttakendur í öllu atvinnulífi en búa við skarðan hlut í stjórnun: konur forðast þátttöku í sveitarstjórnum, þær sitja of fáar á þingi og þótt margar konur séu áberandi í opinberu lífi eiga þær við ramman reip að draga: mörg teikn eru uppi um að enn sé langt í landi í jafnrétti karla og kvenna. Hlutur þeirra er átakanlega smár, svo smár að væri hlutaskiptum við snúið sættu karlmenn sig aldrei við kvenna hlut.

Verkefni blasa við: Ofbeldisandi gagnvart konum fer vaxandi í samfélaginu. Fornfálegar hugmyndir um stöðu kvenna til heimilisstarfa er ríkjandi hjá ungum kynslóðum karla. Eðlileg dreifing heimilisstarfa er enn fjarlægur draumur á mörgum heimilum.

Launamunur karla og kvenna sem brýtur í bága við lög og almennan vilja er enn himinhrópandi staðreynd. Djúpstætt vantraust á mætti kvenna er enn ríkjandi hjá fjölda karlmanna sem stæra sig af fordómum sínum og óvild í garð kvenna almennt. Þeir verða tvísaga, tvístígandi þegar krafist er opinberrar afstöðu og fara undan í flæmingi.

Enginn hópur er eins misskiptur í samfélaginu og ungar konur með börn. Þær eru dæmdar í láglaunastörf og eru upp á bónbjargir komnar. Sumpart er það vegna almenns gáleysis í samlífi kynjanna þótt ungum mæðrum hafi fækkað mikið frá fyrri áratugum.

Á stundum er talað um aðra sýn kvenna á deilur og átök: þingkonur státa sig af því að þær leiti fyrr og frekar sátta en karlar um aðskiljanlega hluti. Ekki síst sökum þess að konur standi hallari fæti en karlar þar eins og víðar.

Um allt samfélagið eru því menjar hins forna misréttis í fullu gildi sem er miður. Það er ætlast til stórra breytinga af nýrri ríkisstjórn í jafnréttismálum en þær ná skammt ef almennur hugur og vilji logar ekki um samfélagið allt til að bæta stöðu kvenna. Þær umbætur eru huglægar fyrst og fremst og verða að eiga sér stað í sáttfúsri viðurkenningu á því mikilvæga framlagi sem kvenkynið á í lífi okkar allra – ekki síst körlum til hagsbóta og gæfu.

Þá litið er aftur til þess byltingarkennda framlags sem fyrir réttri öld umskóp íslenskt samfélag vaknar sú von að íslenskum kvennahreyfingum vaxi enn ásmegin og við upphaf nýrrar aldar blási þær enn til sóknar og sameinist í hreyfingum – utan flokka – til að umskapa íslenskt samfélag til hins betra – á sinn hátt, með sínum rökum og vissu hvað er öllum, ungum og öldnum, til heilla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Listamaðurinn

Einhverjum kann að þykja það furðuleg ákvörðun að gera Ragnar Bjarnason að borgarlistamanni Reykjavíkur árið 2007. Ef litið er til þess að Raggi Bjarna hefur skemmt landsmönnum í rúma hálfa öld er þessi ákvörðun eðlileg. Dægurlagamenningin er ekkert ómerkilegri en einhver önnur menning. Framlag Ragga Bjarna til tónlistar er ekkert síðra en framlag annarra listamanna í öðrum listgreinum. Tónlist er einskis virði ef enginn er til að flytja hana. Þess vegna er undarlegt að fulltrúar Samfylkingarinnar í menningar- og ferðamálaráði, Oddný Sturludóttir og Felix Bergsson, ákváðu að sitja hjá þegar Raggi var valinn.



### Plottarinn

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, var gagnrýndur af stjórnarformanni Strætó fyrir þá ákvörðun að láta skattgreiðendur bæjarfélagsins greiða rekstur Strætó að fullu og farþegar þyrftu ekki að greiða sérstakt fargjald. Slíka ákvörðun ætti að taka í stjórninni. Gunnar gagnrýndi einmitt í Fréttablaðinu fyrir nokkru að bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákvað að leyfa öldruðum að ferðast frítt í strætó og að borgarstjórn Reykjavíkur ætlar ekki að láta námsmenn greiða sitt fargjald í haust. Kannski var þetta krókur á móti bragði hjá hinum eitursnjalla plottara til að sýna fram á að loforð af þessu tagi ganga ekki upp.



### Glæpagengið

„Ekki skil ég, hvers vegna vinstri grænir sendu fulltrúa á þing Vinstri flokksins í Þýskalandi. Þetta er nýtt nafn á gamla kommúnistaflokknum í Austur-Þýskalandi," skrifar Jónas Kristjánsson á vefsíðu sína jonas.is. „Það var einn allra versti kommúnistaflokkur í heimi, verri en flokkarnir í Póllandi, Tékkó og Ungó. Þótt Gysi og Lafontaine séu skárri en Ulbricht og Honnecker voru, er þetta allt sama, fúla glæpagengið. Vinstri grænir eiga ekki að halla sér að gömlum kommum í austri." Hlynur Hallsson er samt ósköp ánægður með kommana í Þýskalandi og mun örugglega miðla boðskapnum til félagsmanna VG á Íslandi.

bjorgvin@frettabladid.is

## Kaupum regnskóg!



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**

**Í DAG** | Kolefnisjöfnun

Forseti Ekvador hefur boðið heimsbyggðinni regnskóg til sölu. Landið er fátækt og þarf á nýjum tekjum að halda. Mikil auðæfi leynast undir þjóðgarði í landinu, sem nú er ógnað vegna áforma um að vinna olíu sem þar er að finna. Nýkjörinn forseti, Rafael Correra, vill hætta við olíuvinnsluna. En hann telur, sjálfsagt með réttu, að landið geti illa unað við tekjutapið. Svo í staðinn fyrir að vinna olíu í þjóðgarðinum með tilheyrandi skógareyðingu býðst hann til að vernda skóginn fyrir 350 milljónir dollara næstu 10 árin. Það er helmingurinn af væntanlegum tekjum af olíusölunni.

Nú til Íslands. Sú fína hugmynd hefur skotið álitlegum rótum að Íslendingar kolefnisjafni sig. Það þýðir að fólk borgi í skógræktarsjóð fyrir að aka bíl eða fljúga milli landa. Búið er að reikna hvað bíltúr eða flugferð kostar í gróðurhúsalofttegundum og hvað þarf að gróðursetja mörg tré fyrir austan fjall til að vinna á móti. Stórfyrirtækin eru með og við eigum öll að vera það líka. Bíltúr á Þingvöll kostar tré.

Á fínni heimasíðu, kolvidur.is, segir: „Markmið Kolviðar er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO2) í andrúmslofti." Kolviður mun þannig hvetja Íslendinga til þess að verða fyrsta þjóð heims til að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Þeir sem lesið hafa náttúrufræðina sína vita að tré binda kolefni (C) en leysa súrefni (O2), út í andrúmsloftið. Við eru því að tala um andsvar við helstu umhverfisógn mannkyns, hlýnun andrúmslofts.

**Önnur lönd heppilegri**

Þetta framtak er fagnaðarefni. En ég verð því miður að taka þá áhættu að móðga allt skógræktarfólk á Íslandi með því að efast um aðferðina. Í mínum bókum, sem eru venjulegar leikmannsbækur, er Ísland ekki mjög heppilegt land til skógræktar með yfirlýst markmið Kolviðar í huga. Tré vaxa vissulega á Íslandi, en mjög hægt og laufgunartími þeirra er stuttur, þau eru því ekki „í vinnunni" fyrir Kolvið nema fáar vikur árlega. Þau fara í vetrarfrí frá CO2 vinnslu 9-10 mánuði á ári.

Mörg önnur lönd eru heppilegri til að rækta skóg ef markmiðið er að vinna gegn gróðurhúsaáhrifum. Það mætti því ná miklu meiri árangri í kolefnisjöfnun með því að nýta það fé sem Kolviður aflar á t.d. regnskógasvæðum, eða hjá fátækum bændum í Afríku. Raunar þarf alls ekki að planta nýjum trám. Einfaldast er að kaupa núverandi skóga til verndar, en þeim er ógnað daglega. Mat vísindamanna er að árleg eyðing regnskóga nemi rúmlega hálfu Íslandi.

Áður þöktu regnskógar 14 prósent af þurrlendi jarðar en nú aðeins um 6 prósent.

Á Vísindavefnum segir: „Talið er að 20 prósent af nýmyndun súrefnis á jörðinni eigi sér stað í Amazon-skógum Suður-Ameríku og sennilega á bilinu 30-35 prósent á regnskógasvæðum jarðar í heild. Ef þetta er raunin þá hefur eyðing regnskóganna áhrif á möguleika jarðar til að mynda nýtt súrefni og getur þar af leiðandi aukið á gróðurhúsaáhrif miðað við þá losun sem er á gróðurhúsalofttegundum í dag." (visindavefur.hi.is)

**Kolvið í útrás**

Mengun er ekki vandamál einstakra þjóða og verður ekki leyst á þjóðlegum nótum. Þetta veit forseti Ekvador þegar hann biðlar til heimsbyggðarinnar um að vernda með sér regnskóginn. Ég veit satt að segja ekki hve mikið vit er í þessu hjá honum, en það má spyrja. Og eins má spyrja Kolvið, hversu mikið vit er í því að nota söfnunarfé til að berjast gegn gróðurhúsalofttegundum með því að gróðursetja tré noður við heimskautsbaug þegar svonefnd „lungu jarðar" (regnskógarnir) berjast við krabbamein?

Reyndar hef ég spurt. Ég sendi framkvæmdastjóra Kolviðar fyrirspurn og fékk ágætt svar, svo langt sem það nær. Í því kemur ekkert fram sem bendir til að Ísland sé gott land til skógræktar í samanburði við þau lönd þar sem best eru skilyrði. Reyndar kemur fram í svarinu að Kolviður hyggi á útrás í „öðrum fasa" verkefnisins. Hvers vegna ekki strax? Baugur Group hefur auglýst að það fyrirtæki kolefnisjafni sig með styrk við fátæka bændur á vænlegum skógræktarsvæðum.

Athugasemd mín varðar auðvitað ekki afstöðu til skógræktar á Íslandi. Hún varðar það hvernig við náum æskilegu markmiði um að kolefnisjafna neyslu okkar. Það er ljóst að við getum bundið meira kolefni fyrir hverja krónu með því að gera það þar sem tré vaxa hratt og eru í „fullri vinnu" allt árið. Slíkt framlag er góð þróunaraðstoð, með því að ráða fátækt fólk til skógræktar, stuðlar að fjölbreytilegu lífkerfi sem nú er ógnað og leggur því lið að frumbyggjar regnskóga fái áfram að búa í heimkynnum sínum. Hnattrænn vandi kallar á hnattræna hugsun. Enginn er eyland. Ekki einu sinni Ísland.

## Eignir í samvinnufélögum

**UMRÆÐAN**

Samvinnutryggingar



**JÓN SIGURÐSSON**

Í leiðara Fréttablaðsins mánudaginn 18. júní sl. er umfjöllun um boðaða skipulagsbreytingu Samvinnutrygginga og sagt að hún sé „afar jákvætt skref og til sóma þeim sem að því stóðu." Hér skal tekið undir þessa umsögn.

Það gætir misskilnings í leiðaranum um eignir í samvinnufélögum. Um það segir m.a.: „Vandræðin byrja þegar ... eignarhald er óskýrt." Meginregla samvinnurekstrar er að stofnsjóður, sem skiptist í persónulega eignarhluti félagsmanna, stendur að baki eignum samvinnufélagsins.

Auk stofnsjóðs er ráð gert fyrir varasjóði, en íslensk lög gera ráð fyrir að hann nái fjórðungi af stærð stofnsjóðs. Það er annað óskylt atriði að takmarkanir eru á ráðstöfun eigna í stofnsjóði, varðandi sölu, veð, útborgun, erfðir o.fl.

Sérstakar ástæður ollu því að stofnsjóðir íslenskra samvinnufélaga fylgdu ekki eignaþróun áratugum saman en óskiptilegir varasjóðir urðu yfirgnæfandi. Við þetta myndaðist „fé án hirðis" í íslenskum samvinnufélögum.

Meginástæða þessa var ákvæði laga um útborgun stofnsjóðshlutar, en þau fólu í sér hættu á því að félögunum „blæddi út" við breytingar á félagsmannahópnum.

Að þessu leyti höfðu íslensk samvinnufélög engar varnir sambærilegar á við það sem hlutafélög hafa ævinlega haft, t.d. að geta samið um afborganir eða greiðslu stofnsjóðshlutar með skuldabréfi eða hlutabréfi í B-deild félagsins.

Þessi galli á íslenskum lögum var bættur með lagabreytingum 2001 svo sem sjá má í 7.mgr. 38.gr. laga um samvinnufélög. Jafnframt voru þá opnaðar leiðir til að breyta samvinnufélagi í hlutafélag, og skv. 3.mgr. 61.gr. laganna eiga menn nú kost á því að starfrækja „samvinnuhlutafélög" með svipuðum hætti og tíðkast í samvinnustarfi í nágrannalöndunum. Í þessu samhengi má nefna að í 3.mgr. 51.gr. og í 52.gr. laga um tekjuskatt eru einnig ákvæði um færslur eigna milli samvinnufélags og hlutafélags við slit eða skipti á samvinnufélagi.

Rétt er að taka fram að Samvinnutryggingar eru ekki samvinnufélag enda þótt vísað sé til laga um samvinnufélög í samþykktum. Réttarform Samvinnutrygginga er sérstætt og mjög líkt skipulagi íslenskra sparisjóða.

*Höfundur er fyrrverandi rektor Samvinnuháskólans og átti þátt í undirbúningi lagabreytinga um samvinnufélög.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.164 **-0,15%**

**Fjöldi viðskipta:** 253
**Velta:** 2.784 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **365** | +1,33% | **ÖSSUR** | -0,96% |
| **ICELANDAIR** | +1,27% | **ACTAVIS** | -0,56% |
| **STR.-BURÐARÁS** | +1,20% | **GLITNIR** | -0,53% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,81 +1,33% ... Actavis 88,50 -0,56% ... Alfesca 4,89 +0,83% ... Atlantic Petroleum 1.110 -0,45% ... Atorka 8,10 +0,00% ... Bakkavör 70,10 -0,14% ... Eimskipafélagið 41,00 -0,49% ... FL Group 29,80 +1,02% ... Glitnir 28,35 -0,53% ... Kaupþing 1.090 -0,28% ... Landsbankinn 38,10 -0,26% ... Marel 83,60 -0,48% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,10 +1,20% ... Össur 103,50 -0,96%

# Marel selur í Kína

Marel hefur selt kínverska matvælaframleiðandanum Pacific Andes upplýsingakerfi sem notað verður í nýrri verksmiðju fyrirtækisins í Quingdao-héraði í Kína. Marel mun í kjölfarið opna skrifstou í Kína og leggja aukna áherslu á innreið sína á markaðinn.

Kerfið frá Marel er framleiðslueftirlitskerfi, sem miðar að því að ná sem mestri nýtingu á hráefni við framleiðslu á unnum fiskafurðum.

Pacific Andes hefur höfuðstöðvar í Hong Kong og er eitt af stærstu fiskveiði- og vinnslufyrirtækjum heims. Í verksmiðju fyrirtækisins á Quingdao-héraði munu 3.200 manns vinna við kerfið sem miðar að því að ná sem mestri nýtingu á hráefni við framleiðslu á unnum fiskafurðum. Með innleiðingu á búnaðinum í haust, sem er fimmta og nýjasta kynslóð hugbúnaðarins af þessari gerð frá Marel, geta stjórnendur sömuleiðis fylgst náið með framleiðsluferlinu frá degi til dags, brugðist skjótt við því sem má fara betur og aukið bæði afköst og nýtingu. **- jab**



**HLUTI HUGBÚNAÐARTEYMIS MAREL** Marel hefur selt nýjustu útgáfu sína af hugbúnaði sem miðar að því að ná sem mestri nýtingu á hráefni við framleiðslu til Kína.

# Alcan í yfirtöku?

Gengi hlutabréfa í bandaríska álrisanum Alcoa, sem meðal annars rekur álver á Reyðarfirði, hækkaði um 2,8 prósent í kauphöllinni í Frankfurt í Þýskalandi í gær eftir að sá orðrómur komst á kreik að ástralska náma- og álfyrirtækið BHP Billiton væri að undirbúa 40 milljarða dala, tæplega 2.500 milljarða króna, yfirtökutilboð í álrisann.

Fréttaveitan Bloomberg segir yfirtökuáætlum BHP Billiton skammt á veg komna og hafi stjórnendur námafyrirtækisins ekki átt fund með Alcoa um málið.

Bloomberg segir nokkuð líklegt að yfirtökutilboð verði lagt fram, ekki síst eftir forstjóraskipti hjá BHP Billiton í október en þá stígur Charles Goodyear úr sæti forstjóra fyrir Marius Kloppers, sem þykir mjög jákvæður fyrir yfirtökunni. Goodyear var aftur á móti andvígur þess háttar skrefum. **- jab**



**VÆNTANLEGUR FORSTJÓRI** Marius Kloppers, sem tekur við forstjórastarfi ál- og námafyrirtækisins BHP Billiton í október, þykir líklegur til að styðja yfirtöku á Alcoa. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**Bónus í Stykkishólmi**
**Almenn verslunarstörf**



Okkur í Bónus í Stykkishólmi vantar einstakling til starfa við áfyllingu og við almenn verslunarstörf. Gott er að viðkomandi sé góður í mannlegum samskiptum og þrífist vel í krefjandi umhverfi.

Áhugasamir þyrftu að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknum má skila til verslunarstjóra eða á bonus.is.

**SÉRFERÐIR**



**Andalúsía**
**Í fótspor Márans**
**29. ágúst–8. september**

Andalúsía á Spáni býður upp á fagurt landslag, fjölskrúðugt mannlíf og dásamlega matargerð. Fararstjórinn sem er Þórarinn Sigurbergsson, þekkir hvern stokk og stein á þessu stórmerka svæði.

**Ferðalýsing: Granada:** Alhambra-höllin sem og listigarðar Alhambra og dómkirkjan. Flamenco-kvöld fyrir þá sem vilja. **Sevilla, höfuðborg Andalúsíu:** La Giralda bæjarturninn, ein stærsta gotneska dómkirkja Evrópu, konunglega borgarvirkið og ein best varðveitta mudéjar-höllin á Spáni. Einnig dagsferð í La Doñana þjóðgarðinn sem er engu líkur. **Cordóba:** Undurfögur borg sem hefur m.a. að geyma næststærstu mosku í heimi. Alcoy: Hin einstaka fjallaborg í Alicante-héraði heimsótt. Boðið upp á ógleymanlegan sælkerakvöldverð. **Lokadagur:** Farið í skoðunarferð um Alicante-hérað, fjallllendi og strendur. Flogið heim um kvöldið.

**Lágmarksþátttaka er 20 manns.**

**Verð á mann í tvíbýli**
**149.900 kr.**
**Innifalið:** Flug og skattar, gisting í tíu nætur ásamt morgunverði, allar rútu- og skoðunarferðir og íslensk fararstjórn.

**» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

**Sumarskóli TBR 2007**
**-nýtt skipulag!**

Sumarskóli TBR hefur verið starfræktur í 20 sumur. Þetta er alhliða íþróttaskóli og eru fjölmargar íþróttagreinar á dagskrá. Badmintoníþróttin skipar þó veglegan sess, enda er hún aðalíþrótt TBR. Við starfrækjum íþróttaskóla fyrir 6-13 ára börn í sumar. Skipt er í hópa eftir aldri.

Á námskeiðinu er stefnt að því að kynna nemendum helstu grunnatriði badmintoníþróttarinnar.Kennslan fer bæði fram á leikjaformi og í formi tækniæfinga og skiptist erfiðleikastig þeirra eftir aldri og getustigi þátttakenda. Einnig kynnast nemendur helstu leikreglum.



Námskeiðið er fjölbreytt, spennandi og skemmtilegt og við nýtum okkar frábæru staðsetningu í Laugardalnum, auk þess að fara í stuttar ferðir með strætó út fyrir dalinn. Á hverju námskeiði er m.a. farið í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn, í sund í Laugardalnum, ratleik í Elliðaárdalnum, Nauthólsvík heimsótt o.s.frv. Hverju námskeiði lýkur með hátíðardagskrá með ýmsum skemmtilegum viðburðum.

Boðið verður upp á bæði heils- og hálfsdagsvistun, frá 9-13 og 9-16. Möguleiki er á gæslu frá 8-9 og frá 16-17. Boðið er upp á léttan hádegisverð fyrir börn sem eru í heilsdagsvistun.
Þjálfarar eru m.a. Skúli Sigurðsson íþróttakennari, Broddi Kristjánsson íþróttakennari, Tinna Helgadóttir badmintonþjálfari, Árni Þór Hallgrímsson badmintonþjálfari, Jónas Huang badmintonþjálfari.

Námskeið 2 25. júní - 6. júlí
Námskeið 3 7. ágúst - 20. ágúst
Verð er kr. 8.000 fyrir námskeið kl. 9-13 og kr. 15.000 fyrir námskeið kl. 9-16.
***Upplýsingar og innritun í síma 581-2266.***

Öll börn í Sumarskólanum fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku og verðlaunapening eins og stefna ÍSÍ í þjálfun barna og unglinga segir til um.

**TENNIS- OG BADMINTONFÉLAG REYKJAVÍKUR**
**Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík, Sími: 581-2266 tbr@tbr.is www.tbr.is**

ETHEL ROSENBERG (1915-1953) DÓ Á ÞESSUM DEGI



*„Mannsins míns og mín verður að vera minnst í sögunni. Við erum fyrstu fórnarlömb bandarísks fasisma.“*

***Ethel og Julius Rosenberg voru tekin af lífi fyrir njósnir í þágu Sovétríkjanna árið 1953. Glæpur þeirra þótti aldrei fullsannaður. Aftaka þeirra sýndi hræðslu Bandaríkjamanna við kommúnismann en þau eru eina fólkið í Bandaríkjunum sem hefur verið tekið af lífi fyrir njósnir.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 19. JÚNÍ 1967**

## *Hallveigarstaðir teknir í notkun*



Hallveigarstaðir rekja sögu sína allt til ársins 1925, þegar konur hófu söfnun til byggingar kvennaheimilis. Tekið var fram frá byrjun að stofnunin ætti að verða miðstöð þar sem allar konur gætu átt aðgang. Þar áttu þær að geta fengið upplýsingar um nám og atvinnu auk þess sem aðgangur að bókum og blöðum átti að vera góður. Þar áttu námsmeyjar einnig að geta leigt herbergi á sanngjörnu verði.

Hugmyndinni að kvennaheimili var vel tekið og hafist var handa við fjársöfnun. Ríkisstjórnin gaf meðal annars lóð undir húsið. Miklar hindranir urðu þó í vegi fyrir byggingu hússins. Fjáröflun gekk ekki eins og vonir stóðu til meðal annars vegna krepputíma sem gengu yfir. Árið 1934 var svo ákveðið að reyna að byggja hluta hússins en gjaldeyrisleyfi og bankalán reyndust ófáanleg.

Fjársöfnun lá að mestu niðri yfir stríðsárin en árið 1945 var málið tekið upp að nýju. Yfirvöld samþykktu ekki teikningar að þeim Hallveigarstöðum sem upphaflega áttu að rísa og varð því að grafa samkomu- og fyrirlestrasal í jörðu vegna þess.

Árið 1967 voru Hallveigarstaðir loksins vígðir og teknir í notkun. Húsið var nefnt Hallveigarstaðir í minningu Hallveigar Fróðadóttur. Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands eru meðal þeirra samtaka sem hafa aðstöðu í húsinu en hluti þess er leigður út, meðal annars til kanadíska sendiráðsins.

**MERKISATBURÐIR**

**1870** Þrír Íslendingar, sem lögðu af stað frá Eyrarbakka 12. maí, komu til Quebec í Kanada. Þetta er talið upphaf fólksflutninganna miklu frá Íslandi til Vesturheims.

**1999** Breski prinsinn Edward giftist Sophie Rhys-Jones og hjónin verða hertogahjónin af Wessex.

**1994** Björk Guðmundsdóttir hélt tónleika í Reykjavík í fyrsta sinn eftir að hún varð heimsfræg.

**1960** Hernámsandstæðingar efndu til mótmælagöngu frá herstöðinni í Keflavík og til Reykjavíkur. Göngumenn báru borða með áletruninni „Herinn burt“.

**1885** Frelsisstyttan kom til hafnar í New York. Hún var gjöf frá Frökkum.

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ástríður Guðmundsdóttir**

frá Seljabrekku, Seilugranda 3,

verður jarðsungin frá Seljakirkju, laugardaginn 23. júní kl. 10.30.

**Stefán Eiríksson**
**Guðmundur Már Stefánsson** **Auður Margrét Möller**
**Stefán Hrafn Stefánsson** **Ása Hrönn Kolbeinsdóttir**
**Helga Björk Stefánsdóttir**
**Ásta Hrönn Stefánsdóttir**
**Hrefna Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Breiðfjörð Jónasson**

fyrrverandi kaupfélagsstjóri, Mýrarvegi 117, Akureyri,

sem andaðist mánudaginn 4. júní, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 20. júní kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Hjartavernd.

**Guðrún Guðríður Guðmundsdóttir**
**Elín Skúladóttir**
**Oddfríður Skúladóttir**
**Kristinn Skúlason** **Anna Pétursdóttir**
**Jóhann Skúlason** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Skúli Jónas Skúlason** **Þórhildur Höskuldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

KVENRÉTTINDI: HVERS VEGNA HALDIÐ ER UPP Á 19. JÚNÍ?

# Kosningarétti kvenna fagnað

Íslenskar konur fengu langþráðan kosningarétt þegar Kristján 10. Danakonungur undirritaði frumvarp þess efnis 19. júní 1915. Máttu konur þá í fyrsta sinn kjósa í Alþingiskosningum og einnig máttu þær bjóða sig fram til þeirra. Átti þetta þó einungis við um konur 40 ára og eldri, en Íslendingar voru meðal fárra þjóða sem settu aldurstakmarkanir á kosningaréttinn.

Kosningaréttinum var fagnað á fjölmennri samkomu þann 7. júlí 1915. Þá var íslenski fáninn notaður í fyrsta sinn sem viðurkenndur sérfáni Íslands, en konungur hafði einnig samþykkt frumvarp um fánann þann 19. júní. Kosningarétturinn var afrakstur áralangrar baráttu sem hófst árið 1885 en varð opinber 1894 þegar Hið íslenska kvenfélag safnaði 2000 undirskriftum með áskorun til Alþingis um að veita konum kosningarétt.

Árið 1916 bauð Bríet Bjarnhéðinsdóttir sig fram fyrir Heimastjórnarmenn í alþingiskosningum. Kosningaþátttaka kvenna var ekki mikil og Bríet náði ekki kjöri.

Ingibjörg H. Bjarnason varð síðan fyrst kvenna til þess að vera kosin á Alþingi. Hún tók þar sæti í febrúar 1923. Hún var eina konan á þingi allt fram til ársins 1930 þegar Guðrún Lárusdóttir tók við af henni.

Fram til ársins 1983, þegar Kvennalistinn bauð fram í fyrsta sinn, höfðu einungis 9 konur hlotið kjörgengi á Alþingi. Kvennalistinn fékk þá 3 konur kjörnar á þing og upp frá því fór hlutur kvenna að aukast. Í dag sitja á Alþingi 20 konur. Þar af gegna fjórar þeirra ráðherraembættum.

**thorunn@frettabladid.is**



**BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR** Bríet var meðal brautryðjenda í kvenréttindamálum á Íslandi.

---



†

*Við þökkum af alhug öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför elskulegrar móður okkar, dóttur, systur og ömmu,*

**Huldu Brynjólfsdóttur**

Álftarima 3, 800 Selfossi.

Sérstakar þakkir viljum við færa öllum þeim læknum og hjúkrunarfólki sem hugsuðu einstaklega vel um hana í veikindum hennar.

**Bent Larsen og fjölskylda**
**Karl Brynjar Larsen og Eva Björk**
**mamma, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þorsteinsson**

frá Laufási í Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 16. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. júní kl. 15.00.

**Þorsteinn Jónsson** **Elfa Andrésdóttir**
**Elínborg Jónsdóttir** **Franklín Georgsson**
**Erna Jónsdóttir** **Sveinn I. Sveinsson**
**Pétur Jónsson** **Sigrún G. Sigurðardóttir**
**Jón Ragnar Jónsson** **Katla Margrét Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma ,*

**Ragnheiður Ólöf Pálsdóttir**

Gaukshólum 2,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 13. júní. Útförin verður haldin í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 20. júní kl. 13.

**Jóhann Valgarð Ólafsson**
**Inga Lena Bjarnadóttir** **Hjalti Jóhannesson**
**Björn Ingi Björnsson** **Þóra Magnúsdóttir**
**Þórir Ómar Jakobsson**
**Óskar Ragnar Jakobsson** **Elín Gísladóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steingrímur Helgi Atlason**

fyrrv. yfirlögregluþjónn, Hjallabraut 43 Hf.

sem lést 6.júní sl. verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 20 júní kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Blindrafélag Íslands og Félag krabbameinssjúkra barna.

**Einar Steingrímsson** **Steinunn Halldórsdóttir**
**Atli Steingrímsson** **Erla Ásdís Kristinnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Friðfinnur Anno B. Ágústsson**

lést á LHS í Fossvogi 14. júní síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Helga Hafberg**
**Engilbert Ólafur Friðfinnsson** **Guðbjörg Gísladóttir**
**Hafsteinn Ágúst Friðfinnsson** **Kolbrún Birna Halldórsdóttir**
**Ari Friðfinnsson** **Þuríður Kristín Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



**Ný** alþjóðaheilbrigðisreglugerð á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastjórnarinnar hefur tekið gildi. Markmiðið með reglugerðinni er að auka öryggi þjóða heims í baráttunni við hinar ýmsu heilbrigðisógnir. Á Íslandi hefur verið skipaður sérstakur tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastjórnina auk þess sem breytingar hafa orðið á gildissviði sóttvarna.

**Verslanir** Hagkaupa eru með mikið úrval af léttum og sumarlegum borðbúnaði sem hentar hvort heldur sem er í garðinn, sumarbústaðinn eða útileguna. Borðbúnaðurinn heitir Rosti og er dönsk hönnun úr melamíni.

**Samstarfsverkefnið**
Ábyrgð – öllum í hag er þjálfunarverkefni fyrir starfsfólk skemmtistaða og veitingahúsa sem gengur út á að draga úr ofneyslu áfengis, slysum og ofbeldisverkum hjá þeim sem eru úti að skemmta sér. Á hinum Norðurlöndunum hafa sams konar verkefni skilað góðum árangri. Verkefnið er hafið í Reykjanesbæ og mun fljótlega hefjast víðar.





## Gen sem veldur heyrnarleysi fundið

BELGÍSKIR VÍSINDAMENN HAFA FUNDIÐ GEN SEM VELDUR GJARNAN HEYRNARLEYSI.

Ástandið sem um ræðir veldur því að bein í eyranu vex óeðlilega mikið og hindrar þannig að hljóðbylgjur berist inn í eyrað. Þetta er talið ein helsta orsök heyrnarleysis. Vísindamenn vonast til þess að uppgötvun þeirra verði til þess að betri meðferðir finnist við ástandinu. Eins og stendur er áhrifaríkasta lausnin aðgerð á eyra.

Lögð var áhersla á gen sem kallast TGBF1, en vitað var að það gen hefði áhrif á myndun eyra í móðurkviði. Rannsóknarhópurinn, sem hafði aðsetur í Antwerpen, gerði í fyrstu rannsóknir á belgískum og hollenskum sjúklingum. Þá kom í ljós samhengið milli gensins og beinamyndunarinnar. Önnur umferð af rannsóknum var framkvæmd, í þetta skiptið á frönskum sjúklingum. Sú rannsókn leiddi það sama í ljós.

Læknar og vísindamenn sem unnu að rannsókninni segja uppgötvunina vera frábæra. Vitneskjan um genið komi til með að gera frekari rannsóknir skilvirkari og muni auðvelda heyrnarlausum og heyrnardaufum lífið. Nú geta þeir einblínt á þetta ákveðna gen og þróað nýjar leiðir til að koma í veg fyrir og meðhöndla ástandið, sem talið er að einn af hverjum 250 manns þjáist af. *- þeb*












Þórsteinn Ágústsson hleypur að meðaltali sex sinnum í viku allt frá fimm og upp í þrjátíu kílómetra í senn.

# Endorfín beint í æð

***Þórsteinn Ágústsson, eigandi heilsuvöruverslunarinnar Góð Heilsa á horni Njálsgötu og Klapparstígs, hefur lifað mjög heilsusamlegu lífi rúmlega hálfa ævi sína og þó er hann ekki nema þrjátíu og tveggja ára.***

Aðeins sextán ára gamall byrjaði Þórsteinn að stunda hlaup og jóga og hefur ekki hnikað af þeirri leið síðan.

„Það má segja að ég hafi tekið alla þessa lifnaðarhætti upp á sama tíma. Til dæmis kom mataræðið svolítið í kjölfar jógans og hugleiðslunnar, enda tengjast hugur og líkami á ákveðinn hátt," segir Þórsteinn.

Í dag skrifar Þórsteinn sitt góða heilsufar mestmegnis á jóga og hreyfingu, en ekki síður á hollt og gott mataræði. Hann hefur verið grænmetisæta frá sextán ára aldri og borðar hvorki kjöt né fisk.

„Ég byrja alltaf daginn á því að útbúa mér hristing sem inniheldur meðal annars frosin ber, banana, hörfræ, mysuprótein og svo einhvern ávaxtasafa," segir Þórsteinn og bætir því við að af þessum góða drykk verði hann mettur fram að hádegi „Þá fer ég oft á einhvern af þessum grænmetisstöðum sem eru í grennd við verslunina til dæmis Garðinn sem er við hliðina á henni eða aðra nærliggjandi staði."

Þórsteinn hleypur meira en flestir meðalmenn og konur, eða um það bil sex sinnum í viku, allt frá fimm og upp í þrjátíu kílómetra í senn. Spurður að því hvort hann telji skokkið ávanabindandi svarar þessi hressi maður umbúðalaust að svo sé „Það er engin spurning. Þetta er endorfín beint í æð."

*mhg@frettabladid.is*





**Svifrykið** og skaðsemi þess er mikið í umræðunni, þegar snjóa tekur að leysa. Lungna- og ofnæmissjúklingar þurfa að gæta sín á dögum þegar mikið svifryk er í loftinu.













Helga Mogensen aðstoðarframkvæmdastjóri á Manni lifandi segir hristinga vera sérlega góða á sumrin og mælir heilshugar með þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Bláberja hristingur er bestur á morgnana og góður fyrir lifrina:

Hálft glas af eplasafa
Lúka af bláberjum, frosin eða fersk
Matskeið af hörfræolíu eða kókosolíu
Ein mæliskeið af mysupróteini
Þeytt saman í blandara þar til það verður mjúkt og freyðandi.

# Líkaminn elskar hristinga

***Sumarið er rétti tíminn til að njóta hristinga eða „smoothies“ eins og þeir kallast á frummálinu.***

Hristingar eru fljótgerðir og ljúffengir, í raun hin fullkomna skyndmáltíð hvort sem er á morgnana eða yfir daginn.

Helga Mogensen á Manni lifandi mælir heilshugar með þeim til heilsubótar en bendir um leið á að það sé mikilvægt að setja í þá allt sem líkaminn þarfnast ef þeir eiga að koma í stað máltíða.

„Kroppurinn þarf ákveðin vítamín og steinefni í hverri máltíð og því er nauðsynlegt að bæta út í hristinginn próteinum og fleiri nærandi efnum. Líkaminn elskar nefnilega hristinga ef öll góðu efnin eru í þeim,“ segir hún og bendir jafnframt á að hristinga megi bæði gera úr ávaxtasöfum, sojamjólk, hrísmjólk eða öðrum drykkjum.

*mhg@frettabladid.is*



Spínatdrykkur í hádeginu kemur skapinu í lag:

Hálft glas af köldum eplasafa
Ein til tvær lúkur af fersku spínati
Lúka af rúkóla eða vatnakarsa
Matskeið af hörfræolíu
Tvær döðlur
Ein mæliskeið af mysupróteini
Ein matskeið af „Phitofood“
Þeytt saman í blandara á fullum krafti

(Phitofood er unnið úr hveitigrasi og ýmsum kornum og er hreint ótrúlega næringarríkt duft sem má mjög gjarnan vera með í hristingnum).



Sumardrykkurinn inniheldur meðal annars jarðarber og melónur:

Hálfur bolli af eplasafa
Einn til tveir bollar af vatnsmelónu
Bolli af jarðarberjum frosnum eða ferskum
Prótein ef vill
Þeytt saman í blandara

Þessi drykkur virkar vatnslosandi og er einstaklega sumarlegur og hressandi.









# Frelsið er alveg yndislegt

***Sæþotur njóta aldrei eins mikilla vinsælda og nú. Aðallega hjá ungu fólki.***

„Vinsældirnar hafa aldrei verið meiri en nú,“ segir Bövar Sigurðsson annar eigandi Sæþotuleigunnar sem hefur verið starfrækt í þrjú ár. „Vinsælast er þetta hjá fólki á aldursbilinu 18 til 30 ára, þótt það sé ekki algild regla, og kúnnarnir oft svo ánægðir að þeir koma hingað á hverju ári.“

Að sögn Böðvars njóta sæþoturnar jafn mikilla vinsælda hjá báðum kynjum og hafa gert alveg frá upphafi. „Hingað koma stundum bílar stútfullir af stelpum, sem vilja bara skemmta sér. Sumar eru að vísu svolítið sparsamar á bensíngjöfina, en þeim þykir ekki síður gaman en strákunum. Enda mikið frelsi sem fylgir því að þeysast um á sæþotu á hafi úti, með náttúrufegurðina allt um kring.“

Böðvar segir sumar af þotunum ná allt að 215 hestöflum, með túrbó og millikæli. Ekki sé þar með sagt að mönnum leyfist einhver ofsahraði, þar sem starfsmenn eru mjög harðir á öryggisreglum.

*roald@frettabladid.is*



Böðvar Sigurðsson sést hér á blússandi siglingu á einni af sæþotunum sem fyrirtækið leigir út. Að hans sögn er ekki um neinar druslur að ræða heldur sæþotur af bestu fáanlegu gerð.



**Skipt á rúminu** Skipta ætti á rúminu einu sinni í viku. Bæði heldur það rúminu hreinu, auk þess sem þetta getur dregið úr ofnæmi.

# Listmunir úr afgöngum

Alexander Bridde, járnsmíðameistari, stofnaði Prófílstál árið 1985 og starfar þar við almenna járnsmíði. Meðfram hefðbundnu starfi sínu hefur Alexander smíðað listmuni í gegnum tíðina og gefið vinum, ættingjum og stofnunum við sérstök tækifæri.

„Við erum í almennri járnsmíði og höfum mikið starfað við byggingu sundlauga, íþróttamiðstöðva og fleira. Þar smíðum við handrið, stiga, skrautmuni og nánast hvað sem er,“ segir Alexander og bætir því við að einnig smíði þeir mikið af aukahlutum í bíla fyrir björgunarsveitir og einstaklinga.

„Ég hef eiginlega alla tíð eftir að ég fór að mannast verið að smíða listmuni og alltaf haft í mér einhverja sköpunargleði. Ég hef gert mikið af stykkjum í gegnum tíðina til gjafa en ekki gert mikið af þessu til að selja hingað til,“ segir Alexander sem smíðar munina úr smíðajárnsafgöngum úr vélunum í fyrirtækinu.

*sigridurh@frettabladid.is*




Alexander Bridde er eigandi fyrirtækisins Prófílstáls í Smiðshöfða og hefur smíðað fjölda listmuna um árin samhliða almennri járnsmíði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Prófílstál annaðist mörg verkefni við byggingu Salasundlaugar og gaf lauginni þetta verk við opnunina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Þetta verk gaf Alexander konu í fertugsafmælisgjöf en hún er mikil veiðimanneskja.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Þessi nytjalistmunur er á veitingastaðnum Sjávarbarinn og er í senn fallegur listmunur og blaðagrind.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Vissir þú að það kostar bara 2.900 kr. að framkalla 100 myndir
Dífðu þig að láta framkalla stafrænu myndirnar!
www.myndval.is
Álfabakka 14 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT





ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins



Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

ELBA

Eldavélar · Ofnar · Helluborð · Viftur & háfar · Uppþvottavélar · Snaigė Kæli- og frystiskápar

20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLASALAN.IS



Dodge Caravan SXT 3.3 2005 Ek. 49 þ.mílur 7 sæta, DVD, barnastóll ofl. Verð 2.490.000.- Allarnánari upplýsingar í 866 5354 & á www.bilasalan.is



VW Golf 1,6 Comfofortline 7/2004 ek. 54þ.km Station, CD ofl. Verð 1.290.000.- Allarnánari upplýsingar í 866 5354 og á www.bilasalan.is



VW Jetta 1.9 Dísel Trendlins 11/2005 ek. 24þ.km 16"álfelgur, eyðsla 5 á hundraði, umboðsbíll. Verð 2.190.000.- Allarnánari upplýsingar í 866 5354 og á www.bilasalan.is



Harley Davidsson Sportster 1200 2006 óekið hjól Lán ca.1.500.000.- Verð 1.990.000.-



Yamaha YZ250F 2005 komá götuna 2006. Lítið ekið. Verð 650.000.-



Ducati Monster 5/2005 ek. 4.þ.km 800cc. Verð 990.000.-

**Bílasalan.is**
**Stórhöfða 24, Reykjavík**
**Sími: 533 2100**
**Sími 5332100 og 8665354**
**www.bilasalan.is**

Lykilbílar ehf. bílasala



BMW X5 Díesel, f.skr. 02/04 ek 68 þ.km, bsk., Verð kr 4.390.000. Vantar bíla á skrá og á staðinn.

**Lykilbílar ehf**
**Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes**
**Sími: 445 7700**
**www.lykilbilar.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



MMC PAJERO GLX 3200 DÍSEL. Árg.2004, 32"Antera breyting,Mjög fallegur bíll, ek. 52 þ.km, Sjálfs. Verð 3.690þ,Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Klettháisi 2, S:562-1717. Sjá fleirri myndir á www.bilalif.is



VW POLO BASICLINE. Árg. 2004, ek. 44 þ.km,5 gírar. Verð 1.090.000.Mjög góður bíll.Til sýnis og sölu á Bílalíf Kletthálsi 2, s:562-1717.Sjá fleirri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



HYUNDAI GETZ árg '03 ek 107 þ. km, 1,3L, 5 gíra, rafd.rúður TILBOÐ 590 þ. stgr, áhv 534 þ. afb 12.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. S. 567 2700.



FORD ECONOLINE DÍSEL 15 manna árg. 8/1990 ek. 57 þ. mílur, 7,3L ssk., 36" dekk, Gott eintak, Verð 1290 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

## Bílar til sölu



**Stórlækkað verð !!**

Gullfallegur BMW 320I ekinn 202 þ. sjálfsk. Verð 390 Þús. Nýskoðaður. Uppl. í síma 895 8873.




Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



**Nissan Terrano**

Árg. 97. Ek. 141. þús. Bensín, bsk., 7. manna. Dráttarkr. Toppbogar og fl. Verð 480. þús stgr. Sími 864 4612.



Lítið keyrður!! Daewoo Nubira Station árg. 99 bsk. Ek. 64 þ. sk. 08. Óska eftir tilboðum. Uppl. í s. 891 6401.



Hyundai Accent, árg '97 1,5 sjálfsk, 5 dyra, verð 120 þús. Uppl. í s . 867 3022.



VW Golf '01, ek. 95 þús. Mjög vel með farinn, ný tímar. V. 800 þús. S. 696 8769.



Til sölu ferðabíll Ford 350. Árg.'86. Innréttaður, verð 250 þús. Uppl. í s. 824 0213.



Til sölu Peugeot 206. 20.09.'99. Ek.92 þús. Smá útlitsgallaður annars í góðu standi. Kraftpúst, álfelgur, tölfukubbur ofl. Verð 250 þús. Uppl. í s. 898 8835.

**www.bilapartar.is**

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

**Fyrstur kemur fyrstur fær. 2 Ódýrir og góðir bílar.**

**Ford Lincoln árg. '84. 4.dyra. Vél V8. Einnig. BMV árg. '74. Módel 1802. 2dyra. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 897 4229.**

**Óska eftir Doom buggie**

Má vera í hvaða ástandi sem er. Gefins eða á lágu verði. Uppl. í s. 864 2592.

Ford Escape XLS, ssk., árg. 2006 ek. 20 þús. Vetrar og sumardekk. Verð 2,4 millj. Uppl. í s. 696 2954.

Til sölu Volkswagen Vento, árg. 1997, frúarbíll, ekinn 54 þús. km. nýskoðaður í toppstandi. Verð kr. 490 þús. S. 568 0447 og 861 3699.

Til sölu Toyota Corolla Árg.'91 Ek. 137 þús. Mjög vel með farinn, búið að endurnýja vatnsk., pústk. og bremsud. Verð 130 þús. Uppl. í s. 894 1417.

Til sölu MMC Pajero Dísel 2,8 Árg.'98 Ek. 220 þús. Nýtt hedd, ssk, 7 manna, álfelgur, 32" dekk, verðhugmynd 780 þús. Áhv. ca. 400 þús. Ath. Skipti á ódýrari. Uppl. í s. 847 1763.

## 0-250 þús.

Opel Corsa '99 ek. 100km. 5dyra. Sk. '08 álfelgur. Verðtilboð 250 stgr. S. 696 2109 & 692 7919.

Ódýr góður!! Corolla Sedan '94 Ssk ný sk. V/88Þ. Corolla '95 5D V/75þ. S. 844 6609.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla '97 ek. 115 þ. Bíll í góðu standi og vel með farinn. Nýskoðaður Verð 390 þús. Uppl. í s. 663 0866, Stefán.

## 500-999 þús.



16 þ. á mánuði Daewoo Kalos Se, árg. 09/03, ek. 69 þ., sk. 08, fæst á láni 600 þ. Uppl. í s. 661 8197.



12 þús. á mánuði Peugot 306, árg. 02, ek.127 þ. Verð 670 þ., 100% lán 565 þ. Uppl. í s. 820 0151.



Daf45/130 árg.'93 sk.08 km 245 þ. Verð 545 þ. S. 865 0046.

## 1-2 milljónir




Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Skoda Octavia 1.8 turbo, ek. 107000, ný tímareim, ný kúpling ofl verð 110.0000 s. 693 9912.



Auðveld Kaup! Hyundai Getz, árg. 05, ek. 16 þ. Fæst gegn yfirtöku 1130 þ. Uppl. í s. 661 8185.

## 2 milljónir +



VW Touareg V8 árg. '04 ek. 29 þús. Hlaðinn aukabúnaði! Gott stgr. verð. Allar nánari uppl. í s. 897 2451.

## Bílar óskast

Skoðaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

Óska eftir ódýrum bíl á verðb. 50-60 þús. S. 699 2707.

Station eða sendibíll óskast á ca. 100-200 þ. Uppl. í s. 564 4232, Halldór.

## Jeppar



**Dodge Ram 3500 - 44"**

5.9 cummings, árgerð 2004, ekinn 40.000km, 44" mikið breyttur, loftpúðar allan hringinn. Sjón er sögu ríkari. Tilboð óskast. Er til sýnis að Burknavöllum 17 í Hfj. Uppl. í s. 863 8423.




2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Mazda Tribute Sport 4WD 3.0 V6 árg. 2006 ek. 15þ.km, sjsk, hlaðinn aukabúnaði ásett verð 3,3millj. Áhv. um 2,4millj. Skoða má skipti S. 821 1154.



Til sölu Toyota Landcruser 70 árg. '00 ek. 180 þ.km. 38" breyttur 38" AT dekk, læstur að framan og aftan, loftdæla, kastarar ofl. Verð 2,6 engin skpti. Uppl. í s. 822 8032.

## Pallbílar




Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## Vörubílar



**Hestaflutningabíll lækkað verð**

Hestaflutningabíll rúmar 8 hesta árg. '96 nýsk., ekinn 150 þ. Nýjar bremsur, góður og vel með farinn bíll. V.1,190,000 + VSK. Uppl. í síma 895 8873.

## Húsbílar



Fiat Ducado 2001 með 2,8 dísel vél, ek. 21 þ. Toppbíll með Detleffs yfirbyggingu. Með backmyndavél, tv, sóltjald með hliðum, hjólagrind með ábreiðslu, útiteppi. Verð 3,6 m. S. 821 2112.

Til sölu Húsbíll Fiat Charky L.37. Árgerð 2006, ekinn um 4000 km. Bifreið í sérflokki með mikið af aukahlutum. Fallegur bíll. Upplýsingar í síma 557 5674 & 899 5674.

## Mótorhjól



Bub pípur Dyno, dyno jet power commander, k&n síur stærri stimplar og heitir ásar, ný kúpling. Áræðanlega einn öflugasti warrior landsins, ek. 7800km, mest í USA. V. 1380.000 stgr. Áhv.0- ekkert prútt. S. 664 3689.



Yamaha R1 2005. Keyrt aðeins 450 km. Sjá nánar á motorhjol.blogspot.com. Jón 695 9568



Suzuki125RM árg. 2003 með öllu. Verð 325 þ. S. 865 0046.



Yamaha XT660X árg. 2006 ekið 3600km. til sölu verð 790þ. Uppl. í s. 848 6717.

Til sölu Husaberg 450 árg. '05 lítið notað hjól. Uppl. í s. 869 6825.

Triumph Bonneville Black árg. '06. ek. 1 þús. Ýmsir aukahlutir fylgja . Verð 840 þús. Uppl. S. 896 6366.

## Kerrur



**Brenderup 1150 S**

Innanm. 144x94x35 cm - Burðarg. 400 kg - Dekk 13". Verð: 88.000 m/VSK Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ



# Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



# hola í höggi

ÞRIÐJUDAGUR 19. JÚNÍ 2007


## Ráð fyrir konur

Ragnhildur Sigurðardóttir gefur góð ráð

BLS. 6





NORDICPHOTOS/GETTY


## Hús á allar tegundir golfbíla



## Rafmagns golfkerrur



**Klick-N-GO**
**Rafmagnskerrur sú fyrirferða minsta í dag 3ja hjóla kerrur**



LEXA

**Mikið úrval aukahluta á allar tegundir golfbíla**

Nánari uppl. veittar hjá Lexa ehf
Stórhöfða 37 sími 897 1100

# Stafræn sveifla með Tiger Woods

Nýr leikur frá Tiger Woods er kominn á markaðinn. Hann heitir Tiger Woods PGA Tour 07 og er gefinn út hér á landi af Senu. Í leiknum er hægt að spila sem bestu golfarar heims en einnig er hægt að búa til eigin persónur, til dæmis sjálfan sig. Keppt er á völlum sem eru til í raun og veru og margir möguleikar eru fyrir hendi í leiknum. Meðal annars er hægt að keppa á öllum helstu stórmótum sem fram fara í golfi og einnig hægt að spila sig upp og spila að lokum við Tiger sjálfan. Leikurinn inniheldur nýtt sveiflukerfi sem auðveldar leikmönnum að ná betri og nákvæmari höggum.



Eins og sést á myndinni er öll grafík í tölvuleiknum mjög góð.








Hörður Barðdal, formaður GSFÍ, hefur unnið hörðum höndum að því að bæta þjónustu við fatlaða golfspilara.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sitjandi golf að breiðast út

**Golfsamtök fatlaðra á Íslandi leita stöðugt leiða við að bæta þjónustu sína við félagsmenn. Nýlega tóku þau í notkun bíl sem auðveldar hreyfihömluðum að leika golf án fyrirstöðu.**

„Við erum búin að fjárfesta í rafmagnsbíl, sem auðveldar fólki sem á erfitt með gang að leika golf,“ segir Hörður Barðdal, formaður GSFÍ, Golfsamtaka fatlaðra á Íslandi, sem standa meðal annars fyrir golfkennslu fyrir fatlaða í Básum. „Markmiðið er að breiða út svokallað sitjandi gólf, enda ætti hreyfihömlun ekki að vera fyrirstaða fyrir þátttöku í þessari íþrótt.“

Rafmagnsbíllinn er því nýjasta útspil Golfsamtaka fatlaðra sem hafa verið í stöðugum vexti síðan þau voru stofnuð árið 1995. Þá var ekki margt í boði fyrir fatlaða golfspilara hérlendis og þurfti Hörður, sem átti frumkvæði að stofnun þeirra, að leita fyrirmynda erlendis frá.

„Þegar ég fór að kanna málið í byrjun níunda áratugarins, var ekki mikið um að vera og ég hélt í fyrstu að ekki væru til sambærileg samtök úti í heimi,“ rifjar hann upp.

„Nánari eftirgrennslan leiddi þó í ljós að til voru golfsamtök fatlaðra, sem kallast The One Armed Golfer´s Society, og höfðu starfað alveg frá árinu 1932. Um það leyti sem ég var að spá í spilin, var síðan farið að stofna samtök víðsvegar um heim. Í Svíþjóð árið 1992, stuttu áður á Englandi, og í Þýskalandi árið 1995, eða sama ár og íslensku samtökin voru stofnuð.“

Forsvarsmenn íslensku samtakanna sátu ekki auðum höndum eftir stofnunina, heldur gerðu sér lítið fyrir og sendu keppendur á alþjóðlegt golfmót fatlaðra sem haldið var í Swinton á Englandi árið 1998. Þá kepptu Hörður og Gunnar Hjartarson, sem er jafnframt þekktur fyrir þátttöku sína í biljarð, fyrir Íslands hönd. Óhætt er að segja að félagarnir hafi staðið sig með prýði, þar sem Gunnar náði fyrsta og öðru sæti. Eru þá óupptalin innanlandsmótin sem samtökin hafa staðið fyrir nánast árlega frá 1995.

„Þetta sýnir bara að golf og fötlun hafa lengi átt samleið,“ segir Hörður. „Fötlun er því engin fyrirstaða og við tökum vel á móti öllum sem sýna þessari íþrótt áhuga. Gildir einu um hvers konar fötlun er að ræða, líkamlega eða andlega, þar sem við reynum að sníða golfkennsluna út frá sérþörfum hvers og eins. Sem stendur erum við með hóp sem mætir reglulega í kennslu og telur sex manns svo við getum enn bætt við okkur.“

Golfkennsla fyrir fatlaða fer fram í Básum alla miðvikudaga frá klukkan fjögur til sex og byrjar í janúar og stendur yfir fram til september. Nánari upplýsingar undir liðnum „klúbbar“ á síðunni www.golf.is .

*roald@frettabladid.is*




# Fljúgum hærra !

SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%.**

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

Himinn og haf / SÍA - 9070541



**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**15,3% ávöxtun***




*75 ára* | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31.ágúst 2006 til 31.maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.
Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.












Þórdís og Lúðvík æfa púttið. Þau segjast þó fara alltof sjaldan saman á völlinn núorðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ólust upp á Hvaleyrarvelli

**Systkinin Lúðvík og Þórdís Geirsbörn fara fagmannlega með púttkylfurnar á Hvaleyrarvellinum í Hafnarfirði.**

„Þórdís er búin að læra svo mikið síðan ég kenndi henni á sínum tíma að ég á engan séns í hana lengur. Nýfermd var hún farin að slá fram úr mér, var í landsliðinu um tíma og hefur náð nokkrum Íslandsmeistaratitlum. Við hjónin erum reyndar að fara að sinna golfinu af alvöru þannig að það er aldrei að vita nema ég nái henni aftur,“ segir Lúðvík glettinn þegar þau systkinin eru spurð hvort rígur sé á milli þeirra á vellinum.

Lúðvík og Þórdís ólust upp á Hvaleyrarholtinu og segja golfvöllinn hafa verið þeirra leiksvæði. „Ég byrjaði að koma hingað sem krakki þegar völlurinn var nýr, kringum 67-68 og eignaðist fljótlega kylfur. Svo var ég að draga fyrir karlana, ganga um fjöruna og finna bolta,“ rifjar Lúðvík upp. „Tvíburasysturnar Þórdís og Ásdís eru sex árum yngri en ég og voru rétt byrjaðar að standa í fæturna þegar ég fór að draga þær hingað niður eftir. Þórdís fór aldrei heim aftur. Hún er búin að vera hér í fjörutíu ár!“

Hvað skyldi hafa orðið til þess að Þórdís ílentist í golfinu en ekki hin systkinin?

„Það var rosalega góður hópur á svipuðum aldri og ég sem stundaði golfið á þessum tíma,“ svarar hún. „Ég var reyndar eina stelpan en varð fljótt jafnvíg strákunum og gaf þeim því ekki kost á að skilja mig útundan. Ég byrjaði líka eins og Lúlli á að draga fyrir meistaraflokksfólk og fljótlega fór ég að læra reglur golfsins og hvernig á að haga sér. Það er hluti af íþróttinni. Umgengnisreglurnar eru þroskandi og byggja meðal annars á snyrtimennsku og háttvísi.“

Það var fyrir fjörutíu árum sem golfklúbburinn Keilir var stofnaður og völlurinn lagður á Hvaleyrarholtinu. „Hér voru bújarðir og fyrsta klúbbhúsið var gamalt býli. Eflaust væri hér íbúðar- eða iðnaðarsvæði ef menn hefðu ekki haft þá forsjálni að koma þessum velli á. Hann hefur síðan stækkað og út í hraunið,“ segir bæjarstjórinn og er ekki í vafa um gildi vallarins fyrir Hafnarfjörð.

„Völlurinn hefur mikla þýðingu, fyrst og fremst sem útivistarsvæði því hann er eins og vin í bænum. Í öðru lagi er golfið orðinn stór þáttur í ferðaþjónustu í Hafnarfirði. Það er víst bara hér og á Hawaii sem golfvellir eru í hrauni og hingað kemur fólk bæði frá öðrum stöðum á Íslandi og utan úr heimi til að slá kúlu. Hér hafa verið haldin stór alþjóðleg mót og margir þekkktustu kylfingar heims hafa spilað hér á undanförnum árum. Ekki má svo gleyma því að hér er unnið mikið uppeldis- og æskulýðsstarf sem er mjög mikilvægt.“

Þórdís er sama sinnis. „Þegar ég var að byrja um 12 ára aldurinn þá var ég með þeim yngstu á svæðinu,“ segir hún. „Við fórum á völlinn með nesti og vorum fram á kvöld en þá voru engar skipulagðar æfingar fyrir krakka. Nú eru fimm til sex ára börn byrjuð á námskeiðum og það er æðislegt.“ Sjálf hefur hún miklu að miðla í íþróttinni. Skyldi hún stundum taka bróður sinn í tíma?

„Það er regla í golfinu að menn segi ekki hver öðrum til nema þeir biðji um það en Lúlli er ekkert feiminn að spyrja mig ráða ef hann vill laga eitthvað.“ Nú finnst bæjarstjóranum ástæða til að minna á upphafið. „Þegar fólk hefur orð á því við mig hversu góður kylfingur systir mín sé þá segi ég auðvitað. „Já, það var ég sem kenndi henni!“ Því neitar Þórdís ekki. „Ég stal að minnsta kosti kylfunum hans,“ segir hún glaðlega.

*gun@frettabladid.is*

# Golfnámskeið fyrir börn

Golfklúbburinn Keilir heldur úti öflugu barna- og unglingastarfi.

„Við erum með sumarnámskeið í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Það eru um tuttugu krakkar á hverju námskeiði á aldrinum sjö til þrettán ára,“ segir Hörður Arnarson, yfirgolfkennari í Keili. Hann segir þessi námskeið vera fyrir byrjendur og séu kynning á íþróttinni. „Við erum með sérlega góða aðstöðu hér til þess að taka á



**Hvaleyrarvöllur**

móti krökkunum, bæði inni og úti, svo veðrið skiptir orðið litlu máli fyrir okkur.“

Að auki er í Keili hópur barna og unglinga sem æfir innan félagsins að staðaldri. Hörður segir það vera um 85 krakka á aldrinum átta til átján ára. Þau séu á skipulögðum æfingum tvisvar til þrisvar í viku og auk þess æfi þau sig sjálf þess á milli.

Að sögn Harðar eru flestir stærstu golfklúbbarnir með sumarnámskeið fyrir börn í samstarfi við viðkomandi bæjarfélög.

# Höfum opnað

20% - 70% afsláttur af öllum golfvörum








HOWSON Attacker Rescue 210
Marg verðlaunaður hálfviti!
Herra og dömu
**Verð aðeins kr. 3.920**

Barna- og unglinga-
golfsett í poka. Ódýrar
stakar kylfur í úrvali.
**Verð frá kr. 7.920**

Pro Quip Silk Touch Regngalli
Ryder Cup regngallinn
Besti gallinn skv. Todays Golfer
**Jakki aðeins kr. 11.120**
**Buxur aðeins kr. 8.400**

LYNX Black Cat járnasett,
Með þyngdarstillingu á haus.
**Verð frá kr. 37.030**
LYNX Parallax Forged járnasett
**Kr. 41.930**







Stakar kylfur **frá kr. 1.840**
1/2 golfsett **frá kr. 9.900**
Heil golfsett í poka **frá kr. 22.750**
Kerrur **frá kr. 2.775**
Pokar **frá kr. 1.990**
Rafmagnskerrur **frá kr. 13.900**








HIPPO XXL 460
Verðlauna driverinn.
Bestur í sínum flokki skv.
Todays Golfer, *„ekki verri en margfalt dýrari driverar"*
**Verð aðeins kr. 11.120**

Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom
28 AH geymir
**Verð kr. 35.120**
**Fjarstýrð kr. 50.320**

**Golf Outlet**

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800

# Stefnir á fyrstu deildina í Evrópu

**Sigurpáll Geir Sveinsson, í golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ, hefur verið atkvæðamikill kylfingur á undanförnum árum. Í fyrrahaust vann hann sinn fyrsta keppnisrétt inn á atvinnumannamót erlendis. Það var á sænsku mótaröðina í golfi og hóf Sigurpáll keppni í vor.**

Sigurpáll hefur æft golf frá þrettán ára aldri, það er 1988. „Það þótti ungt þá en í dag er ekki óeðlilegt að börn byrji fimm ára gömul í golfi,“ segir Sigurpáll og bætir því við að hann hafi strax fundið að þetta ætti vel við hann. „Sennilega er ástæðan sú að einstaklingsíþróttir henta mér betur en hópíþróttir. Svo fannst mér heillandi að slá litla kúlu út í loftið og reyna að vera eins nákvæmur og mögulegt er.“

Spurður hversu mikið hann æfi að staðaldri, segir Sigurpáll: „Yfir háveturinn, þegar engin mót eru í gangi, hef ég verið að æfa þrisvar til fjórum sinnum í viku í eina til tvær klukkustundir í senn. Í mars hefst venjulega undirbúningstímabilið og þá æfi ég og spila að meðaltali í 24 tíma á viku.“ Þegar keppnistímabilið hefst æfir Sigurpáll í tvo til fjóra klukkutíma á dag, stundum meira og stundum minna.

„Það skemmtilegasta við golfið er að þar er maður bara einn að hugsa um sig og sitt golf. Svo eru það náttúrulega þessi fullkomnu högg inn á milli sem drífa mann áfram,“ segir Sigurpáll og bætir við: „Félagsskapurinn í kringum golfið er líka einstakur.“

Sigurpáll viðurkennir að stundum fái hann nóg af golfi. „Þá reyni ég að taka eina viku í frí en þá er maður orðinn hungraður í að fara að æfa aftur og verða betri. Það er nauðsynlegt að taka sér pásu inn á milli því of mikið golf getur haft slæm áhrif á getuna.“

Sigurpáll hefur orðið Íslandsmeistari þrisvar sinnum, árin 1994, 1998 og 2002. „Svo hef ég orðið Íslandsmeistari með sveitunum mínum; Golfklúbbi Akureyrar árið 1998 og með Kili í Mosfellsbæ árin 2005 og 2006,“ segir Sigurpáll sem hefur sigrað á mörgum mótum á íslensku mótaröðinni um árin. „Í fyrra vann ég svo minn fyrsta atvinnumannamótsrétt erlendis. Það var úrtökumót fyrir sænsku mótaröðina þar sem ég mun spila að miklu leyti í sumar. Ég hef farið ágætlega af stað og komist í gegnum alla niðurskurði en það vantar herslumuninn í púttunum til að ég geti blandað mér í baráttuna um sigur.“

Árið í ár er það fyrsta sem Sigurpáll keppir mikið erlendis sem atvinnumaður. „Það verða líklega 7-9 mót hjá mér erlendis og 5-6 heima á Íslandi.“

Sigurpáll svarar þeirri spurningu játandi hvort það séu miklir peningar í golfinu. „Það má segja að þetta sé deildaskipt. Birgir Leifur er að spila í fyrstu deild í Evrópu þar sem sigur í móti getur gefið marga tugi milljóna. Sjálfur er ég að spila í þriðju deild og er í raun að nota hana til að undirbúa mig fyrir úrtökumót í fyrstu deildina,“ segir Sigurpáll sem miðar nú allar æfingar sínar og markmið við að vera í formi í september til að komast í fyrstu deildina í Evrópu.

*sigridurh@frettabladid.is*



Sigurpáll Geir Sveinsson hóf keppni á sænsku mótaröðinni í golfi í vor og hefur farið ágætlega af stað. Enn vantar hann þó herslumuninn í púttunum til að blanda sér í toppbaráttuna í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI






# Pútterinn í uppáhaldi

Ragnhildur Sigurðardóttir atvinnukylfingur hefur spilað golf frá 1983 og veit að hverju konur í golfi þurfa að huga. Hún getur því gefið nokkur góð ráð sem ágætt er að hafa í huga.

**1. Mundu að þú ert í golfi til að hafa gaman af því**

Golf er þannig samansett að það kallar fram bæði bestu og verstu hliðar fólks. Þegar öldudalirnir eru djúpir er mikilvægt að rifja upp að þetta er nú bara leikur með öllum þeim áskorunum sem í honum felast.

**2. Gerðu pútterinn að uppáhaldskylfunni í pokanum**

Pútterinn ætti að vera besti vinur þinn. Hann getur orðið það ef þú sinnir honum. Púttaðu í hvert skipti áður en þú ferð að spila og áður en þú ferð á æfingasvæðið að slá, þannig eykur þú líkurnar á betra skori og bjartara brosi.

**3. Kláraðu sveifluna og notaðu fæturna**

Við konurnar erum ekki jafn sterkar líkamlega og karlmenn. Því er mikilvægt fyrir okkur að nota sterkustu vöðvana okkar sem eru í fótunum. Notaðu fæturna og endaðu í jafnvægi þannig að mjaðmir snúi í átt að lendingarstað boltans.

**4. Spilaðu eins margar holur og henta þér**

Þegar tíminn er knappur og mikið að gera (á stóru heimili), finnst mér betra að spila þrjár holur heldur en ekki neitt. Ég fer þá, (oft á kvöldin) og tek stundum fleiri en einn bolta ef enginn er fyrir aftan mig og kem heim endurnærð eftir fjórutíu mínútur á golfvellinum.

**5. Stofnaðu spilahóp með vinkonum þínum**

Það að spila með vinum sínum er hvetjandi og að eiga fastan spilatíma einu sinni í viku getur gert gæfumuninn.

*emilia@frettabladid.is*



Ragnhildur segir að mestu skipti að hafa gaman af golfinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Inn X stækkar
## þína veröld
# í dag



**Inn X Innréttingar**
**opna stórglæsilega nýja sýningaraðstöðu að Dalvegi 10-14 Kópavogi í dag 19. júní.**

**Innréttingarnar frá Inn X,** sem eru unnar í gæðavottuðum verksmiðjum, vinna á útliti, gæðum, stíl og nýtingu. **Þó er það verðið sem kemur mest á óvart.**

**Komdu og fullkomnaðu þína veröld, um leið og þú fagnar með okkur þessum stóra áfanga.**

Athugið að enn eru Inn X Skrifstofuhúsgögn, með ótrúlegt úrval hágæða skrifstofu-húsgagna á frábæru verði, að Faxafeni 8.



INNX Innréttingar

Dalvegi 10-14 • 200 Kópavogur
Sími 577 1170 • Fax 577 1172 • www.innx.is




66°
NORÐUR

# Setberg golffatnaður

## Vindþéttur og regnheldur





**Verð:**

**Anorak 16.500**
**Buxur 14.500**

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12

KÓPAVOGUR:
Smáralind

GARÐABÆR:
Miðhraun 11

AKUREYRI:
Glerárgata 32

**www.66north.is**

## Nudd

svört nuddstelpa í síma 659 9420.

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Falleg áklæði á plast garðstóla. Sófalist, Garðatorgi. S. 553 0444. www.sofalist.is

Rauðbrúnn 3ja sæta Lazysófi og Lazyboy stóll. Uppl. í s. 845 9506 e. kl. 17.

8 manna borstofuborð úr Mahony ásamt 8 stólum. Selst ódýrt. Uppl. í s. 557 1977 & 662 6662.

## Gefins

Blanda af langhundi og silkiterrier fæst gefins vegna flutninga. Hún heitir Polly og er 3ja ára. Ástrík og barngóð. Fæst aðeins gefins á gott heimili. Hún fer ekki úr hárum. S. 894 2025.

## Dýrahald

**2 sama verði og 1**
**Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og Iams með 30% afslætti í júní.**
**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Kringlan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



Til sölu Chihuahua hvolpar. Ættbókafærðir hjá Íshundum,örmerktir og bólusettir. Nánari upplýsingar gefur Gummi í s. 861 7081.

Fallegur kettlingur fæst gefins. Hann er svartur og hvítur, 12 vikna, mannblendinn og kassavanur. Upplýsingar í síma 565 7578 & 865 3142.

Til sölu 2 stk chihuahua-strákar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s 660 9596.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

73 fm snyrtil íb í rólegum stigag í Hamraborg Kóp leigist m öllu 1.ág - 1.jan. Eitt svefnh+vinnuaðst. 95 þús á mán, húsalsamn, tryggingavíxill f 3 mán. Reykl+reglus skilyrði. berglindyk@gmail.com

3ja herb. íb. í 201 Kópavogi til leigu frá 1.ág. Verð 120 þús./mán. Laus strax. S. 847 1217.

Til leigu 3. herb. Íbúð í Seljarhverfi. Verð 135 þús. Bankaábyrgð. Uppl. í s. 899 8477.

Tvær íb. í sama húsi í Hafnaf. Báðar leigjast með húsgögnum. Stærri íb. er með 3 svefnh. Leigist frá 15.júlí- 5.jan. 2008. Minni íb. 1 svefnh. leigist frá 15. Sept - 15. Des. Uppl. í s. 699 8806.

## Húsnæði óskast

Herbergi - íbúð! Traustur aðili óskar eftir að taka á leigu litla íbúð (t.d stúdió) á höfub.sv. eða rúmgott herb. m aðgengi að sturtu í allt að 6 mán. S. 860 2130.

Reglusama konu á miðjum aldri sárvantar 2 herb. íbúð í Rvk. Greiðslugeta er hámark 50 þ. á mán. Uppl. í s. 695 2161.

Lítil íbúð eða rúmgott herbergi óskast til leigu handa rólegum reglumanni. Uppl. í síma 897 9939.

Ung reyklaus og reglusöm kona óskar eftir lítilli einstaklingsíbúð á rvk.svæðinu. Greiðslugeta 40-50 þ. Húsleigubætur, skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 696 4781.

## Sumarbústaðir

**Húsafell**
Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. Geymið auglýsinguna.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

rent.is looking for a place to stay? Wide selections of short term rentals. www.rent.is

rent.is Erum með mikið af fullbúnum íbúðum á skrá í skammtímaleigu. www.rent.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292 & 897 4433.**

**Pylsuvagnin Laugardal**
**Vantar þig góða sumarvinnu og áframhaldandi hlutastarf í vetur? Erum að leita að öflugum einstaklingi sem getur unnið 11-17 þri-fö og aðra hverja helgi frá 11-22. Aldurstakmark er 18 ára. Starfið hentar bæði konum og körlum.**
**Upplýsingar í síma 892 0274, (Herwig).**

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir.**
**Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

**Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13, Rvk. Óskar eftir leikskólakennara eða öðru áhugasömu starfsfólki sem fyrst**
**Skerjagarður er einkarekinn leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á myndsköpun, söng, hreyfingu og tjáningu. Leikskólinn er lítill og heimilislegur, tveggja deilda. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Á Skerjagarði ríkir gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Uppl. í s. 822 1919 & 848 5213.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir sumar- og helgarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Kökuhornið - Sumarstarf**
**Óska eftir starfsmanni frá og með 9. júlí, ekki yngri en 18 ára. Vinnutími frá 04-12 + önnur hvor helgi. Einni vantar fastann starfsmann frá og með 1. sept. í verslun okkar, ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 897 0792 & 861 4545.**

**Hlutastarf**
**Starfsdama óskast í hlutastarf í lítilli verslun á Laugaveginum. Upplýsingar í s. 846 5848, Katrín.**

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434 & 822 5229.

Starfsfólk óskast á Hjólbarðaverkstæði sem tekur líka að sér þvott og bón. Erum staddir í Hafnarfirði og Reykjavík Uppl. í s. 533 3999.

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir að ráða brosmildan og duglegan starfsm. í fullt- og hlutastarf.Uppl. á staðnum

Lítil verkfræðistofa óskar eftir tækniteiknara eða tækniteiknaranema til starfa við sumarafleysingar sem fyrst. Uppl. í s. 863 2154.

**Landbrot hf.**
Vantar vanan gröfumann og meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320.

## Atvinna óskast




Starfsfólk frá Lettlandi smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Hjálp**
Birta er Beagle-tík og er týnd. Hún hvarf frá Geldingarnesi í Grafarvogi laugard. 9.júní. Hennar er sárt saknað. Ef e-r veit um ferðir hennar er hann vinsamlegast beðinn um að hafa samband í s. 699 7813 & 690 9646.

Bíllykill tapaðist í Galtalækjarskógi 15-17 júní, líklega við leiksvæði barna. Finnandi hringi í síma 562 8399.

## Ýmislegt




## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.




## TILKYNNINGAR





# TÝR FRÁ SKEIÐHÁHOLTI 3

Laus pláss undir Hrafnssoninn Tý frá Skeiðháholti 3.
Týr hefur frábæra frambyggingu og erfir hana sterkt frá sér (höfuð: 9,0- háls/herðar/bógar: 9,0). Fasmikill og geðgóður listatöltari ( tölt: 9,0- fegurð í reið: 9,0)
Týr er mjög frjósamur og hefur hátt fyljunarhlutfall.

Týr IS1997187907 frá Skeiðháholti 3
**Ættir:**
Móðir: Ferja frá Sandhólaferju
Móðurfaðir: Þokki frá Garði
Faðir: Hrafn 802 frá Holtsmúla.

Verð á folatolli: kr.50.000 með vsk.
Týr verður til notkunar í girðingu í Skeiðháholti (25 km frá Selfossi) frá 23. júní.
Nánari upplýsingar gefur Bjarni G. Bjarnason í s: 893-5512

## ATVINNA

**SÖLUMENN/UMBOÐSAÐILAR**

Global Ice er innflutningsaðili á bílskúrs og iðnaðarhurðum frá hinu þekkta fyrirtæki Novoferm í Þýskalandi

Einnig innflutningur á gluggum, timbur, timburál, ál gluggum, stálgrindarhúsum, álklæðningum ásamt öðrum vörum til húsbygginga.

Við leitum að góðum sölumönnum/umboðsaðilum á Suðurlandi, Vestmannaeyjum, Austurlandi, Austfjörðum, Norðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum. Einungis dugmiklir einstaklingar/fyrirtæki koma til greina

Ahugasömum er bent á að hafa samband í síma 578-8899 eða á globalice@globalice.is
www.globalice.is

**GLOBAL ICE**
**Krókhálsi 5a, 110 Rvk**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Starfsfólk óskast

Ferskar Kjötvörur og Furðufiskar óska eftir starfsmönnum til að hafa umsjón með kjötborð okkar í Hagkaup Garðabæ og Smáralind.

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ragnar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

Kokkarnir

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**




## Hollt & Gott ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra og lagermann

Uppl. veitir Birgir s. 843 5102

**Fiskvinnslu- og útflutningsfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfskrafti á skrifstofu.**

Starfið felst í almennri skrifstofu vinnu, gerð tollskjala, bókhaldsvinnu, launaútreikningi og fleiru.

Áhugasamir sendi upplýsingar um reynslu, menntun, aldur og fyrri störf á netfangið

**hamrafell@hamrafell.is**
Þarf að geta hafið störf mjög fljótlega.

## ÚTBOÐ

# ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur · míla

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavikur og Mílu ehf.:**

**Almannadalur - 2. áfangi, gatnagerð og lagnir.**

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 19. júní 2007.
Opnun tilboða: 3. júlí 2007, kl. 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12002
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Útboð

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í viðbyggingu við Leikskólann á Stokkseyri og endurbótum á núverandi húsi.**

Núverandi leikskóli er timburhús byggt á steyptum sökkli. Þetta hús verður endurnýjað að hluta og breytingar munu eiga sér stað á innra skipulagi. Sunnan við húsið verður reist 182 m² viðbygging og 30,6 m² tengibygging, vestan við húsið kemur 8,4 m² viðbygging sem er anddyri. Í útboði er miðað við að viðbygging sé einingahús en heimilt er að bjóða annað. Í öllum tilfellum leggur verktaki fram burðarvirkis og frágangs teikningar.

Skipulagi lóðar hefur verið breytt og tekur verktaki að sér að framkvæma þær breytingar.

Verklok eru 8. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi á heimasíðu Verkfræðistofu Suðurlands. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ástu Maríu í síma 482 3900, eða með tölvupósti til asta@verksud.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið úthlutað aðgangi að því svæði heimasíðunnar, þar sem gögnin eru vistuð. Opnun tilboða fer fram þriðjudaginn 28. júní 2007, kl. 11.00 á skrifstofum Sveitarfélagsins Árborg, Austurvegi 67 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið Vogar

**Borgarafundur um álver á Keilisnesi**

**Nýtt aðalskipulag 2007- 2027**

Boðað er til borgarafundar um tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga í Tjarnarsal við Stóru- Vogaskóla miðvikudaginn 20. júní frá kl. 18 til 20.

Umræðuefni fundarins er nýting svokallaðrar álverslóðar á Keilisnesi og mannvirki tengd orkunýtingu.

Bæjarstjórn vill hvetja íbúa til að koma, og kynna sér jafnframt aðalskipulagstillöguna á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is

## FASTEIGNIR

# EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- 2 herbergja í hverfi
  101, 107, 105 og 220
- 3 herbergja í hverfi
  105, 107, 109, 200 og 220

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Félag Fasteignasala



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala




Fasteignasalan Eignaver • Síðumúla 13.

## Góðar söluhorfur framundan

Óskum eftir íbúðarhúsnæði á söluskrá fyrir trausta kaupendur, bæði einbýlishúsum, hæðum, rað og parhúsum. Höfum jafnframt kaupendur að atvinnuhúsnæðum og fyrirtækjum, jörðum og sumarhúsum.
Mjög góður sölutími framundan.

Uppl. gefa Eggert Sk. Jóhannesson, Jóhannes Eggertsson eða Ólafur Thoroddsen hdl.

eða aðrir sölumenn á Fasteignasölunni Eignaver, Síðumúla 13, Sími 553-2222

vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

allt
atvinna
Alla sunnudaga

RE/MAX FASTEIGNIR

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800



Stefán Páll
Löggiltur fasteignasali



OPIÐ HÚS

## Móhella 4, 221 Hafnarfjörður





**Opið hús í dag þriðjudag milli kl. 18.00 – 19.00**

**Aðeins örfáir skúrar eftir**

- 26,3 fm
- Innkeyrsluhurð 240 x 259
- 3ja fasa rafmagn sértafla í hverjum skúr
- Vélslípuð golf
- Góð geymsla
- Gott til útleigu

**BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

www.ellingsen.is




**Nú fást glæsilegir sjókajakar í Ellingsen á kynningarverði.**
**Ef þú kaupir sjókajak færðu 15% afslátt af fatnaði og aukahlutum.**



## Sealion Fastnet

Hraðskreiður og rásfastur sjókajak úr Polyethylene-plastefni sem hefur sambærilegt rennsli og sjókajakar úr trefjagleri. Stillanlegt sætisbak, ásettur stýrisbúnaður, rúmgóðar farangursgeymslur að framan og aftan. Öll bestu þægindi sem völ er á í sjókajak.
Flottasti plast-sjókajakinn á markaðinum!

Lengd: 502 cm
Breidd: 58 cm
Þyngd: 27 kg
Burðargeta: 180 kg
Efni: Superliner Polyethylene
Litir: gulur og „firecracker“
Verð: 139.000 kr.

**Kynningarverð með áföstum stýrisbúnaði**
**125.100 kr.**

## Contour Expedition

Hraðskreiður og stöðugur sjókajak úr Polyethylene-plastefni sem hefur sambærilegt rennsli og sjókajakar úr trefjagleri. Stillanlegt sætisbak (upp og niður, fram og aftur), ásettur stýrisbúnaður, rúmgóðar farangursgeymslur að framan og aftan. Öll bestu þægindi sem völ er á í sjókajak.

Lengd: 485 cm
Breidd: 64 cm
Þyngd: 27 kg
Burðargeta: 180 kg
Efni: Superliner Polyethylene
Litir: Blár og hvítur, „firecracker“ og orange-gulur
Verð: 129.000 kr.

**Kynningarverð með áföstum stýrisbúnaði**
**116.100 kr.**




Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mán.–fös. 10–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16
(ath. lokað sunnud. á Akureyri)

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

Himinn og haf/SÍA

# SANNLEIKUR!

## **Nissan Pathfinder Adventure** er fullbúinn bíll*




**Ingvar Helgason**

* **Nissan Pathfinder ADVENTURE SE**

- 33” breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

**4.950.000 kr.**




**KOMDU OG REYNSLUAKTU!**

NISSAN

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

Stökktu til
Rhodos
30. júní eða 7. júlí
frá kr. 39.990
Allra síðustu sætin

Verð kr.
39.990 í viku
/49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Stökktu tilboð 30. júní og 7. júlí.

Verð kr.
49.990 í viku
/59.990 í 2 vikur
Netverð á mann , m.v. 2 fullorðna í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur. Stökktu tilboð 30. júní og 7. júlí.

Bjóðum nú frábært tilboð í 2 vikur 30. júní eða 1 eða 2 vikur 7. júlí á allra síðustu sætunum til Rhodos, eyju sólarinnar. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is




Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA
HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR. FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN.
Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## STUÐ MILLI STRÍÐA Sykraður sautjándi júní

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ER ÓVÍGUR EFTIR ÞJÓÐHÁTÍÐINA



Sautjándi júní hefur yfirleitt verið hulinn fárviðrum, grenjandi rigningu eða jarðskjálftum af stærri gerðinni. Hingað til hefur yfirleitt verið rætt um svokallað „17.júní“-veður sem samanstendur af góðum blæstri, smáskúrum og blautum fötum. En á sunnudaginn var annað upp á teningnum, sólin samgladdist þessari litlu þjóð og lék við hvurn sinn fingur. Meira að segja hinn ágæti vindur lét lítið fyrir sér fara og fánarnir knúsuðu því bara fánastangirnar í staðinn fyrir að líta út fyrir að vera á stöðugum flótta.

Þjóðhátíðardagur Íslendinga er eflaust ekki frábrugðinn þjóðhátíðardögum annarra þjóða. Og við státum í það minnsta af alvöru dagsetningu, annað en Bretarnir. Kannski ber það líka vott um þann byltingaranda sem liggur einhvers staðar djúpt í hjörtum þjóðarinnar að hann ber upp á afmæli lýðveldishetjunnar Jóns Sigurðssonar, svona eins og hjá kommúnísku löndunum .

Sautjánda júní fylgir yfirleitt mikið þramm í miklum mannfjölda á litlu svæði. Að ógleymdum biðröðum í hvers kyns hoppukastala styrkta af stórfyrirtækjum á borð við Kók og Svala. Og þá má ekki gleyma blöðrunum og öllu hinu glingrinu sem fylgir auk lagsins góða en það skal sungið við hvert tækifæri. Mestu máli skiptir þó fyrir smáfólkið að nýta sér þennan auka nammmidag og fá foreldrana til að festa kaup á sem mestum sykri. Sykurflos, snuð og gosdrykkir. En vandamálið er hins vegar að á þessum ágæta degi sitja börnin hins vegar ekki fyrir framan viðtækin og geta einbeitt sér algjörlega að góðgætinu heldur er svo margt sem dreifir huganum. Því eru það foreldrarnir sem fara hvað verst út úr þessu öllu enda tímir enginn núorðið að henda peningunum. Og fullorðna fólkið neyðist því til að klára brjóstsykurinn í tudduformi og bleika sykurinn. Drekka allt kókið á meðan börnin hoppa frá sér allt vit og á endanum eru það því þau sem liggja óvíg eftir af sykursjokki á meðan börnin heimta aðra blöðru og annan fána.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





# ÄNGLAMARK

## UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

**ÄNGLAMARK VÖRURNAR:**

- **UMHVERFISVÆNAR**
- **HÚÐVÆNAR**
- **NOTADRJÚGAR**
- **GRÆNI SVANURINN – VOTTUN**
- **EVRÓPUBLÓMIÐ – VOTTUN**

### ÄNGLAMARK BLUECARE

Anglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða EvrópuBlóminu.

coop ÄNGLAMARK

BLUECARE




**Þvottaefni f. lit 1 kg**
399 kr/pk

*Norræna umhverfismerkið Svanurinn*

Norræna umhverfismerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum.




**Eldhúspappír 4 rl**
399 kr/pk




**Salernispappír 8 rl**
499 kr/pk




**Þvottaefni f. hvítt 1 kg**
399 kr/pk




**Hreingerningarlögur 1 ltr**
279 kr/stk




**Fljótandi þvottaefni fyrir viðkvæman þvott 1 ltr**
199 kr/stk




**Uppþvottalögur 0,5 ltr**
199 kr/stk




**Uppþvottavélatöflur 32 stk**
379 kr/pk




**Salernishreinsir 1 ltr**
199 kr/stk

coop ÄNGLAMARK

MINIRISK

### ÄNGLAMARK MINIRISK

Anglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkinu Svaninum.




**Blautklútar, 72 stk**
279 kr/pk




**Barnabaðsápa 400 ml**
399 kr/stk




**Barnasápa 3 stk**
179 kr/pk




**Barnakrem 250 ml**
199 kr/stk



netto

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Mið 20/6 kl. 20 UPPS. Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20 UPPS. Sun 24/6 kl. 20 UPPS. Fim 28/6 kl. 20 Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ATORKA

Atorka Group hf., kt. 600390-2289, hefur gefið út víxla á grundvelli ISK 5.520.000.000 sem Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt og gert aðgengilega almenningi frá og með 19. júní 2007.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.520.000.000 var gefinn út þann 17. nóvember sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. ATOR 07 1115 og verða þeir skráðir í Kauphöll Íslands þann 19. júní 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 15. nóvember 2007.

Lýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda Atorka Group hf., Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi og á vefsetri útgefanda Atorka Group hf. www.atorka.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 19. júní 2007

KAUPÞING

# Ströngust allra listgreina er

**Nú er tími sumarnámskeiðanna. Krakkar á öllum aldri eru að bæta við sig reynslu á mörgum stigum, njóta kennslu reyndra kennara. Mörg námskeiðanna sem í boði eru bæta við kunnáttu krakkanna, eru blanda af leik og starfi. Önnur eru stíf vinna.**



**LISTDANS** Rafael Grigoian og að baki hans Hildur Edda, Hildur Björk, Andrea Júlía og Katrín Þóra. Betzy Ósk var ekki með á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í Klassíska listdansskólanum sem Guðbjörg Astrid Skúladóttir rekur var hópur af stelpum í stífri vinnu þegar skólanum var að ljúka. Ofan á próflestur bættu þær við sig stuttu námskeiði á hálfum mánuði sem nam nærri heilli vinnuviku. Kennarinn var bandarískur, sagðist reyndar vera amerískur Rússi: Rafael Grigorian rekur skóla í New York og starfar jafnframt við dansasmíð. Á nemendasýningu í liðinni viku sýndu stúlkurnar vinum og vandamönnum árangur erfiðis síns í glæsilegum sölum Klassíska listdansskólans við Grensásveg þangað sem hann er nýfluttur. Kennari þeirra hélt tölu meðan þær biðu á ballettskónum sínum og bað menn að gera sér grein fyrir að verkefnið væri erfitt, tíminn hefði verið stuttur en þær hefðu góðan grunn eftir kennslu liðinna ára. „Það sem þær eru að fara að sýna ykkur er hræðilega erfitt,“ sagði Rafael. Hann kenndi á sumarnámskeiðunum í þremur flokkum en efnið var allt bundið Þyrnirós, stíl, sögu, látbragði, búninghefð og allt sem viðkom þessu sígilda verki.

Klassíski listdansinn hefur um langt árabil verið í vörn. Hann er gríðarlega tímafrekur í þjálfun og þeir sem ráðast í að takast á við hann verða að gefa sig alla á vald dansins. Eins og Helgi Tómasson lýsti hér í heimsókn sinni á Listahátíð ná fáir sig langt að geta helgað sig hinni klassísku hefð ballettsins. Fáir eru kallaðir og enn færri útvaldir. Til að listdansari geti náð þroska í klassískum ballett verður hann að eiga þess kost að setjast í daglangar þjálfunarbúðir og þegar nægilegum líkamlegum styrk er náð verður dansari í þess háttar flokki að eiga kost á stöðugu sýningarhaldi sem er ein ástæða þess að Íslenski dansflokkurinn lagði slíka þjálfun af fyrir mörgum árum.

Í fjarlægðs sviðs og salar í stórum leikhúsum skynja áhorfendur ekki þá líkamlegu áreynslu sem felst í dansi af þessu tagi: í dagsbirtu og nálægð danssalar Klassíska listdansskólans kom vel í ljós hvílíkt erfiði dans í þessum stíl er. Rafael Grigorian beindi orðum sínum ekki síst til aðstandenda og gerði þeim grein fyrir að á sama tíma og nám í listdansi er kröfuhart væri það gjöfult þeim fáu sem komast áfram. Það væri nemendunum lán að vel hefði tekist með grunnnám þeirra og skólinn veitti þeim skjól, þar sem afar vel væri hugsað um nemendur.

Klassíski listdanskólinn býður upp á fornám í ballett og síðan klassíska listdansbraut á menntaskólastigi sem tekur þrjú ár. Er skólinn með samning við menntamálaráðuneyti sem er í samræmi

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

16 17 18 **19** 20 21 22

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Tónlistarhátíðin **Við djúpið** á Ísafirði. Sellóleikarinn **Erling Blöndal Bengtsson** leikur á opnunartónleikum hátíðarinnar í tónleikasalnum **Hömrum**.

### MESSUR

- 20.30 **Kvennakirkjan** heldur messu við **Þvottalaugarnar** í **Laugardal**. **Sigrún Gunnarsdóttir**, hjúkrunarfræðingur, predikar en séra Yrsa Þórðardóttir messar. **Ásdís Þórðardóttir** leikur á trompet og **Hallfríður Ólafsdóttir** á flautu. Kór Kvennakirkjunnar leiðir sönginn.

### SÝNINGAR

- 11.00 **Filt & Quilt** - textílsýning **Heidi Strand** stendur nú yfir í **Tjarnarsal Ráðhússins** í **Reykjavík**. Þar sýnir hún átján ný veggverk og tvo skúlptúra. Verkin eru öll unnin úr þæfðri ull og textílefnum og myndefnið er mikið sótt þær andstæður í lífinu sem Heidi upplifði í **Hírósíma og Nagasaki**, annars vegar dauðann og eyðilegginguna og svo lífskraftinn sjálfan hins vegar. Heidi beitir ýmsum aðferðum í listsköpun sinni, bæði gamalkunnugum og svo nýjum aðferðum sem hún hefur sjálf þróað á grundvelli eldri hefða. Þetta er 19. einkasýning Heidi.
- 11.00 í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan**, **Astri Luihn**, **Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Sýningin stendur til 24. júní en safnið er opið alla daga nema mánudaga milli 11-17.
- 14.00 **Guðmundur Thoroddsen** heldur sína fyrstu einkasýningu í **101 gallery** á **Hverfisgötu**. Á sýningunni eru málverk listamannsins sem gefið hefur sýningunni yfirskriftina **Rjómasísland**. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga milli 14-17 og stendur til 19. júlí.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




Staðsetning skiptir öllu máli !!! Þér bjóðast húseignir á góðum kjörum á besta stað !

Fasteignafyrirtækið **Castle & Cooke** bjóða til sölu einbýlishús í **Windermere** Orlando. Keene´s Pointe hverfið var valið ***„Best Gated Community 2006-2007“***. Þar er einn glæsilegasti 18 holu golfvöllur á Florida „Golden Bear Golf Club“ hannaður af Jack Nicholas. Innan við fimmtán mín. akstur er í helstu skemmtigarða og verslanir í Orlando s.s, Disney, Sea World, Universal Studios, Wet And Wild, Mall at Millennia og Florida Mall.

Einbýlishúsin eru ný og fullbúin bestu tækjum, einstaklega glæsileg með sólríkum sundlaugagarði. Aðeins eru 7 hús í boði og í tilefni þessarar kynningar á Grand Hótel mun hverju seldu húsi fylgja „Golfclub Membership“ að andvirði $ 32.000.-

Fulltrúar **Castle & Cooke** verða með kynningu á **Grand Hótel Reykjavík 19. og 20. júní frá kl. 13:00 til 21:00.** Komdu og kynntu þér þetta frábæra tækifæri til að eignast glæslega fasteign í Orlando.
Slóð á netinu er: http://www.cc-keenespointe.com/points.htm

**Nánari upplýsingar og pöntun á sérkynningu fyrir hópa, fyrirtæki og einstaklinga í síma 857 0161 og 893 9500.**
Fulltrúar Castle & Cooke verða hér á landi til 26. júní.

Castle & Cooke Mainland Communities

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

# ballett



við þær breytingar sem gerðar voru á dansnáminu í heild á liðnu ári og sættu nokkrum deilum.

„Ég geri ekki annað en að lagfæra smávægilega galla,“ sagði Rafael. „Stúlkurnar byggja alfarið á grunninum sem þær hafa notið hér í skólanum í góðri kennslu Guðbjargar og hennar starfsliðs.“ Hann sagðist vona að hér risi upp flokkur sem byggði verkefnaval sitt í hinum klassíska dansstíl. Hætt er við að honum verði ekki að ósk sinni og flestar þær stúlkur sem hyggja á frekari frama á þyrnum stráðri braut klassískra ballettsins reyni fyrir sér á erlendri grund. Þar eru tækifærin fleiri en hér á landi.

pbb@frettabladid.is

# Veggurinn vinsæll

Vegna mikillar aðsóknar á tónleika hljómsveitarinnar Dúndurfrétta og Sinfóníuhljómsveitar Íslands 29. júní næstkomandi verða haldnir aukatónleikar deginum áður, fimmtudaginn 28. júní.

Sveitirnar tvær flytja þrekvirki rokksögunnar, The Wall eftir Roger Waters og Pink Floyd í Laugardalshöll. Útsetningar gerir Haraldur Vignir Sveinbjörnsson.

Hljómsveitin Dúndurfréttir hefur áður flutt ýmsar perlur rokksögunnar á eftirminnilegum tónleikum í Borgarleikhúsinu og í Austurbæ við frábærar undirtektir. Fjöldi fólks, tónlistarmanna, og tæknimanna mun leggja hönd á plóginn en þar að auki mun Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur koma fram.



**TÓNSKÁLDIÐ ROGER WATERS** Maðurinn á bak við mörg meistaraverk Pink Floyd, þar á meðal stórvirkið The Wall.

# Hið fagra mun sigra

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur undanfarin ár leikið allar sinfóníur Sjostakovítsj á tónleikum við afbragðs góðar viðtökur. Á þriðjudagskvöldum í sumar mun Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynna verk hans fyrir hlustendum Rásar 1 og leika tóndæmi, auk þess sem hann fjallar um stöðu Sjostakovítsj í Sovétríkjunum og þær ólíku merkingar sem lagðar hafa verið í tónlist hans gegnum árin.

Sjostakovítsj var eitt mesta sinfóníuskáld 20. aldarinnar. Flestir eru sammála um að dramatísk tjáningin í tónlist hans sé trúverðug lýsing á hörmungum Stalínstímans, enda var Sjostakovítsj mjög upp á kant við sovésk yfirvöld. Þættirnir, sem bera yfirskriftina



**DÍMÍTRÍJ SJOSTAKOVÍTSJ**

„Hið fagra mun sigra að lokum“, verða á dagskrá á þriðjudagskvöldum í sumar og er sá fyrsti í kvöld kl. 20. Þá verður leikin hljóðritun Sinfóníuhljómsveitar Íslands á sinfóníum nr. 2 og 3.


## Sýningar á söguloftí

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

**Júní:** 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
**Júlí:** 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
**Ágúst:** 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

## Hvað er að frétta?



Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_

www.visir.is vísir



ÞÆGILEG STUND FYRIR FLUGTAK

Við höfum opnað í Leifsstöð nýjan og glæsilegan bar, Panorama Bar, með útsýni yfir flugbrautirnar.
Byrjaðu ferðina með ljúfri hressingu í fallegu umhverfi.

Góða ferð!

Bistro Atlantic · Panorama Bar · Café Europe · Café International · IGS GROUND SERVICES

C4 Picasso



# Stýrðu nýjustu




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

CITROËN

Frakkar eru bestir. Erfitt að viðurkenna það. Eru erfiðir. Eins og við. Þannig er flott fólk. Voða, voða sérstakt. Þannig er líka allt sem kemur frá því, mjög sérstakt; fötin, ilmvatnið, maturinn, skapið, bílarnir. Frakkarnir eiga orðið nýtt. Þeir stýra hátískunni. Íslendingar geta stýrt nýjustu hátískunni eins og Frakkar. Við erum svo grand. Veldu franskan munað.

Stýrðu nýjustu hátískunni frá París. Kauptu Citroën C4 Grand Picasso. Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu það nýjasta frá París.

Veldu sjálfskiptan Citroën C4 Grand Picasso frá 2.995.000 kr*.

# tískunni frá París: 7 sæta C4 Grand Picasso.




brimborg

*Öruggur staður til að vera á*




# Spiluðu golf á toppi Eyrarfjalls


**SLEGIÐ Í 714 METRA HÆÐ** Gunnlaugur Jónasson sést hér slá yfir Bakkaskemmu. MYND/BB

„Þetta voru klárlega þær öfgafyllstu og dramatískustu aðstæður sem ég hef spilað við," segir kylfingurinn Gunnlaugur Jónasson sem tók þátt í skemmtilegri tilraun sem nokkrir golfáhugamenn gerðu á toppi Eyrarfjalls á Vestfjörðum í vikunni. Þá slógu þeir golfkúlu yfir gilið Bakkaskemmu sem samkvæmt óformlegum mælingum er rétt um 200 metrar á lengd.

Höggið var slegið á toppi Eyrarfjalls, sem er 714 metrar á hæð. Eftir því sem fram kemur á vef Bæjarins bestu á Ísafirði er ekki vitað til þess að golf hafi verið leikið í jafn mikilli hæð á Íslandi. „Þetta var alveg magnað," sagði Gunnlaugur þegar hann lýsti upplifuninni. „Veðrið var stillt og ekki mikill vindur. Aðstæður voru eins og best verður á kosið."

Gunnlaugur segir öruggt að hann muni spreyta sig aftur í viðlíka víðáttu. „Það er æðislegt að spreyta sig í svona náttúru. Það er aldrei að vita nema að þetta verði upphafið á einhverju trendi," sagði Gunnlaugur og glotti við tönn.

Uppákoman á Eyrarfjalli var liður í kynningarfundi um kláf sem brátt verður reistur á fjallinu. Þess ber að geta að brátt fyrir mikinn þrýsting kylfinganna stendur ekki til að reisa golfvöll uppi á fjallinu. - vig


**AIR** Hljómsveitin Air heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld.

# Air í Lóninu

Franska hljómsveitin Air, skipuð þeim Nicolas Godin og Jean-Benoît Dunckel, heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld. „Þeir stefna á að vera hérna í tvo daga. Þeir eru mjög áhugasamir um Ísland og óskuðu sérstaklega eftir því að fara í Bláa lónið," segir Eldar Ástþórsson hjá Hr. Örlygi.

Eftir tónleikana hér á landi er ferðinni síðan heitið til Rússlands. Enn eru til miðar í stæði á tónleika í Höllinni en uppselt er í stúku og palla. Miðaverð er 3900 krónur.

# Oprah er valdamesta stjarnan

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey er valdamesta manneskjan í skemmtanaiðnaðinum samkvæmt bandaríska fjármálatímaritinu Forbes. Tímaritið birtir árlega lista yfir valdamestu stjörnurnar og er hann reiknaður eftir tekjum viðkomandi stjarna á árinu, fjölmiðlaathygli þeirra, hversu oft mynd af þeim birtist á forsíðu og ýmsum fleiri kúnstum.

Oprah hefur töluverða yfirburði í ár því hún þénaði alls 260 milljónir dollara á síðasta ári, auk þess sem nafn hennar fær flestar niðurstöður þegar það er slegið inn í Google. Þá var hún einnig sú stjarna sem birtist oftast á sjónvarpsskjánum. Tiger Woods varð í öðru sæti í ár og Madonna þriðja. Athygli vekur að efsti maður listans frá því í fyrra, Tom Cruise, fellur niður í áttunda sæti.

**VALDAMESTU STJÖRNURNAR**

| | |
|---|---|
| 1. Oprah Winfrey | sjónvarpskona |
| 2. Tiger Woods | kylfingur |
| 3. Madonna | tónlistarmaður |
| 4. Rolling Stones | hljómsveit |
| 5. Brad Pitt | leikari |
| 6. Johnny Depp | leikari |
| 7. Elton John | tónlistarmaður |
| 8. Tom Cruise | leikari |
| 9. Jay-Z | tónlistarmaður |
| 10. Steven Spielberg | leikstjóri |

Söngkonan Madonna er hástökkvari ársins en hún er í þriðja sæti listans eftir vel heppnaða tónleikaferð um heiminn í fyrrasumar sem færði henni miklar tekjur. Johnny Depp er í sjötta sæti eftir velgengni Pirates of the Caribbean og þá vekur athygli að leikarar Grey´s Anatomy, vinsælasta sjónvarpsþáttar Bandaríkjanna, sitja í ellefta sæti.

Af öðrum stjörnum má nefna að skötuhjúin Brad Pitt og Angelina Jolie eru í fimmta og fjórtánda sæti, knattspyrnumaðurinn David Beckham er í því fimmtánda og Simon Cowell er í 21. sæti. Paris Hilton, sem var í 56. sæti á listanum í fyrra, kemst ekki á topp 100 í ár. - vig


**OPRAH WINFREY** Fær gríðarlegar tekjur af sjónvarpsþætti sínum og er langvaldamesta stjarnan í skemmtanaiðnaðinum.

ATORKA

Atorka Group hf., kt. 600390-2289, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilega almenningi frá og með 19. júní 2007.

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 2.500.000.000 var gefinn út þann 16. maí 2007 og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands ATOR 07 2. Skuldabréfin verða skráð í Kauphöll Íslands þann 19 júní 2007. Hver eining bréfanna er kr. 5.000.000. Skuldabréfin eru óverðtryggð og skulu bera 3ja mánaða REIBOR vexti auk 1,95% álags. Höfuðstóll bréfanna skal endurgreiðast þann 16. janúar 2009, en vaxtagjalddagar skulu vera fjórum sinnum á ári, á þriggja mánaða fresti, sá fyrsti var þann 16. júlí 2007.

Lýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda Atorka Group hf., Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi og á vefsetri útgefanda Atorka Group hf. www.atorka.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 19. júní 2007

KAUPÞING

# Bærinn málaður bleikur

Kvenréttindadagurinn er í dag og að því tilefni munu konur fagna um allt land enda var það á þessum degi árið 1915 sem konur fengu kosningarétt. Þeir sem styðja jafnrétti eru hvattir til að sýna stuðning í verki með því að gera eitthvað bleikt í dag. Hvort sem það er að klæðast einhverju bleiku, flagga einhverju bleiku eða jafnvel borða eitthvað bleikt.

Ýmsar uppákomur verða um alla borg sem meðal annars Kvenréttindafélagið stendur fyrir. „Við verðum með kvennasögugöngu um Kvosina, undir leiðsögn Kristínar Ástgeirsdóttur sagnfræðings og hefst hún klukkan korter yfir fjögur við Kvennaskólann í Reykjavík," segir Þorbjörg Inga Jónsdóttir hjá Kvenréttindafélagi Íslands. „Einnig verðum við með Kvennamessuna í Laugardal eins og á hverju ári og það er gert til að minnast þeirra kvenna sem mættu þarna og þvoðu þvotta. Þetta voru oft konur sem unnu mikla erfiðisvinnu í gegnum aldirnar án þess að bera mikið úr býtum," segir Þorbjörg og nefnir einnig útgáfu blaðsins 19. júní. „Á hverju ári er ráðinn nýr ritstjóri að blaðinu og í ár er það Steingerður Steinarsdóttir."

Margt fleira er á dagskrá í dag og má þar á meðal annars nefna afhendingu Bleiku steinanna en það eru hvatningarverðlaun Femínistafélagsins. Auk þess verður opið hús á Jafnréttisstofu, Borgum á Akureyri og Ungliðahópur Femínistafélagsins kemur saman á Kaffi Cultura á Hverfisgötu. Fulla dagskrá má finna á heimasíðu Femínistafélagsins, www.feministinn.is. -bor



**KVENRÉTTINDADAGURINN** Jafnréttissinnar eru hvattir til að sýna stuðning í verki.

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

# Pilluglas Presley selt

Pilluglas sem kóngurinn sjálfur Elvis Presley notaði seldist á tæpar 164 þúsund krónur í Bandaríkjunum. Gullhúðuð byssa sem var einnig í eigu Presleys seldist jafnframt á 1,8 milljónir króna.

„Við ætluðum að selja glasið með pillunum í en lögreglan í Los Angeles bannaði okkur það þannig að því miður urðum við að fjarlægja pillurnar," sagði Darren Julien sem stjórnaði uppboðinu.

Regnhlíf sem Marilyn Monroe notaði á ljósmynd sem var tekin af henni árið 1949 seldist á um 2,6 milljónir og vegabréf leikstjórans Alfreds Hitchcock fór á um 1,2 milljónir. Regnhlífin verður höfð til sýnis á safni í Írlandi, að sögn eigandans Williams Doyle.

**ELVIS PRESLEY** Konungur rokksins, Elvis Presley, var mikil pilluæta allt þar til hann lést árið 1977.



# Spilað í Dublin




**TÓNLIST**

**Bruce Springsteen and the Session Band**

Live in Dublin

★★

Pakkaður diskur af tilbreytingarlitlum útsetningum

Við upprifjun hrekkur maður í kút: eru nú meira en þrjátíu og fimm ár síðan söngva Bruce Springsteen bar fyrir eyrun? Víst var safn hans á annari plötunni sem þótti hressilegt nýnæmi og ekki dró úr hrifningunni þegar Born to Run kom út. Jon Landau sem annast enn rekstur Springsteen skrifaði þá fræga umsögn í Rolling Stone. Landau annaðist skipulag á ferð Springsteen um Evrópu í fyrra með session-sveitinni hans og nú er komið út tvöfalt albúm með flutningi hans á tuttugu og þremur ópusum frá þremur kvöldum í Dyflinni.

Tónleikar Springsteen hafa löngum þótt minna frekar á vakningarsamkomur en hefðbundna tónleika. Hann var á sínum yngri árum mikill þrekmaður við hljómleikahald og eru ófáar hljóðritanir til því til sönnunar.

Í þessum efnum hefur karlinum ekki farið aftur. Sessionbandið kallaði hann til samstarfs þegar hann tók til við söngvasafn Petes Seeger sem samanstóð af gífurlegu magni þjóðkvæða amerískra sem mörg eru upprunnin í forneskju evrópskra innflytjenda til nýja heimsins. Bruce verður eins og aðrir listamenn að færa sig á nýjar lendur, umskapa sig í sífellu sjálfum sér til fróunar og aðdáendum sínum til geðs. Sókn hans inn í þjóðlagahefðina var í sjálfu sér ekki óvænt, hitt kom á óvart að hann skyldi hefja Pete Seeger á stall, þann róttæka mannvin og baráttumann.

Session-bandið er stór hljómsveit: átján spilarar. Það minnir um margt á Rollin´Thunder Revue Dylans. Brass, fiðlur, ásláttur, harmoníkur og ásláttarstrengir, gítarar, banjó og mandólín. Söngur er almennur í hópnum með forsöngvaranum. Verður raunar oft almennur í salnum.

Lagavalið er blandað: mörg lög hér eru kunn þeim sem er handgenginn þjóðlagahreyfingunni amerísku á sjötta og sjöunda áratugnum. Þá eru hér stök lög úr hinu stóra söngvasafni Springsteens.

Allt lagar hann að sínum stíl, lögin verða mörg byljukennd og langdregin. Hann nær ekki að gefa fjölbreytileika í úrvalinu sem hér er. Allt verður keimlíkt og í niðurröðun skortir fjölbreytni. Á stöku stað glæðir hann gamalkunnug lög nýju lífi: We Shall Overcome gerir hann að dimmum söng ólíkt vonarsöngnum sem flestir kannast við í mörgum útgáfum. Tiltækið er aftur víðsfjarri einföldum stíl Seegers.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu
kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223
• Verð frá kr. 78.540

• Íslenskt stjórnborð
• Ný og betri tromla
• Verð frá kr.106.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Árshátíð - Brúðkaup - Ferming - Erfidrykkja - Afmæli - Fundur - Ráðstefna - Átthagakvöld - Sýning

Treystu fagfólki
fyrir þínu teiti




Teiti veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

Veislu- og fundaþjónusta með 30 ára reynslu

Teiti Veisluþjónusta er eitt framsæknasta fyrirtæki landsins í veisluhaldi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Umsjón með árshátíðum, brúðkaupum, fermingum, erfidrykkjum, afmælum, fundum, ráðstefnum og öðrum viðburðum.

Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir

Á Broadway er ein best búna aðstaða á landinu. Sérhannað stórglæsilegt húsnæði sem tekur allt að 1100 manns, eitt stærsta dansgólf landsins, fullkominn sviðsbúnaður og frábærir skemmtikraftar skapa kjöraðstæður fyrir notalega og eftirminnilega veislu.



ÁSBYRGI
Glæsilegur veislusalur með sérinngangi fyrir 70 til 200 manna viðburði. Hlýlegur og notalegur salur skreyttur málverkum, speglum og með bar og eigið hljóðkerfi.

NORÐURSALUR
Fallegur salur með sérinngangi sem hentar vel fyrir 80-200 manna fundi, ráðstefnur, brúðkaup, fermingar og aðra viðburði. Í salnum er svið og hljómkerfi.

Stúkusalir KSÍ við Laugardalsvöll

Teiti veisluþjónusta býður upp á stílhreina, glæsilega og vel útbúna veislusali fyrir 60 til 600 manna viðburði í nýju stúkuhúsi KSÍ á Laugardalsvelli.



FUNDA- OG VEISLUSALIR MEÐ STÚKUGLUGGA
Á efstu hæð eru tveir 130 manna og tveir 50 manna veislu- og fundarsalir. Salirnir eru stílhreinir og glæsilegir með skjávarpa, hljóðkerfi og þráðlausu internet sambandi. Á hæðinni er einnig notaleg setustofa með leðursófum.

TVEIR 300 MANNA VEISLUSALIR Á FYRSTU HÆÐ
Tveir 300 manna veislu-, funda- og ráðstefnusalir eru á fyrstu hæð og jarðhæð. Öðruvísi og spennandi umhverfi.

Fullkomið hátæknieldhús og fyrsta flokks hráefni



Teiti veisluþjónusta er með einn nýjasta og fullkomnasta eldunarbúnað á landinu. Færanlegir steikarofnar og hitaheldnir diskar á sérútbúnum vögnum tryggja ljúfengan og heitan mat. Besta hráefni á hverjum tíma og fagfólk með mikla reynslu fullkomnar síðan matargerð og framsetningu.

Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana



Faglegt listafólk dekrar við smáatriðin í eldhúsinu og leggur metnað í bragð sem hentar kröfuhörðum bragðlaukum. 30 ára reynsla fagfólks tryggir síðan alúðlega og framúrskarandi þjónustu.

ÚRVAL VEISLUMATSEÐLA
Boðið er upp á allt það nýjasta í matargerð ásamt því klassíska s.s. þriggja rétta veislu, steikarhlaðborð, smáréttahlaðborð, kaffi og kökur eða alþjóðlega sérrétti að eigin vali.

Skoðaðu sali, veitingar og þjónustu á teiti.is



Hringdu í síma 5331100 og láttu reyna á okkar fagmennsku í þínu teiti

# Paul Potts ætlar í tannréttingar fyrir sigurlaunin

**Símasölumaðurinn Paul Potts frá Wales bar sigur úr býtum í Britain´s got talent raunveruleikaþættinum í Bretlandi sem lauk á sunnudagskvöldið.**



**PAUL POTTS** Hefur poppstjörnuútlitið ekki með sér en hyggst nota peningana sem hann fékk fyrir sigurinn til að bæta úr því.

Hinn 36 ára gamli Potts sló í gegn með flutningi sínum á Nessun Dorma fyrr í þáttaröðinni sem hann síðan endurflutti í sjálfum lokaþættinum. 12,1 milljón Breta stilltu á ITV-sjónvarpsstöðina til að horfa á lokaþáttinn og rúmlega tvær milljónir atkvæða bárust. Svo fór að Potts hafði betur í baráttu við sex aðra keppendur sem fóru alla leið í úrslitaþáttinn, þar á meðal hina sex áru gömlu Conny Talbot sem talin var helsti keppinautur Potts.

„Ég er ennþá að bíða eftir því að einhver klípi mig og segi mér að mig hafi verið að dreyma. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að ég hafi unnið keppnina,“ segir Potts, en hann fékk 100 þúsund pund, rúmar 12 milljónir króna, fyrir sigurinn. Hluta af sigurlaununum hyggst hann nota til að borga skuldir en Potts er einnig harðákveðinn í að rétta í sér tennurnar - sem er eitthvað sem hann hefur ekki haft efni á hingað til. „Svo væri gaman að gera eitthvað fyrir konuna mína. Ætli við förum ekki í Safari-ferð til Afríku,“ segir Potts, en henni kynntist hann á spjallsíðu á internetinu.

Simon Cowell sat í dómnefnd þáttarins og lét hann hafa eftir sér að upptökur á fyrstu plötu Potts myndu hefjast í næstu viku. Jafnframt sagði Cowell að Britain´s got talent væri besti raunveruleikaþáttur sem hann hefði nokkru sinni tekið þátt í. „Paul Potts er ástæðan fyrir því að ég er í svona þáttum,“ sagði Cowell.



**SIMON COWELL** Skaut á American Idol með því að segja Britain´s got talent vera besta þátt sem hann hafi nokkru sinni komið að.

Þrátt fyrir sigurinn og miklar væntingar dómnefndar um frægð og frama útilokar Potts ekki að halda starfi sínu hjá Carphone-símafyrirtækinu í Wales. „Ég er í ábyrgðarstöðu á lagernum og fyrirtækið þarf á mér að halda. En ég held að enginn búist samt við mér aftur. Við sjáum hvernig þetta fer á næstu dögum og vikum,“ sagði Potts, ábyrgðin uppmáluð. **- vig**

# Alveg í sjöunda himni

Tónlistarmaðurinn Birkir Rafn Gíslason, eða Single Drop eins og hann kallar sig, hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu. Þar er á ferðinni tilraunakennt og melankólskt popp með rokkuðum áhrifum.

Birkir Rafn byrjaði að vinna plötuna fyrir um einu og hálfu ári. Við upptökurnar fékk hann til liðs við sig vini sína, þar á meðal bræðurna Ragnar Zolberg og Egil Örn Rafnssyni. „Maður er alveg í sjöunda himni með þetta. Það er mikill sigur að koma þessu út því það eru margar hurðir sem maður er búinn að labba á í þessu ferli,“ segir Birkir Rafn. „En þetta hefur samt verið gaman og maður hefur lært mikið.“ Birkir gefur plötuna út með aðstoð útgáfufyrirtækisins R og R músík, sem Rafn Jónsson, faðir Ragnars og Egils Arnar rak.

Birkir, sem er uppalinn á Skagaströnd, hefur verið á fullu í tónlistinni undanfarin tíu ár. Hann hefur starfað með söngkonunni Fabúlu og samdi tónlist við stuttmyndina Another, sem hefur verið sýnd á kvikmyndahátíð hérlendis. Í fyrravor útskrifaðist hann úr FÍH.

Birkir ber samstarfsfólki sínu á plötunni vel söguna. „Það er alveg meiriháttar. Þetta er draumafólkið sem ég valdi mér og það gekk allt upp. Þetta eru allt góðir vinir mínir. Þau komu úr ólíkum áttum en voru öll tilbúin til að gera allt fyrir mig.“ Auk Ragnars og Egils skipa samstarfshóp hans söngkonurnar Ásta Sveinsdóttir og Sigríður Eyþórsdóttir ásamt þeim Leifi Jónssyni og Arnljóti Sigurðssyni. Nánari upplýsingar um Single Drop má finna á www.myspace.com/singledrop. **-fb**



**SINGLE DROP** Birkir Rafn Gíslason hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu.

FRÉTTABLABLAÐIÐ/VALLI





ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:40 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 8 - 10:40 | |
| PIRATES 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 | 12 |
| ROBINSON ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | L |




AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:10 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 10:30 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR | kl. 8 | L |
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ZODIAC | kl. 10 | 16 |

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 4 og 6 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |

www.laugarasbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 5 - 9 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 10.30 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



# Ringo á netinu

Fyrrum trommari Bítlanna, Ringo Starr, ætlar að gefa út á netinu lögin sem hann sendi frá sér á vegum plötufyrirtækisins Capitol/EMI á árunum 1970 til 1975.

Frá og með 28. ágúst verður hægt að hlaða niður lögum af plötunum Beacoups of Blues frá árinu 1970, Ringo, sem kom út þremur árum síðar, og safnplötunni Photograph: The Very Best of Ringo Starr. Kemur sú plata einnig út á geisla- og mynddiski á næstunni. Á meðal laga á þeirri plötu eru It Don´t Come Easy og Sentimental Journey. Ný sólóplata frá Ringo, Liverpool 8, er síðan væntanleg í janúar á næsta ári.

Ekki er langt síðan Paul McCartney, fyrrum félagi Ringo í Bítlunum, gaf út sína 21. sólóplötu, Memory Almost Full. Hingað til hafa lög Bítlanna ekki verið fáanleg til niðurhals á netinu. Plötufyrirtækið EMI hefur þó lýst því yfir að slíkt sé í undirbúningi.



**BÍTLARNIR** Hægt verður að ná í lög með Ringo á netinu frá og með 28. ágúst.

# Bæjarstjórafrú býður bakkelsi

Kaffi Edinborg er nýtt kaffihús sem opnaði á Ísafirði fyrir um tveimur vikum. Það er Helga Vala Helgadóttir bæjarstjórafrú á Bolungarvík sem hefur tekið við rekstri þess og segir viðtökurnar hafa farið fram úr öllum hennar væntingum. „Kaffihúsið mitt er í hinu nýuppgerða menningarhúsi hér, Edinborgarhúsi sem var byggt árið 1907. Þarna voru fiskgeymslur og beitingaskúrar en nú verður hægt að halda hér tónleika, leiksýningar og alls kyns skemmtilegar uppákomur,“ segir Helga sem unir sér vel í nýju vinnunni.

„Jeminn, það er svo gaman hjá mér. Þetta er í fyrsta sinn sem ég rek kaffihús en ég hef nú unnið sem þjónn og barþjónn með náminu. Viðtökurnar eru frábærar en Ísfirðingar eru kaffiþyrstir með meiru. Kaffihúsið er opið fram á kvöld eða til eitt á virkum dögum og til þrjú um helgar og fólk getur því komið hérna við og haft það notalegt með rauðvínsglasi og góðum ostum,“ segir Helga en á kaffihúsinu er einnig hægt að fá sér í gogginn.

„Við erum með alls kyns dýrindis kökur og gerum út á að hafa létta og góða rétti. Það er alltaf einn réttur dagsins og upphaflega ætlaði ég nú að sjá um eldamennskuna sjálf. Ég áttaði mig þó á því bara fyrsta daginn að aðsóknin var allt of mikil til þess að ég gæti séð um þetta ein og sendi neyðarkall til kokksins. Í dag er ég komin með fullt af starfsfólki og litla kaffihúsið mitt er eiginlega orðið risastórt.“ -bor



**HELGA VALA HELGADÓTTIR** Hún sér um rekstur nýs kaffihúss á Ísafirði sem staðsett er í Edinborgarhúsinu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Angelina Jolie** hefur grafið stríðsöxina og vill nú ná sáttum við karl föður sinn, **Jon Voight**. Angelina hefur ekki talað við föður sinn í ein fimm ár, eða frá því að hann gaf til kynna að hún væri ekki í jafnvægi í sjónvarpsviðtali árið 2002. Í viðtalinu sagði Voight að dóttir hans ætti í vandræðum með tilfinningalíf sitt. Orðin lét Voight falla skömmu áður en Jolie varð móðir og hún hefur síðan hafnað öllum tilraunum hans til að nálgast fjölskylduna. Fyrir skömmu reyndi Jolie að verja gjörðir sínar. „Hann sagði ljóta hluti um mig og ég þarf ekki á honum að halda,“ sagði Jolie meðal annars. Nú virðist henni hins vegar hafa snúist hugur og ætlar að reyna að ná sáttum við þann gamla.



**Nicole Richie** er heldur betur umfjöllunarefni í slúðurblöðum vestanhafs um þessar mundir. Blöðin hafa leitt líkur að því að sjónvarpsstjarnan fyrrverandi ætli að giftast kærasta sínum **Joel Madden** eftir að hún sást skarta risastórum demantshring í partíi í Hollywood um helgina. Richie, sem lék meðal annars í sjónvarpsþættinum Simple Life, hefur hingað til þurft að neita öllum fréttum þess efnis að hún sé ólétt en slíkur orðrómur fór í gang eftir að myndir af henni birtust þar sem hún virðist hafa bætt nokkrum kílóum á sig.



**Sienna Miller** og **Keira Knightley** hafa lagt partílífið á hilluna og þess í stað snúið sér að borðspilum. Leikkonurnar, sem eru sem stendur við tökur á myndinni The Edge of Love, hafa ítrekað sést laumast inn á Backgammon-mót þar sem þær hafa spilað langt fram á nótt. Miller og Knightley eru þekktar fyrir partístand sitt en nú virðast þær hafa snúið sér að heilbrigðari leikjum. Sienna, sem er 25 ára, og Keira, sem er 22, hafa orðið afar nánir vinir við leik í myndinni. The Edge of Love fjallar um welska skáldið **Dylan Thomas** en handritið skrifaði móðir Knightley, **Sharman Macdonald**.






### > Eyjólfur skoraði fyrir GAIS

Eyjólfur Héðinsson skoraði í gærkvöldi sitt fyrsta mark fyrir GAIS í sænsku úrvalsdeildinni. Liðið gerði 1-1 jafntefli við Helsingborg á útivelli og kom Eyjólfur sínum mönnum yfir á 54. mínútu. Hann og Jóhann Birnir Guðmundsson voru báðir í byrjunarliði GAIS en Jóhann var tekinn af velli á 67. mínútu. Ólafur Ingi Skúlason var ekki í leikmannahópi Helsingborg í gær.



**sport**
sport@frettabladid.is

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON AÐSTOÐARLANDSLIÐSÞJÁLFARI:** LAGÐUR INN Á SPÍTALA OG MISSTI AF SERBALEIKNUM

# Horfði á landsleikinn úr sjúkrarúminu

Það ráku margir upp stór augu í Laugardalshöllinni á sunnudagskvöld þegar þeir sáu að Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, var kominn á varamannabekk íslenska liðsins við hlið Alfreðs en aðstoðarþjálfarinn, Guðmundur Guðmundsson, var víðs fjarri. Það átti sínar eðlilegu skýringar.

„Ég fékk nýrnasteinakast aðfaranótt sunnudags og var fluttur á spítala í sjúkrabíl. Þar dvaldi ég síðan meðan leikurinn fór fram því miður. Ég hef aldrei forfallast á slíkan hátt áður í leik. Þetta var líka tíminn til að lenda á spítala. Það var mjög svekkjandi að missa af þessu,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær en hann var þá nýútskrifaður af sjúkrahúsinu. Þeir sem til þekkja vita að það er ekkert grín að fá nýrnasteinakast en því fylgja ólýsanlegar kvalir.

„Þetta var alveg hrikalega sárt. Ég vissi hreinlega ekki hvað var að gerast því kvalirnar voru óbærilegar. Þær eru ólýsanlegar,“ sagði Guðmundur en náði hann að sjá leikinn. „Já, ég náði nú að sjá leikinn. Ég horfði á hann við illan leik í sjúkrarúminu enda búinn að fá sterk lyf við verkjunum. Ég var nú ekkert hoppandi upp og niður enda var ég ekki í neinu ástandi til að standa í slíku.“



Alfreð og Guðmundur hafa náð vel sama með landsliðið og Guðmundur þekkir það best af eigin raun hversu gott það er að hafa góðan aðstoðarmann til að benda á hluti sem kannski fara fram hjá þjálfaranum í hita leiksins. „Alfreð er frábær þjálfari en það er oft gott að fá góð ráð og út á það gengur slíkt samstarf. Ég treysti samt Einari vel fyrir þessu enda vanur maður,“ sagði Guðmundur en Einar aðstoðaði einmitt Guðmund þegar hann var landsliðsþjálfari á sínum tíma.

Guðmundur sagði að það hefði ekkert verið rætt hvort hann yrði áfram með Alfreð ætli hann að þjálfa landsliðið áfram.

Kvennalið Vals:

## Fær Ungverja

**HANDBOLTI Kvennalið Vals hefur samið við tvo ungverska leikmenn en báðir leikmennirnir skrifuðu undir tveggja ára samning við Hlíðarendaliðið.**

**Leikmennirnir heita Barna Éva og Valovics Nóra. Éva er 25 ára gamall miðjumaður en Nóra er tvítug skytta sem getur leyst báðar skyttustöðurnar. Hún er 184 sentimetrar á hæð og þykir mjög efnileg enda unglingalandsliðsmaður. Báðar stúlkurnar eru væntanlegar til Íslands í lok júlí.**

- hbg

Landsbankadeild karla:

## Leiðrétting

**FÓTBOLTI** Þau leiðu mistök voru í blaði gærdagsins að Helgi Sigurðsson var ranglega sagður hafa skorað 3 mörk í Landsbankadeildinni þegar hann hefur að sjálfsögðu skorað 5 mörk.

Ástæðu mistakanna má rekja til þess að upplýsingarnar voru teknar af vef KSÍ, sem hingað til hefur verið áreiðanlegur, en Valur hefur ekki séð sér fært að skila inn skýrslu fyrir leik sinna manna gegn Víkingi þó að sex dagar séu síðan leikurinn fór fram. Þar lágu mörkin tvö.

Fréttablaðið axlar engu að síður fulla ábyrgð á mistökunum og blaðið mun hér eftir styðjast við eigin gögn til að forðast slík mistök í framtíðinni.

# Loksins sigur hjá Fram

**Framarar innbyrtu sinn fyrsta sigur í Landsbankadeildinni þegar Fylkir kom í heimsókn. Lokatölur 3-1 fyrir Fram og sigurinn hefði orðið stærri ef ekki hefði verið fyrir stórleik Fjalars Þorgeirssonar, markvarðar Fylkis.**

**FÓTBOLTI** Framarar fögnuðu líkt og þeir væru orðnir Íslandsmeistarar eftir að þeir lögðu Fylki, 3-1. Það var greinilega þungu fargi létt af Safamýrardrengjum enda fyrsti sigurinn í höfn. Fram hefur spilað ágætis fótbolta það sem af er sumri en gengið bölvanlega að nýta færin. Á því varð breyting í gær.

Það voru lítil gæði í leik liðanna í gær en þökk sé slökum varnarleik fengu áhorfendur talsvert fyrir sinn snúð í formi færa og marka. Fylkisvörnin virtist hafa orðið eftir upp í Árbæ og ef ekki hefði verið fyrir stórleik Fjalars markvarðar hefði Fram klárað leikinn í fyrri hálfleik. Þá varði Fjalar víti frá Pesic og nokkur dauðafæri þess utan.

Margir Framarar áttu því von á svipuðum úrslitum og fyrr í sumar og ekki síst þegar Valur Fannar kom Fylki óverðskuldað yfir í leiknum með góðu skoti utan teigs. Aðeins níu mínútum síðar dæmdi frábær dómari leiksins, Garðar Örn Hinriksson, réttilega víti á Gravesen er boltinn fór í hönd hans. Úr vítinu skoraði Hjálmar örugglega. Fram skoraði svo tvö lagleg mörk áður en yfir lauk en maðurinn á bak við mörkin var varamaðurinn Alexander Steen sem hressti verulega upp á leik Framara og var maðurinn á bak við flestar sóknarlotur þeirra eftir að hann kom inn.



**HVAÐ ERUÐ ÞIÐ AÐ GERA DRENGIR?** Fylkismenn virtust stundum ekki vita hvað þeir áttu að gera. Valur Fannar og Halldór Hilmisson stíga hér furðulegan dans.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vorum klárlega betra liðið í þessum leik og áttum að vera löngu komnir yfir. En við nýttum ekki færin okkar sem er ekkert nýtt. Við sýndum þó karakter og kláruðum þennan leik eins og menn,“ sagði kátur þjálfari Fram, Ólafur Þórðarson. „Það var margt jákvætt í leiknum. Stóri munurinn á okkar leik er sá að við nýttum loksins færin.“

Kollegi hans hjá Fylki, Leifur Garðarsson, sagði stuðningsmenn Fylkis hafa verið betri en leikmennirnir. „Við virðumst ekki hafa verið klárir í leikinn. Fjalar bjargar okkur þegar hann fengu víti og við komumst svo yfir. Í öllum tilvikum eigum við að klára svona leik en því miður gerðist það ekki.“

- hbg / - esá

**Fram 3-1 Fylkir**

Laugardalsv., áhorf.: 713 — Garðar Örn Hinriksson (9)

*0-1 Valur Fannar Gíslason (51.)*
*1-1 Hjálmar Þórarinsson, víti (60.)*
*2-1 Jónas Grani Garðarsson (73.)*
*3-1 Hjálmar Þórarinsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–9 (9–3) |
| Varin skot | Hannes 2 – Fjalar 6 |
| Horn | 6–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20–24 |
| Rangstöður | 1–3 |

| **FRAM** 4–5–1 | | **FYLKIR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórss. | 6 | Fjalar Þorgeirsson | 8 |
| Óðinn Árnason | 6 | Víðir Leifsson | - |
| Reynir Leósson | 8 | (17. Albert Ingason | 4) |
| Kristján Hauksson | 7 | Kristján Valdimarsson | 5 |
| Andri Karvelsson | 5 | David Hannah | 3 |
| Ingvar Ólason | 5 | Andrés M. Jóhanness. | 4 |
| ***(35. A. Steen** | **8)** | Peter Gravesen | 3 |
| Igor Pesic | 2 | Ólafur Stígsson | 3 |
| Hjálmar Þórarinsson | 7 | Valur Fannar Gíslason | 6 |
| Theodór Óskarsson | 3 | Hermann Aðalgeirss. | 2 |
| (89. Daði Guðm. | -) | Halldór Hilmisson | 5 |
| Jónas Grani Garðars. | 6 | (78. Haukur Ingi G. | -) |
| (89. Kristinn Halld. | -) | Christian Christiansen | 3 |
| Ívar Björnsson | 7 | (58., Páll Einarsson | 2) |

*Maður leiksins

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 6 | 5 | 1 | 0 | 13-3 | 16 |
| **2. VALUR** | **6** | **3** | **3** | **0** | **10-6** | **12** |
| 3. KEFLAVÍK | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-8 | 11 |
| **4. FYLKIR** | **7** | **3** | **2** | **2** | **7-7** | **11** |
| 5. VÍKINGUR | 6 | 2 | 2 | 2 | 6-6 | 8 |
| **6. BREIÐABLIK** | **6** | **1** | **4** | **1** | **7-5** | **7** |
| 7. HK | 6 | 2 | 1 | 3 | 3-9 | 7 |
| **8. ÍA** | **6** | **1** | **2** | **3** | **9-12** | **5** |
| 9. FRAM | 7 | 1 | 2 | 4 | 8-12 | 5 |
| **10. KR** | **6** | **0** | **1** | **5** | **5-12** | **1** |

2 fyrir 1 til
Montreal - Kanada
28. júní
frá aðeins kr. 19.990
Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Montreal 28. júní. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.
Verð kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 28. júní.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, um landsliðsþjálfaramálin:

# Alfreð Gíslason fær nokkrar vikur til að skoða sín mál

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason sagði eftir landsleik Íslands og Serbíu að hann þyrfti tíma til þess að íhuga hvort hann gæti haldið áfram með landsliðið. Ef HSÍ myndi krefjast svars um framhaldið strax yrði svarið nei og líklegast yrði það samt nei eftir nokkrar vikur en hann vildi samt fá tíma til íhuga málið væri það hægt.

Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, segir það ekki vera nokkra spurningu að Alfreð fái sinn tíma til að skoða málið.

„Samningur Alfreðs rennur út um mánaðamótin og hann mun fá 3-4 vikur til að hugsa sinn gang áður en hann gefur okkur endanlegt svar. Það er klár vilji HSÍ að halda Alfreð í starfi landsliðsþjálfara. Hann er búinn að koma okkur til Noregs og mér finnst eðlilegt að hann klári það dæmi,“ sagði Guðmundur sem ber Alfreð einkar vel söguna.

„Alfreð er mjög hæfur þjálfari, ákaflega klár og það er mjög gott að vinna með honum. Leikmenn og þeir sem eru í kringum landsliðið eru allir mjög ánægðir með samstarfið við hann. Þess vegna viljum við endilega halda honum áfram.“



**GUÐMUNDUR GEFUR ALFREÐ UMHUGSUNARFREST** Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, segir sambandið vilja hafa Alfreð áfram í starfi og hann fær drjúgan tíma til að hugsa sinn gang. Þeir sjást hér saman á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðmundur segist vel skilja þá stöðu sem Alfreð sé í og hefur samúð með stöðu Alfreðs. „Ég held að viljinn til að halda áfram sé klárlega fyrir hendi en hann hefur öðrum skyldum að gegna hjá sínu félagi sem er hans aðalstarf og svo er það náttúrulega fjölskyldan. Þetta snýst um hvort hann finni tíma til að sinna starfinu því Alfreð er þannig gerður að hann vill sinna öllu sem hann tekur sér fyrir hendur vel og af samviskusemi,“ sagði Guðmundur Ingvarsson.

- hbg

# TILKYNNING!

## ÓSÓTTAR PANTANIR

### NECCHI® Þungaviktar saum og overlock módel skólavélar

**AÐEINS 4 DAGAR Í KRINGLUNNI**

ÚTSALA Á INNRAUÐUM OFNUM!
Snúið blaðinu við

Fyrsta skipti í Reykjavík
Aðeins 4 dagar

# NECCHI ®

NECCHI®, vörumerki sem hefur í gegnum kynslóðir framleitt evrópskar gæðasaumavélar (síðan 1835), frameiddu á síðastliðnu ári mikið magn af 2007 saum og overlock skólavélum og bíða óþreyjufullir eftir að koma þeim út.
Vegna efnahagsástandsins í Bretlandi þá endaði lager af þeim hér.

## ÞÆR VERÐA AÐ SELJAST!!

Þessar þungaviktar módel skólavélar ERU SMÍÐAÐAR ÚR MÁLMI UPP Á GAMLA MÁTANN TIL ÞESS AÐ ENDAST. ÞÆR ERU GLÆNÝJAR og hafa 25 ára ábyrgð NECCHI®. Þær eru hannaðar til þess að sauma öll efni (án þess að það þurfi að stilla þær sérstaklega) svo sem Levi´s gallaefni, striga, áklæði, nælon, silki, teygjuefni, víníl OG

## ÞÆR SAUMA MEIRA AÐ SEGJA LEÐUR!!

Með hinu innbyggða overlock spori þá saumar þú og overlockar efnið á sama tíma (tvö verk verða eitt). ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ NOTA HNÍF SEM SKER OG SNYRTIR EFNIÐ UM LEIÐ OG ÞÚ SAUMAR. En ólíkt öðrum iðnaðar overlockvélum þá getur þessi vél einnig saumað hnappagöt (hvaða stærð sem er), ósýnilega faldsauma, útsaum, skraut munstur, satínsaum, tvöfalda korselett sauma, saumað á tölur, leðurhanska saum, rúllusaum og fleira! ÁN ÞESS AÐ NOTUÐ SÉU GAMALDAGS KAMBAR EÐA PRÓGRÖMM. Snúið bara skífu og sjáið töfrana gerast.

*Sérstakt* TILBOÐSVERÐ

# 16.900KR.

**TAKMARKAÐ UPPLAG!**

**VERÐ AÐ ÚTSÖLU LOKINNI 43.900 kr.**

Einnig eru í boði aðrar tegundir véla þar á meðal tölvustýrð útsaumsvél á svipuðu verði.

Nú allt í einni vél

**62%**
afsláttur á meðan útsölu stendur.

**Nemendur frá Listaháskóla Íslands sýna nýjustu saumatæknina**

Einnig með 60% afslætti

## STÓRAR FATAPRESSUR

með fullt af ókeypis aukahlutum
– styttu strautímann um helming!

## LÆKKAÐU HITA-REIKNINGINN UM 50%

Hitar allt að 100 fermetra fyrir nokkrar krónur á dag

### INNRAUTT HITAKERFI

SPARNEYTIÐ: Notar minna rafmagn á dag en venjuleg kaffivél.
Risa sparnaður á hitareikningnum þínum

**VERKSMIÐJUSALA**
sparaðu allt að 24.900 KR.



FRÍSTANDANDI
- Stjórnast með hitastilli
- Síar vatnið
- Þriggja ára ábyrgð
- Engin eldhætta
- Jafn hiti í öllu rýminu
- Hættulaust fyrir börn og gæludýr
- Ánægðir viðskiptavinir í meira en 20 ár
- Minnkar ekki raka eða súrefni í andrúmslofti
- Öruggur og þægilegur hiti sem notar litla orku
- Gengur fyrir rafmagni (ekki gasi eða olíu)
- Fyrirferðalítill skápur úr gæðaviði (ekki plasti)
- Stýrðu hitaflæðinu þangað sem þú vilt

AÐEINS ÞESSA FJÓRA DAGA

SAUMAVÉLAÚTSALA!
Snúið blaðinu við

ÚTSÖLUVERÐ
**31.900KR.**

Við tökum reiðufé, ávísanir, Mastercard og Visa.

**Fimmtud. 21. júní, 12:00 – 21:00, föstud. 22. júní, 10:00 – 19:00, Laugard. LOKAÐ**

**Sunnudaginn 24. júní, 13:00 – 17:00, mánudaginn 25. júní, 10:00 – 18:30**

**Í KRINGLUNNI – VIÐ INNGANGINN Í HAGKAUP – ÖNNUR HÆÐ**

## WINONA RYDER

Winona fæddist í Minnesota árið 1971. Foreldrar hennar eru bæði rithöfundar og meðal fjölskylduvina má nefna Aldous Huxley. Þegar Winona var sjö ára flutti fjölskyldan til Kaliforníu og bjó þar í kommúnu ásamt sjö öðrum fjölskyldum. Þar var ekkert rafmagn og ekkert sjónvarp en þrátt fyrir það fékk Winona leiklistarbakteríuna ung að aldri. Winona leikur í Bram Stoker´s Dracula á Stöð 2 kl. 00.35.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON FLÝR Á NÁÐIR ÚTVARPSINS**

## *Notalegheit á eyjunni Naxos*

„Video killed the Radio-Star," sungu The Buggles fyrir allmörgum árum. Þá hafði myndbandstækið hafið innreið sína og fólkið með raddirnar án andlitsins varð að lúta í lægra haldi fyrir spóluvæðingunni. Í bili. Varla var til sá maður sem ekki átti myndbandstæki og gæði myndanna skiptu í raun engu þegar þeim var spólað til baka. Fjölskyldan kom sér bara fyrir í sófanum með örbylgjupopp og horfði á Adda Svakanagg eða Sly murka lífið úr saklausum borgurum eða byssuglöðum Víetnömum.



Í dag er öldin önnur. Vídeóspólan er á undanhaldi og nú er hægt að horfa á myndir af netinu, mynddiskum eða bara beint í gegnum sjónvarpið. Spólan fær varla rönd við reist, hennar dagar eru taldir og hún hefur því komið sér vel fyrir í grafreitnum og bíður þess að verða jarðsungin.

Eflaust hefur vídíóspólan reiknað með að sægur af útvarpstækjum myndi bíða hennar en texti The Buggles virðist ekki á rökum reistur. Meintur morðingi útvarpsstjörnunnar er nefnilega einn í kirkjugarðinum en fórnarlambið lifir góðu lífi.

Orson Welles hefur vafalítið verið einn þeirra fyrstu sem sýndi fram á áhrifamátt útvarpsins þegar hann fékk íbúa New York og New Jersey til að flýja út á götur með uppfærslu sinni af War of the Worlds. Útvarpið hefur nefnilega alveg ótrúlega myndrænan mátt sé efnið sett fram á réttan hátt. Til að mynda hafa síbyljustöðvarnar í raun ekkert fram að færa hvað þróun útvarpsins varðar; þar eru bara flutt skilaboð um hvaða lög séu vinsælust, hvað klukkan sé og hvaða pitsutegund á að gefa næst.

En sem betur fer höfum við Rás 1. Þar lifir myndin góðu lífi. Þannig séð miklu betra lífi en hjá sjálfu sjónvarpinu sem keppist við að elta einkareknu stöðvarnar í staðinn fyrir að skapa sér sérstöðu þeirra á meðal. Og því til staðfestingar hef ég aldrei komist nær því að vera á Grikklandi heldur en þegar Bergþóra Jónsdóttir lýsir lífi sínu á eyjunni Naxos á laugardögum.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Njósnadeildin SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** The Shield STÖÐ 2



▶ **20.00** The Stepford Wives STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40** Kitchen Confidential SIRKUS



▶ **21.00** Design Star SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (3:16) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (1:26)
**18.30 Váboði** (1:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Everwood** (18:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams.
**20.50 Lithvörf** (3:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í þessum þætti er rætt við Sigurð Örlygsson olíumálara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson. e.
**20.55 Er hnatthlýnunin gabb?** Bresk heimildamynd þar sem vísindamenn færa rök fyrir því að hnatthlýnunin sem orðin er staðreynd sé ekki af mannavöldum. Nánari upplýsingar um myndina er að finna á vefslóðinni http://www.channel4.com/science/microsites/G/great_global_warming_swindle/index.html
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Njósnadeildin** (9:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Lögmál Murphys** (2:6) e.
**00.15 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Stepford Wives**
**08.00 De-Lovely**
**10.05 You Got Served**
**12.00 The Truman Show**
**14.00 De-Lovely**
**16.05 You Got Served**
**18.00 The Truman Show**
▶**20.00 The Stepford Wives** Bráðskemmtileg og gráglettin gamanmynd með lúmskum ádeilubroddi. Aðalhlutverk: Bette Midler, Glenn Close. Bönnuð börnum.
**22.00 Beyond Borders**
**00.05 Prophecy II**
**02.00 Real Cancun**
**04.00 Beyond Borders**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Kalli á þakinu**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (72:114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (31:36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (21:23)
**14.40 According to Bex** (1:8)
**15.15 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Tvíburasysturnar** (2:22)
**16.15 Batman**
**16.40 Horance og Tína**
**17.05 Shin Chan**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (8:21)
**20.05 Extreme Makeover: Home Edition** (2:32) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni.
**21.30 Las Vegas** (9:17)
▶**22.15 The Shield** (2:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt. Stranglega bönnuð börnum.
**23.05 Twenty Four** (22:24) Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Cold Case** (20:24) Lilly Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu og hefur þarft verk að vinna. Bönnuð börnum.
**00.35 Bram Stoker´s Dracula** (e)
**02.40 Extreme Makeover: Home Edition** (2:32)
**04.00 The Shield** (2:10)
**04.45 Simpsons** (8:21)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Arrested Development** (16:18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni.
▶**20.40 Kitchen Confidential** (5:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á: eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times. Jack ræður gamla vini sína í vinnu og munu þau reyna allt til þess að hjálpa honum að ná takmarki sínu með hlæginlegum afleiðingum.
**21.10 Young Blades** (7:13) Spennandi þáttaröð þar sem söguviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum.
**22.00 Men In Trees NÝTT** (1:17) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Hehce leikur sambandasérfræðing og kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni.
**22.45 Pirate Master** (3:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvörusjóræningjaskipi. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.35 Pussycat Dolls Present: The Search** (7:8) (e)
**00.25 Entertainment Tonight** (e)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.30 Vörutorg**
**16.30 On the Lot** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 All of Us** (5:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.30 How Clean is Your House** Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð. Kim og Aggie heimsækja fegurðardís sem er með allt í drasli heima hjá sér.
▶**21.00 Design Star** (2:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Þeim níu hönnuðum sem eftir eru er skipt í þrjú lið og þau fá einn sólarhring og tvö þúsund dollara til að endurhanna þrjú herbergi í húsi sem hefur verið til sölu í tæpt ár.
**22.00 Angela's Eyes** (4:13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Angela reynir að koma í veg fyrir að feðgar fari ránshendi um íþróttahöll. Hún kemst svo að því að hún gæti bjargað lífi móður sinnar með því að gefa henni beinmerg.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Runaway (e)** Ný bandarísk spennusería í 9 þáttum um fjölskylduföður á flótta með alla fjölskylduna eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Fjölskyldan verður að fara huldu höfði og vera skrefinu á undan lögreglunni og hinum rétta morðingja. Hún sest að í smábæ í Iowa og tekur upp nýtt nafn. Aðalhlutverkin leika Donnie Wahlberg og Leslie Hope.
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**Bandarísk unglingasería.**
**02.40 Vörutorg**
**03.40 Óstöðvandi tónlist**


ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

FALIN MYNDAVÉL Á ÍSLENSKUM SÚLUSTÖÐUM

ER VÆNDI STUNDAÐ Á ÍSLENSKUM SÚLUSTÖÐUM?
ÍSLAND Í DAG HELDUR ÁFRAM AÐ FJALLA UM MÁLIÐ.

**ÍSLAND Í DAG KL. 18:18**



skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Extreme Makeover: Home Improvement



Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. Í þætti kvöldsins byggir teymi hans nýtt heimili handa hermanni sem missti fótlegg í Írak. Heimilið verður sérstaklega hannað með sérþarfir hans í huga.

### ▶ Við mælum með Er hnatthlýnunin gabb? Sjónvarpið kl. 20.55

Bresk heimildarmynd þar sem vísindamenn færa rök fyrir því að hnatthlýnunin, sem er staðreynd, sé ekki af mannavöldum. Í myndinni er því haldið fram að loftslagsbreytingar á jörðinni komi losun koldíoxíðs ekkert við og að áróður fyrir því að draga úr losuninni verði helst til þess að stöðva þróun í þriðja heiminum og viðhalda þar fátækt og sjúkdómum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Valsakóngurinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.10** Hvítu svingdívurnar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.55 PGA Tour 2007 - Highlights** (US Open) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

**19.45 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - Valur)

**22.00 Sænsku nördarnir** Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar. Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að loka leiknum við besta lið Svíþjóðar. Þættirnir hafa farið sigurför um Norðurlöndin.

**22.45 Götubolti** (Streetball) Þáttur um körfubolta þar sem þrír leika á móti þremur á eina körfu. Snillingar í greininni ferðast vítt og breitt um Bandaríkin þar sem þeir leika listir sínar.

**23.10 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - Valur)

**01.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (NBA 2006/2007 - Finals games)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Cirkus Dannebrog **7.00** En rejse blandt svenske haver **7.30** Skibsreder på høje hæle **8.00** Startskud i Frilandshaven **8.30** Iværksætterne **9.00** En dag i haven **9.30** Søren Ryge direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Vagn på vejen **10.40** Vildmark **11.10** Jomfruland året rundt **11.50** Fest ved fjorden **12.20** Min store drøm **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazon-junglen **15.30** Anton, min hemmelige ven - i Zoo **16.00** Når elefanten flytter hjemmefra **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Miss Marple **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Truslen fra solen **20.55** Seinfeld **21.20** En ud af en million **4.30** Karlsson på taget **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** Der var engang **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Norsk på norsk **7.30** Jukeboks: Ekstremvær **8.05** Ulla-Britas bragd **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Sinbads fantastiske reiser **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Fra loft og kjeller **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Piano Pianissimo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** 21 år - født i Sovjetunionen **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Emily? **22.25** Notodden-blues **23.15** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Jukeboks: Autofil

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **10.55** Jag träffade Urho Kekkonen **12.35** Magistrarna på sommarlov **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Vid Ladogas stränder **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Elizabeth I **20.45** Rapport **20.55** Six Feet Under **21.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Mér finnst alltaf best að fara á pylsuvagninn í Laugardal. Þar fæ ég mér pylsu með kartöflusalati, tómatsósu og hráum lauk í bland við sterka sinnepsblöndu. Svo drekk ég kókómjólk með.*

Óskar Arngrímsson, trommari í hljómsveitinni Lokbrá.

# Hreiðurgerð í þvottahúsi

Maríuerlur hafa hreiðrað um sig í þvottahúsi einu í Norðlingaholti og búa sig nú undir að koma fjórum ungum á legg. Evu Dögg Sigurgeirsdóttur brá í brún þegar hún sá þessa leynigesti sem höfðu komið sér vel fyrir á meðan hún var í burtu. „Við erum allt í einu orðin tíu manna fjölskylda hérna í Norðlingaholtinu ef fuglafjölskyldan er talin með. Ég hef ekki notað þvottahúsið mitt mikið að undanförnu þar sem ég bý að miklu leyti hjá kærastanum og því hafði fuglinn nægan tíma. Okkur brá í brún og vorum handviss um að rotta eða mús hefði komið sér fyrir í þvottahúsinu en létti þegar við sáum maríuerluna fögru,“

Eva Dögg býr á annarri hæð og segir því enga hættu vera á að köttur eða annar óboðinn gestur raski ró fuglanna. „Okkur fannst svo sætt að fuglinn hefði komið sér þarna fyrir að við ákváðum í fyrstu að leyfa honum bara að vera. Ég hringdi svo í Húsdýragarðinn til að athuga með þetta því það kemur nú lús af þessum fuglum og mér var þá ráðlagt að henda bara hreiðrinu. Ég hafði nú alls ekki brjóst í mér að gera það. Að lokum ákváðum við að færa hreiðrið og hætta á það að fuglinn myndi ekki koma aftur en þeir voru fljótir að taka nýja staðinn í sátt og sitja glaðir á eggjunum.“ Sara Ísabella Guðmundsdóttir, dóttir Evu er átta ára og eins og við er að búast var hún ekkert nema glöð yfir nýju fjölskyldumeðlimunum. „Fuglinn gerði hreiður ofan á töskunni minni,“ sagði hún og sagðist hlakka til að sjá ungana koma úr eggjunum.

- bor



**SARA ÍSABELLA GUÐMUNDSDÓTTIR** Hún hafði ansi gaman af því að fuglinn skyldi gera hreiður á töskunni hennar.



**HREIÐUR** Maríuerlurnar hreiðruðu um sig uppi á hillu í þvottahúsinu.



**LÁRÉTT 2.** eyja í asíu **6.** tveir eins **8.** ögn **9.** ránfugl **11.** átt **12.** raun **14.** umstang **16.** mannþvaga **17.** keyra **18.** fljótfærni **20.** bogi **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** sparsöm **3.** frá **4.** vindbólstur **5.** flýti **7.** fjölmiðlar **10.** gagn **13.** nudda **15.** kvenklæðnaður **16.** pappírsblað **19.** gylta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** pp, **8.** fis, **9.** örn, **11.** na, **12.** reynd, **14.** stúss, **16.** ös, **17.** aka, **18.** ras, **20.** ýr, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** spör, **3.** af, **4.** vindský, **5.** asa, **7.** pressan, **10.** nyt, **13.** núa, **15.** sarí, **16.** örk, **19.** sú.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hrafnkell Tjörvi Stefánsson.
2. Söngvar Satans.
3. Real Madrid.

**Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.**
Filmuprentarar, bleksprautuprentarar, kassaprentarar laserprentarar, límmiðaprentarar og álímingarvélar.



**Vélmark ehf.**
upplýsingar í síma: 445-9930.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**CARMEN** Segist ekki hafa enn fengið greitt fyrir starf sem viðburðastjóri hjá Flass.net.

## FL MEDIA: SAKAÐ UM AÐ STANDA EKKI VIÐ LAUNAGREIÐSLUR

# Fyrrverandi starfsmenn Flass.net íhuga lögsókn

„Þeir skulda mér 350 þúsund krónur með dráttarvöxtum,“ segir Carmen Jóhannesdóttir fyrrverandi viðburðastjóri hjá FL Media, sem á og rekur útvarpsstöðina og viðburðafyrirtækið Flass.net. Carmen segir að fyrirtækið hafi ekki greitt sér laun sem hún á inni hjá því. „Okkar leiðir lágu ekki saman og við skildum í góðu. Mér var hins vegar lofað greiðslum en þær hafa aldrei borist,“ útskýrir Carmen, sem hefur leitað ráða hjá lögfræðingum en verið ráðlagt að láta málið niður falla því það myndi aldrei svara kostnaði.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á sunnudaginn er stál í stál milli hljómsveitarinnar XXX Rottweilerhundar og Óskars Axels Óskarssonar, markaðsstjóra FL Media. Hljómsveitin segir fyrirtækið ekki hafa staðið við umsamdar greiðslur fyrir tónleikahald. Sveitin hefur því stofnað heimasíðu undir nafninu oskaraxelskuldarpening.blogspot.com og krefst greiðslu.

„Við höfum ekki fengið greiddan helminginn af því sem við áttum að fá borgað fyrir þrenna tónleika með Basshunter,“ segir Erpur Eyvindarson, úr XXX Rottweiler. Óskar Axel og Ómar Vilhelmsson, framkvæmdastjóri flass.net, vísuðu þessu alfarið á bug á sunnudaginn og sögðu Erp sjálfan hafa fengið hundruð þúsunda. Vel gæti verið að einhverjar greiðslur væru útistandandi en það væru ekki háar upphæðir „Við spiluðum á Blood Hound Gang og fengum greitt fyrir það, ég skrifaði í Flass-blaðið og fékk greitt fyrir það. En fyrir Basshunter-tónleikana höfum við ekki fengið greitt,“ útskýrir Erpur.

Magnús Árni Gunnarsson, sem nýverið sagði upp starfi tónlistarstjóra hjá Flass.net, segir fyrirtækið einnig skulda sér laun upp á rúmar fjögur hundruð þúsund krónur. „Þetta er mjög leiðinlegt fyrir mig því ég var búinn að leggja mikla vinnu í þetta fyrirtæki,“ segir Magnús sem hefur ekki fengið að sjá neina launaseðla þrátt fyrir að hafa rekið á eftir þeim. Hann íhugar nú að höfða mál á hendur fyrirtækisins og sagðist vera ráðfæra sig við lögfróða menn.

Ómar Vilhelmsson, framkvæmdarstjóri Flass.net, sagði í samtali við Fréttablaðið að umræddir aðilar ættu að skrifa reikninga og þeir yrðu þá greiddir. Magnús sagðist hins vegar alltaf hafa samið um að vera launþegi og allar greiðslur frá útvarpsstöðinni hefðu verið lagðar beint inn á reikning hans. Carmen segist hafa sent inn reikning og gefið þeim tækifæri þegar fyrirtækið var í kröggum en nú væri sá tími liðinn. „Við erum með þessi mál í skoðun og þau eru öll í réttum farvegi,“ segir Ómar.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓMAR VILHELMSSON** Segir fólki að senda reikninga og þá fái það greitt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Einar Bárðarson** varð fyrir því óláni nýverið að gsm-símanum hans var stolið en vafalítið er það sá farsími inniheldur hvað flest númer hjá besta tónlistarfólki landsins. Ef til vill var það kannski lán í óláni að stuldurinn átti sér stað á Kastrup-flugvelli og því gengur lánsamur Dani sennilega um Kaupmannahöfn með síma, fullan af númerum fræga fólksins á Íslandi, án þess að hafa hugmynd um það.



**Hugleikur Dagsson** er þekktur fyrir svartan húmor í bókum sínum og lætur lítið framhjá sér fara. Hann birtir í nýjustu bók sinni, Ókei bæ!, hárbeitta háðsdeilu á talsetningu Simpsons-myndarinnar. Þar má sjá engla guðs fagna því að þátturinn sé á dagskrá sjónvarpsins um kvöldið og þar neðra, hjá Satan sjálfum, er sama uppi á teningnum nema með íslensku tali.



Íþróttafréttamaðurinn **Hörður Magnússon** var frægur fyrir hæfileika sína fyrir framan mark andstæðinga sinna á árum áður. Og hann er ekki síður orðheppinn maður eins og áhorfendur Sýnar hafa oftar en ekki fengið að kynnast. Hörður lýsti leik Real Madrid og Mallorca á sunnudagskvöld þar sem **David** nokkrum **Beckham** gafst tækifæri til að kveðja lið sitt með titli. Uppi í stúku sat síðan auðvitað **Viktoría Beckham** ásamt leikarahjónunum **Katie Holmes** og **Tom Cruise**. Þegar myndavélarnar beindust að stjörnufansinum fannst Herði hann réttilega þekkja smávaxna leikarann og sagði: „Þarna er Tom Cruise. Það eru sumir sem halda að hann sé geimvera.“





# Hvað er að frétta?

Við tæklum sportið_



www.visir.is

# Grenivík eignar sér Ægissíðu

„Ég var alveg viss um að þetta væri með tveimur essum. Þetta eru bara mín mistök,“ segir tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson um lagið Ægissíða, sem er misritað á nýjustu plötu hans Hagamelur.

Jóni var bent á mistökin á tónleikum sínum á Grenivík á dögunum þar sem gatan Ægissíða liggur um bæinn. Þar í bæ er hún aftur á móti skrifuð með tveimur essum. Þess má jafnframt geta að húsið Hagamelur er einnig til á Grenivík, sem gerir tenginu plötunnar við bæjarfélagið ennþá merkilegri.

„Þeir eru að reyna að eigna sér lagið og það er hið besta mál. Ég hef bara aldrei labbað fjöruna þar. Þetta gerir það kannski að verkum að fleiri geta tekið þetta til sín, þessa gönguferð mína um Ægisíðuna,“ segir Jón. „Þetta er eitthvað sem enginn hafði minnst á fyrr en á Grenivík. Ég held að Reykvíkingar séu kannski ekki með það á hreinu hvernig á að skrifa Ægisíða.“

Jón leggur til að í stað þess að fimm þúsund eintök af plötunni verði innkölluð bregðist Reykjavíkurborg við mistökunum með því að skipta um götuskiltin sem merkt eru Ægisíða. Þannig verði málið leyst á afar farsælan hátt.

Hagamelur hefur verið söluhæsta plata landsins að undanförnu og er Jón vitaskuld hæstánægður með það. „Þetta er mjög gaman en eftir því sem árunum fjölgar kippir maður sér minna upp við þetta. Nú er það mitt mál að halda disknum gangandi út sumarið og helst reyna að láta hann svífa yfir í jólatraffíkina,“ segir hann.

Jón, sem hélt útgáfutónleika í Iðnó fyrir skömmu, er kominn í nokkurra vikna frí en heldur síðan ótrauður áfram með tónleikahald síðar í sumar.

-fb



**JÓN ÓLAFSSON** Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson stafsetti Ægisíðu vitlaust á nýjustu plötu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



UPPSELT!
AUKATÓNLEIKAR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR
THE WALL
STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
FIMMTUDAGINN 28. JÚNÍ KL. 19.30
AUKATÓNLEIKAR
Eitt mesta stórvirki rokksögunnar í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar og Dúndurfrétta, sem áður hafa slegið rækilega í gegn með vönduðum flutningi á mörgum rokkperlum.
FÖSTUDAGINN 29. JÚNÍ KL. 19.30
UPPSELT
Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Útsetningar ::: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12
Á WWW.SINFONIA.IS
MIÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS
Fíton/SÍA FI021765
FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
RÁS 2
VÍKING LÉTTÖL

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# Sjálfsmyndin í hestöflunum

Börn eru undarleg fyrirbæri. Stundum hefur hvarflað að mér að fegurð þeirra og töfrar komi og fari með barnatönnunum. Áður en í þær glittir heilla þau fáa aðra en nánustu ættingja. Þegar síðasta barnatönnin dettur úr eru börnin yfirleitt orðnir unglingar, sem er allt annað og leiðinlegra fyrirbrigði en börn.

**BÖRN** hafa lengi verið talin full af fyrirheitum um betri veröld. Þau eru skemmtileg og hugsandi. Foreldrar hafa frá örófi alda séð í þeim allt sem þau hefðu getað orðið. Þjóðfélagið sér í þeim öflugri skattgreiðendur en foreldra þeirra. Það er engin tilviljun að skyndimyndir í blöðum eru nær undantekningalaust prýddar börnum. Þau virðast einfaldlega svo miklu fallegri og betri en aðrir þegnar samfélagsins.

**Á** þessu virðist þó ætla verða breyting. Nú virðast börn ekki gera annað en berja hvort annað og valda ólátum. Allt er að farast. Eina ferðina enn. Ætla má að krakkar vorra tíma geri vart nokkuð annað en skera sig í hendur og henda eggjum í hvert annað. Sveiattan. Það var einhvern veginn allt annað og betra líf í Borgarfirði þegar ég var að alast upp. Þá tókum við líkamsmeiðingar okkar nefnilega ekki upp og enginn fullorðinn sjónvarpsáhorfandi gat dæst af fyrirlitningu.

**„BÖRN** nú á tímum eru harðstjórar. Þau standa uppi í hárinu á foreldrum sínum. Gleypa í sig matinn og eru hortug við kennara sína.“ Þessa speki hefði ég getað látið frá mér fara en annar vitrari maður var fyrri til. Ummælin eru nefnilega eignuð Sókratesi, sem var uppi nokkuð á undan Kristi.

**ÉG** hef ekki mikla trú á uppeldisráðum. Sumir vilja hafa börn öguð, aðrir vilja leyfa þeim að njóta ægilega mikils frelsis. Eina uppeldisráðið sem ég myndi vilja gefa er að fullorðnir myndu vinna að því að fylla börn af jákvæðni og trú á sitteigið ágæti.

**ÞAÐ** veit ég að þeir karlar sem skemmtu sér á Bíladögum á Akureyri við að spóla þar til kviknaði í dekkjunum á bílunum þeirra höfðu ekki nægt sjálfstraust. Það hefur fólk sem bindur sjálfmynd sína í hestöflum og upphækkunum yfirleitt bara alls ekki. Ég gruna svo alla, svokallaða veiðimenn, um að vera sígrenjandi úti í móa með byssu í hendi yfir því að einhver var vondur við þá þegar þeir voru enn minni manneskjur í sentímetrum talið.

**ÞÓ** svo að heimurinn sé nú á vonarvöl vegna vondra barna hafa foreldrar aldrei haft jafn mikið vald yfir því hvernig afkvæmi þeirra verður. Gölluðum fóstrum, eða fóstur sem gætu orðið manneskjur með Downs, er nánast alltaf eytt í dag. Börn sem ekki eru iðin á skólabekk heldur stefna í að verða verkafólk eru heldur ekki fín eign. Það er huggun harmi gegn að nú er hægt að fá afsakandi kerfisstimpil á þau.

**SÍÐAR** verður foreldrum ef til vill einnig gefinn kostur á að komast hjá því að eignast afkvæmi sem miðar sjálfmynd sína við það hve fljótt það er að stinga lögguna af.

NÚ ER
RÉTTI TÍMINN
TIL AÐ SKIPTA
Keyrðu inn í sumarið á nýjum Sorento

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



KIA Sorento – fullbúinn alvörujeppi
3.645.000 kr.
Með 5 þrepa sjálfskiptingu.

KIA Sorento með ríkulegum staðalbúnaði
- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið og þokuljós
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

Sumarpakki
Dráttarbeisli, sumar- og vetrardekk innifalin í verði

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.
KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is